

Húsakönnuní Dalvíkurbyggð, hús byggð fyrir 1950
(IIV áfangi, í Svarfaðardal)



Háls	íbúðarhús 1939	(Fastanúmer: 215-4562/ Landnúmer: 151365).
	fjós 1933	(Fastanúmer: 215-4562/ Landnúmer: 151365).
	hlaða 1935	(Fastanúmer: 215-4562/ Landnúmer: 151365).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Þorsteinn Þorsteinsson. Tún 9,2 ha, harðlent og leirkennt á köflum. Véslægt að $\frac{3}{4}$ hitt greiðfært. Töðufall 5 síðustu ára um 282 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 117 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 3 karlmenn, 2 stúlkur og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 13 manns. Húsakostur, íbúðarhús steinsteyppt með pappapakki, ein hæð, ris og kjallari. Stærð 12 x 8,6 x 7,2 m. Kjallari 7 herbergi/geymslur. Hæð 8 herbergi/geymslur. Loft óþiljað. Húsið innanbyggt að nokkru af gömlum við. Miðstöð frá katli og eldavél. Húsið vandað.



Fjós fyrir 12 kýr steinsteyppt með járnþaki. Haughús 70 m³ steinsteyppt með járnþaki. Safnþró eða þvaggryfja 30 m³ steinsteyppt með járnþaki. Hesthús fyrir 4 hesta út torfi, sæmilegt. 5 fjárhús fyrir 120 kindur úr torfi, allstæðileg. Hlaða 300 m³ byggð 1935 úr steinsteypu með járnþaki. 3 hlöður 250 m³ úr torfi, gamlar.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í nóv. 1939. eigandi Þorsteinn Þorsteinsson).

Íbúðarhús úr tvöfaldri járnþentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris með borða og pappapakki. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum í 7 herbergi og gang með uppgöngu á hæðina. Steingólf. Aðalhæð skipt með steinsteypu skilrúmum í 8 herbergi og gang. Gólf og loft úr timbri. Öll herbergi fullgerð og máluð. Stærð: 12,0 x 8,6 x 7,2 m.



Byggðir Eyjafjarðar 1970 (II bindi)

Byggingar: Íbúðarhús byggt 1939 – 1940, hæð og kjallari. 659 m³; fjós fyrir 12 kýr, fjárhús fyrir 300 fjár, hlöður fyrir um 700 h. Allt byggingar úr steinsteypu.

Byggðir Eyjafjarðar 2010

Eins og nafnið bendir til stendur bærinn norðanvert í Hámundarstaðahálsi, skammt vestan Þjóðveggar og er víðsýnt af bæjarstæðinu til vesturs og norður Eyjafjörð. Tún eru beggja vegna Þjóðveggar. Neðan bæjar fellur Hálsá úr Hálsdal en land tilheyrandi Hálsi er einnig vestan Hálsár og að sjó. Fjarlægð til Dalvíkur er 4,3 km.

Byggingar: Íbúðarhús á tveimur hæðum byggt 1939, 206 m², íbúð í risi byggð 1995, 74 m², fjárhús byggð 1952 og 1966 359 m², hlöður byggðar 1951 og 1976 251 m², geymslur byggðar 1935 (áður fjós og hlaða) 124,0 m²

Svarfdælingar I bindi bl. 15

Getið er um Háls í Bolla þætti Bollasonar, sem á að gerast í byrjun 11. aldar og er talinn búa þar Þorsteinn Hellu-Narfason. Hálfkirkja var á Hálsi fram um miðja 15. öld, en lagðist þá af.

Þorsteinn Elías Þorsteinsson bjó ásamt konu sinni Jófríði Þorvaldsdóttur frá Hellu á Hálsi 1917 til 1966, frá 1918 til 25 í tvíbýli við Gunnlaug bróður sinn, en



síðan á allri jörðinni og eignaðist hana eftir Jón fóstura sinn. Bætti hann jörðina á ýmsan veg og byggði steinhús um 1939. Íbúðarhús úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris með borða og pappabaki. Þorsteinn var mjög góður smiður og var sérstaklega eftirsóttur báta- og skipasmiður. Eftir að þau hjón brugðu búi dvöldu þau hjá dóttur sinni Guðrúnu og tengdasyni til æviloka.

Þorvaldur sonur Þorsteins og Jófríðar tók að nokkru við búi af föður sínum 1966 og bjó að þriðja hluta. Friðrik Magnússon kvæntist Guðrúnu, elstu dóttur Þorsteins og Jófríðar 1945. Þau voru bræðrabörn. Þau bjuggu á Bragholti frá 1948 til 1966 en fluttu þá að Hálsi og tóku við búi, og bjuggu félagsbúi með Þorvaldi bróður Jófríðar. Núverandi eigandi jarðarinnar er Arnfríður, dóttir Friðriks og Jófríðar. Hún tók við hluta búsins árið 1985 og bjó í félagi við foreldra sína til 1995 en tók að fullu við búi ásamt sambýlismanni sínum Sigurði Helga Hreinssyni.

Fljótlega eftir að húsið er byggt er sett bárujárn á þakið. Þegar Arnfríður tekur við búi á Hálsi lætur hús innrétt íbúð á rishæð hússins. Við það tækifæri er skipt um þak, risið hækkað og settir kvistir með einhalla þaki bæði á vestur og austurhlíð þaks. Einnig var skipt um alla glugga hússins en útlit þeirra látið halda sér eins og þeir voru.

Norðan við íbúðarhúsið stendur geymsla sem áður var fjós, byggt 1933 (Fastanúmer: 215-4562) fyrir 12 kýr steinsteypt með járnþaki. Haughús 70 m³ steinsteypt með járnþaki. Safnþró eða þvaggryfja 30 m³ steinsteypt með járnþaki. og hlaða, byggð 1935 (Fastanúmer: 215-4562) 300 m³ úr steinsteypu með járnþaki. Þessari byggingu er vel við haldið og lítið breytt frá upphafi. Gróskulegur garður er í kringum íbúðarhúsið með hávöxnum greni og birkitrjám.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1917-1974	Þorsteinn Elías Þorsteinsson Jófríður Þorvaldsdóttir	Guðrún Jónína (1917) Þorsteinn (1919) Áslaug (1920) Þorvaldur (1923) Soffía (1925) Jón (1928) Anna Jóhanna (1931) Guðmundur (1934) Gerður (1936)
1966	Þorvaldur Þorsteinsson	
1966-1995	Friðrik Magnússon (d:2003) Guðrún Jónína Þorsteinsdóttir	Þorsteinn (1945) Magnús (1947) Sveinn Jóhann (1952) Arnfríður (1961)
1985 og enn 1995 og enn	Arnfríður Friðriksdóttir Sigurður Helgi Hreinsson	Friðrik Hreinn (1996)

Hrísar íbúðarhús 1934	01 0101	(Fastanúmer: 215-4562/ Landnúmer: 151365).
Bílskúr 1946	02 0101	
Vélageymsla 1946	03 0101	
Fjós 1949	04 0101	
Svínahús 1941	05 0101	
Hlaða 1946	06 0101	
Haughús 1946	07 0101	
Mjólkurhús 1946	08 0101	

Fasteignarmat 1940

Eigandi Árni Antonsson og ábúandi er Árni Antonsson og Ólafur Antonsson. Tún 7,5 hestburðir, góð jarðvegur fremur ófrjór. Töðufall 5 síðustu ára um 220 hestburðir. Áhöfn 7 kýr, 122 kindur og 4 hross. Fólki og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 4 hross. Fjöldi fólks á heimili er 11 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 úr steinsteypu á kjallara, ein hæð, flatt járnþak. Stærð: 10,0 x 7,7 x 6,0 m. Útibygð forstofa úr steinsteypu. Stærð: 3,0 x 2,0 x 5,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959.(virðing í maí 1936. eigandi Árni Antonsson).

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu, kjallari og ein hæð með flötu hallandi bárujárnþaki. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum í fimm herbergi og uppgöngu á aðalhæð. Steingólf. Aðalhæð skipt með timbur skilrúmum í fjögur herbergi og bakdyra forstofu. Timburgólf. Hæðin innanbyggð að fullu máluð eða veggfóðruð og kjallari að mestu. Stærð: 10,0 x 7,7 x 6,0 m.

Við húsið er útbýgging úr sama efni notuð fyrir forstofu aðalhæðar og inngangar í kjallara. Stærð: 3,0 x 2,0 x 5,0 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959.(virðing í jan. 1950 eigandi Árni og Óli Antonssynir).

Fjós byggt úr tvöfaldri steinsteypu með reiðingstróð. Þak úr borðum klætt tjörupappa. Í fjósinu er loft klætt asbestplötum. Gólf steinsteyppt milligerði úr járni. Í öðrum enda fjóssins er afþiljað steypuskilrúm í þrjú hólf, kælklefi, kólfastía og vélaherbergi. Stærð: 16,0 x 10,0 x 4,0 m. Áfast fjósinu er byggð heyhlaða steinsteyppt með þaki úr asbestplötum á langböndum útbúinn með súgþurkun. Stærð: 15,6 x 5,2 x 5,0 m.

Svarfdælingar I bindi bl. 39

Hrísar er getir í Valla-Ljótssögu vegna bardaga er þar varð í grennd, en annars ekki getið fyrr en í skrá yfir Möðruvallaklaustursjarðir frá 6. nóv. 1447. Klaustrið átti síðan jörðina, þar til konungsvaldið hrifsaði til sín allar klaustraeignir um miðbik 16. aldar. Síðar varð jörðin landssjóðsjörð á 19. öld, en komst loks í einkaeign á fyrsta tug 20. aldar, er Björn Arnþórsson keypti hana. En um 1920 keyptu þeir Hamarsbræður, Árni og Óli Antonssynir, jörðina og áttu hana þar til Ingvi Antonsson, bróðursonur þeirra, keypti hana 1968. Eftir jarðskjálftann 1934 byggja þeir bræður



Árni og Óli íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu, kjallari og ein hæð með flötu hallandi bárujárnþaki. Ingvi og kona hans, Valgerður Guðmundsdóttir áttu Hrísar og bjuggu þar til 1975 þegar Dalvíkurkaupstaður keypti jörðina af þeim. Árið 1973 lætur Ingvi byggja rishæð, úr timbri með porti og háu risi og tveimur riskvistum, ofan á íbúðarhúsið. Eftir að Ingvi og Valgerður selja Hrísar og flytja til

Dalvíkur tekur Sigurður Jóhannsson og kona hans Jóna Garðarsdóttir jörðina á leigu af Dalvíkurbæ árið 1976 og búa þar til ársins 1988 en flytja þá til Dalvíkur. Þá taka núverandi ábúendur, þau Skarphéðinn Pétursson og Anna Baldvina Jóhannesdóttir, við búsetu á Hrísum og kaupa íbúðarhúsið og útihúsin af Dalvíkurbyggð en sveitarfélagið á jörðina eftir sem áður.

Í kringum aldamótin síðustu hófust þau Skarphéðinn og Anna handa við að lagfæra íbúðarhúsið á Hrísum. Þau létu skipta um alla glugga, í nokkrum áföngum, og hinir nýju gluggar eru smíðaðir í sama útliti og þeir sem fyrir voru en það voru upphaflegu gluggarnir. Einn gluggi á austurhlíð hússins var klæddur af en þar höfðu verið bakdyr í upphafi sem síðar voru gerðar að glugga. Árið 2007 létu þau síðan einangra allt húsið að utan og klæða neðri hlutann með bárujárnri en risið með liggjandi panel.



Tímabil	Eigenda og íbúaskrá	
	Eigendur, íbúar	Börn
1920-1968	Árni Antonsson Freyja Þorsteinsdóttir	
1920-1968	Óli Friðrik Antonsson	
1920-1967	Petra Antonsdóttir	
1968-1975	Ingi Björn Antonsson Valgerður Guðmundsdóttir	Guðmundur (1958) Petra (1959) Anton (1961) Bjarnveig (1962)
1975-1996	Dalvíkurkaupstaður	
1976-1988	Sigurður Jóhannsson Jóna Garðarsdóttir	Rósa María (1966) Friðjón (1967) Gunnlaug Ósk (1969) Sigurbjörg Helga (1974)
1988 og enn	Skarphéðinn Pétursson Anna Baldvina Jóhannesdóttir	Birna Blöndal (1969) Kristján Már Ólafsson (1973) Jóhannes Bjarmi (1976) Pétur (1982)

Hamar íbúðarhús 1936 (Fastanúmer: 215-5676 / Landnúmer: 151922).
geymsla 1936 (Fastanúmer: 215-5677 / Landnúmer: 151922).
geymsla 1936 (Fastanúmer: 215-5678 / Landnúmer: 151922).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Gunnlaugur Þorsteinsson. Tún 5,0 ha, grunnt á grjót og möl á köflum. Að mestu vélslægt. Töðufall 5 síðustu ára um 190 hestburðir. Áhöfn 5 kýr, 53 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 ½ karlmenn, 1 ½ kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggt 1930 úr timbri á steinsteyptum kjallara. 1 hæð með lágu risi. Járnpak, útveggir klæddir tjörupappa. Miðstöð. Stærð húss 7,5 x 6,3 x 6,25 m. 189 m³.



Geymsluhús úr torfi og timbri. Stærð 7,0 x 3,8 x 3,3 m. 94 m³

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í des. 1935. eigandi Gunnlaugur Þorsteinsson).

Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum kjallara, ein hæð með lágu risi. Borð og pappapak klætt bárujárni. Útveggir klæddir tjörupappa. Kjallara skipt með timbri og steinsteypu skilrúmunum í tvær geymslur, óinnanbyggðar, tvö innanbyggð herbergi forstofa og stigagang. Steinsteypt gólf í kjallara, klædd timbri í tveimur herbergjum. Hæðinni skipt með timbur skilrúmunum í fjögur herbergi og gang, innanbyggð að fyllu máluð og veggfóðruð. Risið óinnanbyggt, notað til geymslu. Stærð: 7,5 x 6,3 x 6,25 m.

Fjós áfast íbúðarhúsinu úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu með bárujárnsþaki. Stærð: 8,0 x 5,0 x 3,3 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í nóv. 1945. eigandi Gunnlaugur Þorsteinsson).

Áfast fjósi er byggð töðuhlaða úr steinsteypu á steinsteyptum grunni, bárujárnsþak á langböndum. Stærð: 8,0 x 5,0 x 5,4 m.

Virðingarbækur B.Í. 1985.

Íbúðarhús byggt 1925 steinsteyptir útveggir, að öðru leyti timbur. Endurbyggt 1977 til 82 sem sumarhús eigandi Anna Þorsteinsdóttir Akureyri. Stærð: 7,5 x 6,3 x 5,4 m.

Geymsla steinsteypt áföst íbúð byggt 1925. Stærð: 10,0 x 8,0 x 3,0 m.

Hamars er fyrst getið í sambandi við atburði sem sagt er frá í Guðnumda sögu dýra og gerðust árið 1191. Þá bjó þar Eyjólfur nokkur, kallaður sopi. Þá er jörðin nefnd Reykjarhamar. Gunnlaugur Rósant Þorsteinsson frá Hálsi bjó á Hamri frá ásamt konu sinni Jónínu Solveigu Guðlaugsdóttur frá 1925 til 1953 og eignuðust jörðina á því tímabili. Hann bætti jörðina talsvert og reisti árið 1936, íbúðarhúsið úr timbri á steinsteyptum kjallara, ein hæð með lágu risi. Borð og pappapak klætt bárujárni. Útveggir klæddir tjörupappa. Þau Gunnlaugur og Jónína áttu ekki börn



en fósturdóttir þeirra var Jónína Gunnlaug Jóhannesdóttir, systurdóttir Jónínu. Eftir að Gunnlaugur og Jónína flytja til Dalvíkur árið 1956 neytir Svarfaðardalshreppur forkaupsréttar á Hamri vegna hitavatnslinda sem á jörðinni eru. Jón Þorsteinn Gunnlaugsson tekur jörðina á leigu af Svarfaðardalshreppi 1953 og býr þar ásamt konu sinni, Rannveigu Steinunni Þórsdóttur frá Bakka, til ársins 1962 en flyst þá í Litlu-Hámundastaði. Síðustu ábúendur á Hamri voru þau Þorsteinn Guðjón

Freydal Valgeirsson og Anna Jóna Kristjánsdóttir en þau bjuggu þar í eitt ár frá 1963 til 64, síðan þá hefur jörðin verið í eyði en húsið verið nýtt sem sumarhús. Núverandi eigandi húsanna á Hamri er Anna Jóhanna Þorsteinsdóttir.

Húsið hefur verið forskalað snemma á ferlinum. Skipt hefur verið um glugga í kjallara og þeim breytt. Fjós áfast íbúðarhúsinu byggt 1936 (Fastanúmer: 215-5677) úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu með bárujárnsþaki. Stærð: 8,0 x 5,0 x 3,3 m. Áfast fjósi er töðuhlaða byggð 1936 úr steinsteypu (Fastanúmer: 215-5678) á steinsteiptum grunni, bárujárnsþak á langböndum. Stærð: 8,0 x 5,0 x 5,4 m. Þessi útihús eru notuð nú sem geymslur.



Sólpallur er sunnan húss og einnig vestan og það er skjólveggur úr timbri. Runnar og lávaxin tré innan húss.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1953	Gunnlaugur Rósant Þorsteinsson Jónína Solveig Guðlaugsdóttir	Jónína Gunnlaug Jóhannesdóttir
1953-1998	Svarfaðardalshreppur	
1953-1962	Jón Þorsteinn Gunnlaugsson Rannveig Steinunn Þórsdóttir	Hólmfríður Ósk (1952) Sólveig Olga (1954) Kristín Erla (1960) Ingi Steinn (1961) Valdimar Þór (1964)
1963-1964	Þorsteinn Guðjón Freydal Valgeirsson Anna Jóna Kristjánsdóttir	
1998	Dalvíkurbyggð	
Íbúðarhúsið.		
1990-1998	Gerður Þorsteinsdóttir	
1990 og enn	Anna Jóhanna Þorsteinsdóttir	

Skáldalækur hlaða 1944 (Fastanúmer: 215-6073 / Landnúmer: 204611).
hlaða 1946 (Fastanúmer: 215-6075 / Landnúmer: 221615).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Guðnón Baldvinsson. Tún 5,0 ha, jarðvegur grýttur, sumstaðar deiglentur, ekki gott á pörtum. Töðufall 5 síðustu ára um 204 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 92 kindur og 2,5 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, ½ kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggt 1925 úr járnbentri steinsteypu, 1 hæð port og ris með kvisti og kjallari undir parti húss. Járnpak. Hitinn af miðstöðvareldavél. Stærð húss 9,0 x 6,7 x 5,0 m.



Svarfdælingar fyrra bindi bl. 47

Ari Jónsson lögmaður átt Skáldalæk, ásamt fjölda annarra vítt um land, þegar hann var hálshöggvinn ásamt föður sínum og bróður árið 1550. Allar voru þær jarðir dæmdar undir konung eftir dauða hans og þar á meðal Skáldalækur. Skáldalækur var þannig konungsjörð um þriggja alda skeið og síðan þjóðjörð til 1920 þegar Guðjón Baldvinsson keypti hana. Guðjón bætti jörðina mikið og byggði íbúðarhús 1925 og önnur útihús. Nú standa aðeins eftir tvær hlöður að þeim byggingum sem hann byggði, önnur byggð 1944 og hin 1946. Af ekkju Guðjóns, Snjólaugu Jóhannesdóttur, keypti Sveinbjörn Níelsson jörðina 1949 og bjó þar ásamt konu sinni Erlu Stefánsdóttur til 1972 er hann seldi tengdasyni, Halli Steingrímssyni. Hallur og Anna Sveinbjörnsdóttir kona hans áttu jörðina til 1998 en fluttu þá burt og Ríkissjóður eignast jörðina.



Hlaða byggð 1944 (Fastanúmer: 215-6073 / Landnúmer: 204611) er í eigu Eiðs Arnars Sigurðssonar og Óskar Sigríðar Jónsdóttur.

Hlaða byggð 1946 (Fastanúmer: 215-6075 / Landnúmer: 221615) er í eigu Helga Ásgrímssonar og Reimars Alfreðs Þorleifssonar.

	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1917-1947	Guðjón Baldvinsson	
1917-1949	Snjólaug Jóhannesdóttir	
1949-1972	Sveinbjörn Níelsson Erla Stefánsdóttir	
1972-1974	Hallur Steingrímsson Anna Dýrleif Sveinbjörnsdóttir	
1974-1975	Stefán Sveinbjörnsson Sigríður Sigurlaug Jónsdóttir	
1975-1998	Hallur Steingrímsson Anna Dýrleif Sveinbjörnsdóttir	

Sakka fjós 1941

(Fastanúmer: 215-5985 / Landnúmer: 151969).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í feb. 1947)

Setuliðsskáli, byggður úr bárujárnni á járnbogagrind. Hliðar úr tvöföldu járn og stoppaður með mómold. Stafn er úr timbri stoppaður með torfi. Steinsteipt gólf. Loftbitar úr timbri en ekkert loft, og skálinn óinnanbyggúr. Stærð: 7,5 x 7,0 x 3,5 m.



Ölduhryggur

hlaða 1942 (Fastanúmer: 215-6227 / Landnúmer: 152009).
skúr 1942 (Fastanúmer: 215-6227 / Landnúmer: 152009).
geymsla 1947 (Fastanúmer: 215-6227 / Landnúmer: 152009).

Virðingarbækur B.Í. 1985.

Fjós byggt 1947, hlaðið, járnklætt þak, notað sem geymsla. Stærð: 12,0 x 10,0 x 2,7 m.

Hlaða byggð 1942 steinsteypt með járnklæddu þaki. Nú vélageymsla. Stærð: 8,6 x 6,6 x 4,4 m.

Mjólkurhús byggt 1947, steinsteypt með járnklæddu þaki. Notað sem geymsla. Stærð: 6,0 x 2,5 x 2,5 m.



Hánefstaðir

Íbúðarhús 1930

(Fastanúmer: 215-5691 / Landnúmer: 151927).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Pétur E Stefánsson. Tún 4,0 ha, grýttur, sumstaðar deiglentur. Töðufall 5 síðustu ára um 130 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 17 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap r 1 karlmenn, ½ kvenmenn og 1 hross. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggt 1930 af steinsteypu, tvöfaldir veggir. 1 hæð og kjallari. Flatt þak, járnþak. Upphitum og ljós, rafmagn. Stærð húss 10,7 x 9,6 x 5,3 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing 1934. eigandi Pétur Eggerz Stefánsson)

Íbúðarhús byggt úr tvöfaldri járnbenntri steinsteypu. Ein hæð og kjallara. Flatt þak úr borðum og pappa með torfi yfir. Kjallara skipt í sex herbergi og gang. Aðalhæð skipt í sex herbergi og forstofu, allt málað og veggfóðrað. Stærð: 10,7 x 9,6 x 6,3 m.

Hánefstaðir íbúðarhús 1930. (virðing júlí 1952, eigandi Eiríkur Hjartarson).

Íbúðarhús byggt úr tvöfaldri járnbenntri steinsteypu. Ein hæð á steinsteypum kjallara port og ris með kvisti. Þak úr borðum og pappa klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypuskilrúmum í 7 herbergi, gang og forstofu með uppgöngu á aðalhæð. Lofthæð skipt mið asbestskilrúmum og 7 herbergi, gang og forstofu með uppgöngu á lofthæð. Lofthæð skipt með asbestskilrúmum í 7 herbergi með 3 innbyggða skápa og gang. Kjallari og aðalhæð að fullu frágengið og lofthæð og mestu leyti. Stærð: 10,2 x 9,7 x 9,0 m.

Stutt saga húss

Vallakirkja átti Hánefsstaði frá því að þeirra er fyrst getið í Auðunnarmáldaga árið 1318 og þar til um 1931 en þá keypti Pétur Eggerz Stefánsson jörðina. Pétur átti jörðina og bjó þar ásamt konu sinni Sigurveigu Guðlaugu Þorgilsdóttur til 1941 en seldi þá Eiríki Hjartarsyni Hánefstaði. Eiríkur átti jörðina en bjó þar aldri en nytjaði hluta hennar til skógræktar. Árið 1965 gaf Eiríkur Skógræktarfélagi Eyjafjarðar Hánefstaði með öllum kostum og kynjum. Friðrik Sigurðsson og Kristbjörg Eiðsdóttir leigja jörðina og búa þar frá 1941 til 1982 en flytja þá til dalvíkur. Núverandi eigandi íbúðarhússins, Þórólfur Jónsson og kona hans Þorbjörg Alfreðsdóttir flytja í Hánefstaði 1982 og kauða jörðina, að undanskyldri skógræktinni, af skógræktarfélaginu en selja síðan Gísla Þorleifssyni á Hofsa túnin og útihúsin.



Íbúðarhúsið var byggt 1930 úr tvöfaldri járnbenntri steinsteypu og var ein hæð á kjallara, flatt þak úr borðum og pappa með torfi yfir. Í jarðskjálftanum 1934 skemmdist það mikið og þurfti mikilla viðgerða við. Þá var byggt ofan á það port og ris með einum kvisti, sett þak úr borðum og pappa klætt bárujárn. Þannig lítur húsið út enn í dag og hefur lítið verið gert fyrir það að utan. Þó var farið í endurbætur á gluggum. Upphaflega voru rammar í gluggunum sem glerjað var í með einföldu gleri. Fljótlega eftir að Þórólfur eignaðist húsið fjarlægði hann rammana og setti fasta pósta og glerjaði með tvöföldu gleri, en lét upphaflegt útlit þeirra halda sér að öðru leiti. Hann



reif lítið forskyggni sem var á norðurhlið hússins, en reisti í staðinn forstofu úr timbri með lágu rispaki á sama stað.

Garður er sunnan við húsið með háum trjám og er netgirðing í kringum hann. Þar er einnig sólpallur með timbur skjólveggjum á tvo vegu.

	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1931-1941	Pétur Eggerz Stefánsson Sigurveig Guðlaug Þorgilsdóttir	Sólveig Eggerz (1925) Elín Eggerz (1928) Pétur Eggerz (1932)
1941-1965	Eiríkur Hjartarson	
1941-1982	Friðrik Sigurðsson Kristbjörg Eiðsdóttir	Eyvör (1936) Sigrún (1938) Sigursveinn (1940) Eiður (1941) Valgerður Freyja (1946) Lilja (1947) Hafliði Hallur (1952)
1965-1982	Skógræktarfélag Eyjafjarðar	
1982 og enn	Þórólfur Jónsson Þorbjörg Alfreðsdóttir	Eyrún Harpa (1965) Aðalbjörg (1969) Alfreð Viktor (1971)
1988-1991	Eyrún Harpa Þórólfsdóttir	Þórólfur Helgi Jónsson (1988) Jóhann Oddur Jónasson (1990)
1992 og enn	Þorgils Guðnason Úlfhildur Hafdís Jónsdóttir	Þorgerður Hafdís (1972) Maríanna (1973)
1993-1995	Alfreð Viktor Þórólfsson	

Uppsalarir

baðstofa 1896

(Fastanúmer: 215-6155 / Landnúmer: 192078).

Fasteignarmat 1940

Eigandi ríkissjóður og ábúandi er Kristján Jónsson . Tún 4,0 ha, jarðvegur grýttur, og grunnur. Töðufall 5 síðustu ára um 143 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 50 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1½ kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, baðstofa byggð 1896 Stærð húss 8,3 x 6,0 x 3,5 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Baðstofa byggð 1896 (virðing febrúar 1934) eigandi ríkissjóður).

Baðstofa úr torfi innanpiljuð að fullu, jafnframt notuð sem eldhús. Stærð: 8,3 x 6,0 x 3,5 m.

Uppsalarir íbúðarhús 1947.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing febrúar 1948) eigandi jarðarinnar Kirkjujarðasjóður Íslands.

Íbúðarhús byggt úr holsteini á steinsteyptum kjallara, og hæð með valmapaki úr borðum klætt tjörupappa. Kjallara skipt með steinsteyptum skilrúmum í 4 herbergi, gang og forstofu með uppgöngu á hæðina. Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum í fjögur herbergi og tvöfalda forstofu. Að mestu frágengið málað og veggfóðrað. Stærð: 8,0 x 8,0 x 6,0 m.



Stutt saga húss.

Hjörtur Guðmundsson gerðist vinnumaður hjá Eiríki Pálssyni á Uppsölur og varð tengdasonur hans og tók við búi þar 1878. hann bjó þar ásamt konu sinni Margræti Eiríksdóttur til 1903. hann byggði baðstofuna sem enn stendur. Gamalíel sonur þeirra stóð fyrir búi á Uppsölur í tvö ár frá 1903 til 1905. Tryggvi Kristinsson og Nanna Arngrímsdóttir voru á Uppsölur frá 1905 til 1907 en þá eignaðist Kristján Loftur Jónsson jörðina og bjó þar ásamt konu sinni Helgu S Guðjónsdóttur til æviloka. Við jörðinni tók Þorsteinn sonur þeirra 1946, fyrst í tvíbýli við foreldra sína en 1955 á móti Guðlaugu systur sinni. Reisti hann sér nýtt íbúðarhús 1947, úr holsteini á steinsteyptum kjallara, með valmapaki úr borðum klætt tjörupappa. Foreldrar hans bjuggu áfram í gamla bænum og Guðlaug eftir þeirra dag, allt þar til hún flutti á Dalbæ, heimilis aldraðra á Dalvík. Kristján sonur Þorsteins og Hallfríðar tók við búi af foreldrum sínum 1989 og frá 1994 með Sæunni Guðmundsdóttur. Þau brugðu búi 2010 og fluttu til Akureyrar og seldu jörðina og hefur ekki verið búseta á Uppsölum síðan. Núverandi eigendur jarðarinnar eru Gunnsteinn og Dagbjört á Sökku en húsanna Sigurður Bjarni í Brautarhóli.



Eftir að Guðlaug flutti úr gamlabænum hefur það verið notað sem geymsla og lítt verið um það hirt. Það er illa farið og liggur undir meiri skemmdum ef ekkert er að gert.



Íbúðarhúsið lítið breitt frá fyrstu tíð. Búið er að setja Bárujárn á þakið og einangra húsið utan í timburgrind og klæða með lituðu bárujárn. Skipt hefur verið um Glugga og þeim breitt. Lítil skúrbygging hefur verið byggð við norðurhlið hússins.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1878-1903	Hjörtur Guðmundsson Margrét Eiríksdóttir	Páll (1877) Gamalíel (1879) Eiríkur (1885) Ívar (1887) María Ágústa (1890) Una (1892)
1903-1905	Gamalíel Hjartarson Solveig Hallgrímsdóttir	
1905-1907	Tryggvi Kristinsson Nanna Arngrímsdóttir	Kristín Hólmfríður (1906) Unnur (1907)
1907-1955	Kristján Loftur Jónsson Helga Solveig Guðjónsdóttir	Jóhann Guðlaugur(1900) Sigurlína Snjólaug (1902) Sveinn Sigurjón (1905) Solveig (1907) Jón Hallgrímur (1910) Sigurður Kristján (1913) Þorsteinn Valgarður (1915) Rósa (1917) Guðlaug Baldvina (1920)
1946-1989 -1951	Þorsteinn Valgarður Kristjánsson Soffía Þorsteinsdóttir	
1961-1989	Hallfríður Guðrún Sigurðardóttir	Freygarður (1963) Kristján (1969)
1955-1989	Guðlaug Baldvina Þorsteinsdóttir	
1989-2010 1994-2010	Kristján Þorsteinsson Sæunn Guðmundsdóttir	
2010 og enn	Sigurður Bjarni Sigurðsson	

Vallakirkja 1861

(Fastanúmer: 215-6183 / Landnúmer: 152004).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959.

(virðing fór fram 2.des.1932)

Timburkirkja á steinsteyptum grunni loft er í 4,5 m kirkjunnar og er þiljað innan á sperrur yfir því, en bogahvelfing í hinum hluta kirkjunnar. Milligerð milli kórs og framkirkju, er milligerð með súlum og bogum. Uppgangur er á loftið í forkirkju og yfir forkirkju lofti eru kirkjuklukkurnar. Kirkjan er öll máluð innan, nýviðgerð og vel viðhaldið. Stærð aðalkirkju: 11,0 x 6,2 x 5,7 m. Forkirkju: 1,9 x 2,6 x 4,6 m.



Stutt saga húss

Kirkju er fyrst getið á Völlum á síðasta tug 12. aldar, en hún hefur eflaust verið reist þar fljótlega eftir kristnitökuna. Hefur verið þar kirkja síðan.

Á annan jóladag árið 1861 var vígð ný timburkirkja á Völlum í Svarfaðardal sem kom í stað hrörlegrar torfkirkju. Yfirmsiður hússins var Þorsteinn Þorsteinsson á Upsum. Vallakirkja skemmdist mikið í kirkjurokinu árið 1900. Hún færðist til á grunninum og suðurveggur hússins sprakk undan vindálaginu. Ýmsar lagfæringar voru gerðar á kirkjunni næstu áratugi og m.a. byggður klukkuturn fyrir framan hana þar sem er klukka sem Zophonías Þorkelsson í Winnipeg færði Vallakirkju að gjöf árið 1947. Árið 1979 kviknaði í kirkjunni út frá oluofni en eldurinn slokkaði af sjálfsdáðum. Sviðnaði teppi á gólfi og einn bekkur. Í kjölfarið voru ýmsar endurbætur gerðar á húsinu, m.a. var gert við burðarvirki og kirkjan klædd og utan á nýjan leik. Aftur var komið að nauðsynlegum lagfæringum utanhúss árið 1995 en einnig var sig orðið áberandi. Viðamiklum endurbótum lauk með því að húsið var málað að utan.



Aðfaranótt 1. nóvember. Þremur vikum áður en ætlunin var að endurvígja kirkjuna, kviknaði í henni og fór húsið mjög illa í þessum bruna. Nú hófst vandasöm endurbygging á kirkjunni. Að því verki komu Magnús Skúlason, þáverandi formaður Húsafriðunarnefndar, Jón Nordsteien arkitekt og Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur. Rúnar Búason á Dalvík var ráðinn yfirmsiður. Kirkjan var endurvígð þann 18. maí 2000 og friðaði menntamálaráðhella húsið að fenginni tillögu Húsafriðunarnefndar með vísan til þess hversu vönduð endurgerðin hafi verið í einu og öllu.



Vellir	íbúðarhús 1902	209,8 m ²	(Fastanúmer: 215-6174 / Landnúmer: 152003).
	geymsla 1904	50,0 m ²	(Fastanúmer: 215-6178 / Landnúmer: 152003).
	geymsla 1924	75,0 m ²	(Fastanúmer: 215-6176 / Landnúmer: 152003).
	fjós m/áburðarkj. 1950	207,7 m ³	(Fastanúmer: 215-6176 / Landnúmer: 152003).
	hlaða 1950	81,9 m ²	(Fastanúmer: 215-6176 / Landnúmer: 152003).

Fasteignarmat 1940

Eigandi ríkissjóður og ábúandi er Stefán Kristinsson, prófastur. Tún 13,0 ha, sæmilegt en sumstaðar grunnur og grýttur jarðvegur. Töðufall 5 síðustu ára um 449 hestburðir. Áhöfn 10 kýr, 102 kindur og 7 hross. Fólki og hestafli við heyskap er 3 karlmenn, 3 stúlkur og 5 hross. Fjöldi fólks á heimili er 10 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggt 1902 af timbri og steinsteypu, kjallari, 1 hæð port og ris með gegn-kvisti. Allt járnvarið utan. Byggt 1903. Endurbætt aftur síður. Stærð 10,0 x 6,4 x 7,1 m. Aðalhæð skipt í 4 herbergi eldhús, önnur hæð 6 herbergi og geymslur. Miðstöðvarhitun. Skúr milli baðstofu og afalhúss 5,0 x 4,2 x 2,5 m. Timburhús járnvarið. Önnur bæjarhús: baðstofa, timbur-torflið járnþak. Stærð 9,5 x 3,5 x 3,7 m. Geymsluhús úr timbri, járnþak. Stærð 10,0 x 5,1 x 3,0 m. Fjós fyrir 14 kýr. torfhús byggt 1926, Stæðilegt.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing febrúar 1934 eigandi ríkissjóður)

Íbúðarhús úr timbri á steinkjallara, ein hæð port og ris með kvisti í gegn. Allt járnvarið. Kjallara skipt með timburskilrúmum í þrjár geymsluherbergi. Aðalhæð skipt með timbur skilrúmum í fjögur herbergi og forstofu með uppgöngu á loftið, öll hæðin máluð eða veggfóðruð. Lofthæð skipt í sex herbergi, máluð, tvo geymsluklefa og gang. Stærð: 7,0 x 6,4 x 7,1 m. Heyhlaða (1924) úr járnbentri steinsteypu með veggjabykkum 28 cm þykkum með járnþaki. Stærð: 15,1 x 5,1 x 5,0 m. Geymsluhús (1904) úr timbri á hlöðunni steingrunni með bárujárnþaki. Timburgólf í fjórum lengdur metrum, afþiljaður klefi annars óinnanbyggt. Stærð: 10,0 x 5,1 x 3,5 m.

(Virðing í maí 1945 Eigandi Stefán Snævarr).

Timburhús byggt á steingrunni, ein hæð og ris með borða- og pappaþaki klætt bárujárni. Húsinu skipt með timburskilrúmum í 3 íbúðarherbergi að fullu frágengin. Timburgólf stærð: 9,5 x 3,8 x 3,7 m. Skúr – sem tengir saman ofanritaða byggingu og íbúðarhúsið. Byggður úr timbri klæddur bárujárni, innanbyggður og skipt með timburskilrúmum í 4 geymsluklefa og gang. Steingólf. Stærð: 5,0 x 4,2 x 2,5 m. Heyhlaða byggð 1950 úr járnbentri steinsteypu með bárujárnþaki á langböndum, malargólf með súgþurrkunarstokkum. Stærð: 13,5 x 6,2 x 5,5 m.



(Virðing í maí 1950)

Fjós byggt 1950 úr holsteini á steinsteyptum grunni. Þak úr bárujárni á langböndum, en loft úr asbestplötum, gólf og flór úr steinsteypu. Milligerð bása svo og kýrbönd úr galvanéséruðu járni. Skipt um þvert með asbestskilrúmi tvöföldu í fjós og þrjú herbergi (fóðurgeymslu vélaklefa og mjólkurhús). Undir byggingunni er kjallari fyrir áburð 153,6 m³ á stærð. Stærð án kjallara: 20,4 x 9,6 x 3,6 m.

Stutt saga húss.

Vellir í Svarfaðardal hafa lengi verið eitt mesta höfuðbólið þar í sveit. Enda kirkjustaður og prestssetur um langan aldur. Fyrstu öruggu heimildir um Vellir er að finna í sögum þeirra nafnanna Guðmund góða og Guðmund dýra. Af þeim sést, að árið 1190 er Hólabiskup búinn að fá í sínar hendur umráð yfir Völlum. Allt frá þeim tíma hafa Vellir verið fyrst í eigu Hólastóls og svo í ríkiseigu þar til Snorri Árnason keypti jörðina árið 1969. Á Völlum var sett niður fyrsta símstöð í hreppnum strax árið 1906 þegar landsímalínan var lögð frá Austurlandi um Svarfaðardal og yfir Heljardalsheiði til Skagafjarðar. Stefán Baldvin Kristinsson frá Ystabæ í Hrísey, vígðist til prests 1901 og fékk Velli sama ár og hélt þann stað til 1941. Hlaut þá lausn og fluttist til Hríseyjar og átti þar heima til æviloka. Hann bjó góðu búi á Völlum og bætti þar margt í ræktun og Byggingum. Hann lét reisa íbúðarhús 1902 úr timbri á steinkjallara, ein hæð port og ris með kvisti í gegn.

Þórhallur Antonsson fékk ábúð á Völlum 1941 og bjó þar ásamt konu sinni Guðlaugu Hólmfríði Jónsdóttur til 1946, en brá þá búi og flutti til Akureyrar. Stefán Erlendur Valdemarsson Snævar tók prestvígslu 1941 og var sama ár settur prestur í Vallaprestakalli, en fékk það 1942. Var fyrstu árin búlaus á Völlum, en rak búskap þar ásamt konu sinni Jónu Magneu Gunnlaugsdóttur frá 1946 til 1960, sat þó á Völlum uns þau flutti til Dalvíkur 1968.

Snorri Guðlaugur Árnason múrari frá Dalvík keypti Velli af ríkissjóði 1969 og bjó þar ásamt konu sinni Rósu Helgadóttur til 1982 en flutti þá til Dalvíkur en Rósa bjó áfram á Völlum til 1984 þá tók sonur þeirra Árni Þór og Kona hans Dagný Magnea Harðardóttir við jörðinni og bjuggu þar til 1986. Vellir voru í eyði frá 1986-7 en þá keypti Sævar Einarsson og Jóhanna Elín Gunnlaugsdóttir jörðina og sátu þar til ársins 2004 þegar þau seldu núverandi eigendum, Bjarna Óskarssyni og Hrafnhildi Ingimarsdóttur.



Athugasemd um hús.

Laust fyrir aldamótin síðustu var farið í gagngerar endurbætur á íbúðarhúsinu á Völlum, bæði innvortis og útvortis. Skipt var um járn á þaki, það einangrað upp á nýtt, skipt um allt timbur sem þurfti bæði í sperrum og timburklæðningu og nýr pappi. Bárújárn sem var á útveggjum var fjarlægð einnig reiðingur. Veggir einangraðir og húsið klætt utan með liggjandi panel. Skipt var um alla glugga og útihurðir en upphaflegu útliti þeirra haldið. Sett timbur vatnsbretti ofan og neðan við glugga og skrautklossar settir undir enda allra vatnsbretta að neðan. Gólf í kjallara var brotið upp og undurstöður hússins endurnýjaðar og styrktar og veggghæð í kjallaranum aukin talsvert.

Athugasemd um umhverfi húss.

Vellir hafa fengið aftur það glæsilega yfirbragð sem staðnum og sögu hans sæmir. Á bak við íbúðarhúsið standa enn: geymsla byggð 1904 (fastanúmer: 215-6178), önnur geymsla byggð 1924 (fastanúmer: 215-6176), fjós með áburðarkjallara byggð 1950 (fastanúmer: 215-6176) og hlaða byggð 1950 (fastanúmer: 215-6176). Allar eru þessar byggingar í ágætu standi og eru nýttar í tengslum við þann rekstur sem þarna er nú.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1902-1969	Ríkissjóður	
1901-1941	Stefán Baldvin Kristinsson Solveig Pétursdóttir Eggerz	Pétur Eggerz (1900) Kristinn Tryggvi (1903) Sæmundur (1905) Ingibjörg (1908) Sigríður (1913)

1941-1946	Pórhallur Antonsson Guðlaug Hólmsfríður Jónsdóttir	Guðrún(1925) Rafn (1927) Anna María (1928) Þráinn (1931) Auður (1935)
1942-1968	Stefán Erlendur Valdemarsson Snævar Jóna Magnea Gunnlaugsdóttir	Stefanía Rós (1948) Gunnlaugur Valdimar (1950) Ingibjörg Arnfríður (1952)
1970-1982 -1984	Snorri Guðlaugur Árnason Rósa Helgadóttir	Helga Ester (1961) Árni Þór (1963) Arnar (1965) Atli (1969)
1983-1986	Árni Þór Snorrason Dagný Magnea Harðardóttir	
1987-2004	Sævar Einarsson Jóhanna Elín Gunnlaugsdóttir	Gunnlaugur Einar (1977) Gísli Davíð (1979) Jóhann Rúnar (1986) Jón Stefán (1988)
2004 og enn	Bjarni Óskarsson Hrafnhildur Ingimarsdóttir	Óskar Björn (1991)

Brautarhóll	íbúðarhús 1939	(Fastanúmer: 215-5575 / Landnúmer: 151909).
	geymsla 1937	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	fjós 1947	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	haughús 1947	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	mjólkurhús 1947	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	hlaða 1949	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	fjánhús 1950	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).
	votheysturn 1950	(Fastanúmer: 215-5581 / Landnúmer: 151909).

Fasteignarmat 1940

Eigandi ríkissjóður og ábúandi er Sigurður Kristjánsson. Tún 7,0 ha, jarðvegur grunnur og grýttur. Töðufall 5 síðustu ára um 216 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 67 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 2 kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1939 af steinsteypu með járnþaki. Stærð húss 8,2 x 7,6 x 6,8 m. Forstofa úr timbri. Stærð 1,3 x 2,6 x 2,3 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í sept. 1939, eigandi Sigurður Kristjánsson).

Íbúðarhús úr járnþaki tvöfaldri steinsteypu. Kjallari og ein hæð með borða og þakklætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi með uppgöngu á hæðina. Hæðinni skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi og tvöfalda forstofu með uppgöngu á lofthæð. Á lofthæðinni er innanþiljað eitt herbergi. Öll herbergi að fullu til íbúðar. Stærð: 8,85 x 7,0 x 7,1 m. Áfast íbúðarhúsinu er byggt geysla úr steinsteypu með bárujárnþaki. Stærð: 8,85 x 5,25 x 6,0 m.

(Virðing í okt. 1948)

Viðbyggt við íbúðarhúsið er: fjós, hlaða og mjólkurhús.

Fjós byggt úr tvöfaldri steinsteypu með stein- og járn milligerðum milli bása, loft úr asbestplötum en þak úr bárujárn, steingólf. Stærð: 12,3 x 10,5 x 4,9 m. Þurrheyslaða byggð úr einfaldri steinsteypu, járnþak. Votheysgryfja aðskilin frá hlöðunni með steinsteypu skilrúmum. Stærð: 17,5 x 5,5 x 7,8 m.

Mjólkurklefi úr steinsteypu að veggjum og gólfi, járnþaki á sperrum. Stærð: 4,5 x 3,5 x 3,8 m.

(Virðing í nóv. 1949)

Hænsnhús byggt úr holsteini á þrjár hliðar en tvöföldum asbestplötum á timburgrind á eina. Ein hæð með hallandi þaki úr borðum klætt bárujárn, innan þiljað veð asbestplötum. Innanbyggt með hænsnainnréttingu. Malargólf. Stærð: 19,2 x 6,5 x 2,5 m.



Stutt saga húss.

Brautarhóll var í fyrstu hjáleigu byggð úr heimalandi Vallastaðar, en er orðin lögbýli í eigu hans 1525, þá nefnt Brautarholt. Var síðan ein af Vallajörðum fram á 20. öld, en varð þá ríkisjörð í erfðafestuábuð. Sigurjón Kristján Kristjánsson tók við búi í Brautarhóli 1935 af föður sínum Kristjáni Tryggva Sigurjónssyni. Fyrstu 11 árin í tvíbýli við bróður sinn, Sigurð Marínó, en síðan á allri jörðinni uns hann brá búi vorið 1955 og flutti til Akureyrar. Þá tók Sigurður Marínó við ábúð á jörðinni



allri og bjó þar til 2008 þegar hann flutti á Dalbæ, heimilis aldraðra á Dalvík. Sonur hans. Sigurður Bjarni tók þá við Brautarhóli og býr þar enn.

Athugasemd um hús.

Þeir bræður Sigurjón og Sigurður byggðu þann húsakost sem enn stendur í Brautarhóli. Íbúðarhúsið byggðu þeir 1939 úr járnbentri tvöfaldri steinsteypu á kjallara og einni hæð og risi með borða og pappapaki klætt bárujárni, og er húsið óbreytt frá þeim tíma.

Athugasemd um umhverfi húss.

Áfast íbúðarhúsinu er byggt geymsla 1937 (fastanúmer: 215-5581), úr steinsteypu með bárujárnsþaki. Fjós byggt 1947 (fastanúmer: 215-5581), úr tvöfaldri steinsteypu með stein- og járn milligerðum milli bása, loft úr asbestplötum en þak úr bárujárni, steingólf. Þurrheyshlaða byggð 1949 (fastanúmer: 215-5581), úr einfaldri steinsteypu, járnþak. Votheysgryfja byggð 1950 (fastanúmer: 215-5581), aðskilin frá hlöðunni með steinsteypu skilrúmum. Mjólkurlefi byggður 1947 (fastanúmer: 215-5581), úr steinsteypu að veggjum og gólfi, járnþaki á sperrum. Hænsnhús byggt 1949 (fastanúmer: 215-5581), úr holsteini á þrjár hliðar en tvöföldum asbestplötum á timburgrind á eina. Ein hæð með hallandi þaki úr borðum klætt bárujárni, innan þiljað veð asbestplötum. Innanbyggt með hæsnainnréttingu. Malargólf.



	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1935-1955	Sigurjón Kristján Kristjánsson Sigríður Sigurðardóttir Sigurður Marinó Kristjánsson Stefanía Jónasdóttir	Sigríður Lovísa (1948) Kristján Tryggvi (1950) Kristján Tryggvi (1962) Gunnar Þór (1968) Solveig Lilja (1971) Sigurður Bjarni (1977)
2008 og enn	Sigurður Bjarni Sigurðsson Þórunn Jónsdóttir	

Gröf

Íbúðarhús 1936
geymsla 1950

(Fastanúmer: 215-5636 / Landnúmer: 151916).

(Fastanúmer: 215-5634 / Landnúmer: 151916).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing sept. 1952. eigandi Jón Jónsson).

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris með borða og pappapaki klæddu bárujárnri. Kjallara skipt með steinsteypuskilrúmum í 4 herbergi og gang með uppgöngu á aðalhæð. Steingólf. Hæðinni skipt með timburskilrúmum í 5 herbergi og gang með uppgöngu á loft. Innanbyggð að fullu, máluð og veggfóðruð. Rishæðin er óinnanbyggð geymsla. Stærð: 8,2 x 7,6 x 6,8 m.



Við kjallara er byggð forstofa úr timbri með pappapaki. Stærð: 1,3 x 2,6 x 2,3 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing mai 1952. eigandi Friðrik Jónsson).

Fjós byggt 1950 á steinsteiptum grunni úr asbestplötum og bárujárnri á timburgrind, en að nokkru úr torfi. Þak úr bárujárnri. Að innan þiljað að mestu úr timbri, torfstafn. Milligerðis bása úr timbri svo og jötur, en gólf úr steinsteypu. Stærð: 13,0 x 6,0 x 3,0 m.

Mjólkur- og kæliklefi úr asbest og timbri með bárujárnspaki steingólf innanþiljaður með timbri. Stærð: 3,4 x 3,3 x 2,0 m.



Stutt saga húss.

Grafar er fyrst getið í Guðmundar sögu hins góða Arasonar í frásögn sem á að hafa gerst 1192. Aðrar heimildir eru ekki til um Gröf fyrr en eftir móðuharðindin. Þá er fyrst getið um ábúð í Grafargerði, sem síðar er kallað Gröf. Vallakirkja var lengst af talinn eigandi Grafar uns hún féll í ríkiseigu. Jón Jónsson skólastjóri, og kona hans Anna Stefánsdóttir bjuggu í Gröf frá 1936 til 1947. Þau létu byggja íbúðarhúsið sem enn stendur árið 1936 í upphafi síns búskapar. Þegar þau bergða búi þar og flytja í Böggvissstaði tekur Friðrik Jónsson við jörðinni og stendur fyrir búi ásamt konu sinni Svanfríði Gunnlaugsdóttur þar til 1954 en fól þá syni sínum Júlíusi ábúð og bú. Þau Friðrik og Svanfríður dvöldust áfram í Gröf til æviloka. Júlíus stóð fyrir búi í Gröf til 1997 en flutti þá á Dalbæ, heimili aldraðra Dalvík. Fastri ábúð lauk þar með í Gröf 1997.

Þegar þau bergða búi þar og flytja í Böggvissstaði tekur Friðrik Jónsson við jörðinni og stendur fyrir búi ásamt konu sinni Svanfríði Gunnlaugsdóttur þar til 1954 en fól þá syni sínum Júlíusi ábúð og bú. Þau Friðrik og Svanfríður dvöldust áfram í Gröf til æviloka. Júlíus stóð fyrir búi í Gröf til 1997 en flutti þá á Dalbæ, heimili aldraðra Dalvík. Fastri ábúð lauk þar með í Gröf 1997.

Athugasemd um hús.

Núverandi eigendur Grafar eru Helgi Valdimarsson og Guðrún Agnarsdóttir í Reykjavík. Þau hafa látið

gera gagngerar endurbætur á íbúðarhúsinu. Húsið hefur verið einangrað og klætt að utan með steindum krossviði, skipt hefur verið um járn á þaki, í stað bárujárns sem áður var, var sett stál sem minnir á þakstein. Þakið var einangrað upp á nýtt. Sett hefur verið tvöfalt gler í alla glugga og útliti þeirra breytt þannig að áður voru gluggar með ýmist tveimur eða þremur standandi póstum og einum liggjandi, sem skiptu gluggunum í stærri hólfa að neðan og minni að ofan og í einu hólfa að ofan, laust fag. Í staðinn voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skiptu eitt stórt hólfa og annað minna sem skipt er með einum liggjandi pósti í stærra hólfa að neðan og minna að ofan með lausu fagi. Grafið var út úr kjallara og lofthæð þar aukin.



Athugasemd um umhverfi húss.

Stór og grösugur trjagarður er sunnan við húsið. Hellulagður sólpallur hefur verið gerður vestan hússins og útitröppur þar breytt að áður lágu þær suður með veggnum, en nú liggja þær beint í vestur frá húsinu. Geymsla sem byggð var 1950 (Fastanúmer: 215-5634), stendur skammt ofanvið íbúðarhúsið.



	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1936-1947	Jón Jónsson, skólastjóri Anna Stefánsdóttir	Stefán (1934) Gunnar (1935) Jón Anton (1936) Helgi (1939) Filippía (1940) Gerður (1942) Kristján Tryggvi (1945)
1947-1954	Friðrik Jónsson Svanfríður Gunnlaugsdóttir	Anna Sigurlína (1922) Birna Guðrún (1924) Júlíus Dalmann (1926) Kristinn Dalmann (1928) Soffía Heiðveig (1931) Vorsveinn Dalmann (1934) Kristján Tryggvi Dalmann (1938)
1954-1997	Júlíus Dalmann Friðriksson	
1997 og enn	Helgi Valdimarsson Guðrún Agnarsdóttir	

Hof íbúðarhús 1935
hlaða 1946
geymsla 1947

(Fastanúmer: 215-5732 / Landnúmer: 151932).
(Fastanúmer: 215-5730 / Landnúmer: 151932).
(Fastanúmer: 215-5732 / Landnúmer: 151932).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Gísli Jónsson og ábúandi er Jón Gíslason. Tún 14 hestburðir, breytileg lega. Þurr og djúpur jarðvegur. Töðufall 5 síðustu ára um 480 hestburðir. Áhöfn 11 kýr, 134 kindur og 4 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 2 ½ karlmenn, 2 ½ kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 13 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 af steinsteypu með járnþaki. Kjallari, 1 hæð og ris. Stærð húss 9,8 x 8,8 x 7,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing fór fram 1933 eigandi Gísli Jónsson).

Hús byggt úr járnbentri tvöfaldri steinsteypu, á eini hæð, með risi og kjallara undir. Kjallara skipt í tvennt með steinskilrúmi og steinsteypu gólfi. Aðalhæð skipt eins og kjallara í tvö herbergi, máluð eða veggfóðruð. Auk þess er algiljaður stigagangur niður í kjallara og upp á loftið. Loftið er í einu lagi og notað til geymslu. Stærð: 8,75 x 4,0 x 6,3 m.

(Virðing í sept. 1935)

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris, flatt í toppinn á 4 m. breidd og pappaþak klætt bárujární. Kjallara skipt með steinskilrúmunum í 5 herbergi og gang með uppgöngu á aðalhæð. Steingólf. Aðalhæð skipt með timburskilrúmunum í 5 herbergi og tvöfalda forstofu með uppgöngu á lofthæð. Allt innanbyggt og fyllu, málað og veggfóðrað. Lofthæð skipt með timburskolrúmunum í 4 íbúðarherbergi, 2 geymsluklefa, 4 skápa og gang. Allt innanbyggt að fullu. Stærð: 9,8 x 8,8 x 7,7 m.



Eim bjó þar landnámsmaðurinn Ljótólfur goði Alreksson og náði land

(Virðing í okt. 1949)

Fjós byggt úr bárujární á timburgrind með þaki úr asbestplötum. Innanþiljað með timbri og milligerði bása úr sama efni, gólf er steinsteypu. Stærð: 5,0 x 4,5 x 4,0 m.

Sambyggð fjósinu er heyhlaða, úr bárujární á járnbogagrind er stendur á 1½ metra háum steypuvegg. Malargólf. Stærð: 7,5 x 5,0 x 50 m.

Stutt saga húss.

Hof hefur verið fyrsta byggða ból í Svarfaðardal, ef marka má Landnámu og Svarfdælu. Samkvæmt þeim bjó þar landnámsmaðurinn Ljótólfur goði Alreksson og náði landnám hans um austanverðan dalinn. Jörðin var í eigu Hólastóls í um þrjár aldir eða þar til stólsjarðirnar voru seldar 1802. Árið 1901 eru eigendur hennar tveir, þeir Jón Stefánsson á Hofi og Þorgils Þorgilsson og Sökku. Af þeim keypti Gísli Jónsson Hof árið 1904 og bjó þar ásamt konu sinni Ingibjörgu Aðalrós Þórðardóttur til 1926 að Jón sonur hans tók við búi. Meðan Jón bjó á Hofi ásamt konu sinni Arnfríði Önnu Sigurhjärtardóttur, byggðu þau upp jörðina, íbúðarhús byggt 1935 úr járnbentri steinsteypu á kjallara, ein hæð og ris, flatt í toppinn á 4 metra breidd og pappaþak klætt bárujární. Eftir að Arnfríður dó 1952 tók Soffía, systir Jóns við húsforráður með honum. Árið 1965 tók Agnar



Auðunn Þorsteinsson, fóstursonur Jóns og Arnfríðar, við búi á Hofi og keypti jörðina 1970. Hann rak búið ásamt konu sinni Láru Stefánsdóttur þar til hann féll frá 1975 en Lára rak búið áfram til 1986 þegar hún seldi Stefáni Karli Jónssyni og Filippíu Steinunni Jónsdóttur Hof. Núverandi eigendur Hofs eru Árni Sigurður Þórarinsson og Kristín Sigurhanna Sigtryggsdóttir en þau keyptu jörðina 1998.

Athugasemd um hús.

Íbúðarhúsið sem er byggt 1935 er nánast óbreytt frá upphafi, fyrir utan eðlilegt viðhald. Þó hefur verið skipt um glugga og þeim breytt þannig að áður voru gluggar með einum standandi pósti og tveimur liggjandi, sem skiptu gluggunum í sex jöfn hólfi. Í staðinn voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skiptir gluggunum í eitt stórt hólfi og annað mjótt og í því gjarnan laust fagi. Á norðurhlíð hússins var settur póstlaus gluggi. Reykháfur hefur verið fjarlægður.



Athugasemd um umhverfi húss.

Gróskumikill trjágarður er sunnan við húsið með hávöxnum grenitrjám. Einnig stendur framan við húsið, hlaða byggð 1946 (fastanúmer: 215-5730) og geymsla byggð 1947 (fastanúmer: 215-5732).

Tímabil	Eigenda og íbúaskrá	
	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1965 -1952	Jón Gíslason Arnfríður Anna Sigurhjärtardóttir	Gísli (1925) Sigurhjörtur (1926 dó 1931) Pálmi Pétursson (Agnar Auðunn Þorsteinsson (1934)
1952-1965	Soffía Gísladóttir	
1965-1975 -1986	Agnar Auðunn Þorsteinsson Lára Ingibjörg Stefánsdóttir	Arnfríður Anna (1960) Stefán (1961) Jón Baldur (1964)
1986-1998	Stefán Karl Jónsson Filippía Steinunn Jónsdóttir	Sigríður Pálrún (1969) Fjóla Valborg (1971) Jón Gunnlaugur (1981)
1998 og enn	Árni Sigurður Þórarinsson Kristín Sigurhanna Sigtryggsdóttir	Þórhildur Sara (1992) Kjartan Snær (1998) Eiður Smári (2000) Jón Stefán (2003)

Hofsá	gamli bærinn 1925	(Fastanúmer: 215-5753 / Landnúmer: 151933).
	fjós 1947	(Fastanúmer: 215-5743 / Landnúmer: 151933).
	mjólkurhús 1948	(Fastanúmer: 215-5743 / Landnúmer: 151933).
	votheysgrýfja 1948	(Fastanúmer: 215-5743 / Landnúmer: 151933).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Bergur Jónsson og ábúandi er Þorleifur Bergsson. Tún 10 hestburðir, allgott flatlent. Töðufall 5 síðustu ára um 302 hestburðir. Áhöfn 9 kýr, 121 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 2 kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 10 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1925 af steinsteypu með kjallara. 1 hæð, port og ris með gegnkvisti. Járnpak, miðstöðvarhitun, ekki vandað. Stofnhæð 2 herbergi eldhús forstofa. Lofthæð 3 herbergi gangur. Stærð húss 9,3 x 4,3 x 6,0 m.



Geymsluhús sambyggt íbúðarhúsi, steinsteypt með járnþaki. Stærð 9,3 x 3,8 x 4,0 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959.

Hofsá íbúðarhús (gamla) 1925. (virðing febr. 1934 eigandi Bergur Jónsson)

Íbúðarhús úr járnþentri steinsteypu á steinsteyptum kjallara, ein hæð, port og ris með kvisti í gegn, þak borðeins pappa og bárujárni. Kjallari í einu lagi. Aðalhæð, skipt í tvö herbergi og forstofu með uppgöngu á lofthæð. Lofthæð skipt í þrjú herbergi og gang, báðar hæðir innanbyggðar að fullu málaðar eða veggfóðrað. Stærð: 9,3 x 4,3 x 7,0 m.



Sambygging við íbúðarhúsið úr sama efni, ein hæð og kjallari með skúrþaki. Kjallara skipt í þrjú herbergi með steinskilrúmum. Aðalhæð skipt með stein og timburskilrúmum í þrjú herbergi. Máluð og veggfóðruð. Stærð: 9,3 x 3,8 x 5,0 m.

Stutt saga húss.

Getið er um Hofsá í sögu Guðmundar góða Arasonar, en síðan ekki í tiltækum heimildum fyrr en 1447. Þá var jörðin eign Möðruvallaklausturs og varð því við siðaskiptin 1550 konungseign. Eftir það varð hún þjóð- eða landsjóðajörð og var svo enn 1901. Árið 1910 er Bergur Jónsson bóndi á Hofsá orðinn einandi jarðarinnar og er hún síðan í eigu niðja hans. Rögnvaldur Bergvin Bergsson taldist fyrir ábúð á Hofsá ásamt Þorleifi Bróður sínum 1920 – 1923, en tók einn við búinu þar af föður sínum um 1927 og bjó á Hofsá til æviloka. Hann varð skammlífur, því hann hrökk útbyrðis af vélbát á leið til Siglufjarðar drukknaði 26 mars 1930. Á meðan Rögnvaldur stóð fyrir búi á Hofsá var byggt íbúðarhús úr járnþentri steinsteypu á steinsteyptum kjallara, ein hæð, port og ris með kvisti í gegn, þak borðklætt með pappa og bárujárni. Eftir dauða Rögnvalds kom Þorleifur bróðir hans aftur heim ásamt konu sinni Dóróþeu Gísladóttur og tóku þau við búinu og ráku það þar til sonur þeirra Gísli tók við 1956, þá var Þorleifur orðinn ekkjumaður og dvaldi hann á Hofsá hjá syni sínum til æviloka.



Athugasemd um hús.

Gísli byggði nýtt íbúðarhús á Hofsá 1967 og síðan þá hefur gamla húsið verið nýtt sem geymsluhús. Ekkert hefur verið gert fyrir það síðan flutt var úr því

en ástand þess er þó ekki verulega slæmt. Núverandi eigendur jarðarinnar eru Ásdís dóttir Gísla og maður hennar Trausti Þórisson.

Athugasemd um umhverfi húss.

Á bak við gamla bæinn stendur enn gamla fjósið sem var byggt 1947 (fastanúmer: 215-5743), mjólkurhús byggt 1948 (fastanúmer: 215-5743) og votheysgryfja byggð 1948 (fastanúmer: 215-5743).

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1920-1930	Rögnvaldur Bergvin Bergsson	
1930-1956 -1954	Þorleifur Bergsson Dóróþea Gísladóttir	Gísli (1928) Rögnvaldur (1930) Haukur (1931) Óskar Berg (1933) Rúnar Friðsveinn (1937) Reimar Alfreð (1937)
1956-1996	Gísli Þorleifsson Heiðbjört Jónsdóttir	Dóróþea (1956) Laufey Björk (1957) Elín Heiðdís (1959) Fanney Ósk (1961) Steinborg Hlín (1966) Ásdís Erla (1969) Hlini Jón (1971)
1996 og enn	Trausti Þórisson Ásdís Erla Gísladóttir	Katla Dögg (1998) Styrmir Þeyr (2002) Jörvi Blær (2005)

Skeggstaðir íbúðarhús 1930 (Fastanúmer: 215-6088 / Landnúmer: 193056).
geymsla 1932 (Fastanúmer: 215-6090 / Landnúmer: 193056).
geymsla 1937 (Fastanúmer: 215-6089 / Landnúmer: 193056).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing okt. 1936. eigandi Jóhann Jóhannsson Dalvík)

Baðstofa byggð úr torfi, innanbyggð og skipt í tvö alþiljuð og máluð herbergi, annað þeirra notað sem eldhús. Stærð 8,5 x 5,5 x 3,5 m.

Búr og geymsla, aðskilið frá baðstofu með 1,5 m þykkum torfvegg, byggt úr torfi og grjóti, með torfpaki, timburskilrúmunum annars óinnanbyggt. Stærð: 7,6 x 5,0 x 3,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing nóv. 1937. eigandi Jóhann Jóhannsson Dalvík)

Íbúðarhús. Torfveggir á tvö vegu en klætt með pappa og bárujárn yfir á torf, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Skipt með timburskilrúmunum í 4 herbergi og tvöfalda forstofu. Innanbyggt að fullu. Steingólf. Steypugólf í einu herbergi annars timburgólf. Stærð: 8,7 x 8,6 x 3,8 m.

Fjós byggt við torfveggi á tvo vegu en klætt veð pappa og bárujárn yfir á einn þakið með torfi, pappa og bárujárn. Stærð: 5,8 x 5,0 x 3,0 m.

Fasteignarmat 1940

Eigandi Jóhann Jóhannsson og ábúandi er Ingimar Guttormsson. Tún 3,1 hestburðir, allgott flatlent og hólar. Töðufall 5 síðustu ára um 111 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 48 kindur og 1,5 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 kvenmenn og 1 hross. Fjöldi fólks á heimili er 4 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1930 af timbri og torfi, járnklætt. 1 hæð og ris með. Stærð húss 8,7 x 8,6 x 3,8 m. Önnur bæjarhús: Skemma, timburstafn torfveggir og þak. Stærð 4,0 x 3,2 x 2,5 m. Nýbyggt.

Stutt saga húss.

Sennilega er þetta sama býli og getið er um í Svarfdælu á einum stað. Þar nefnist það Skeggjastaðir, og telja sumir fræðimenn það upprunalegra. Aðrir skrifa Skeggsstaðir, en í Jarðabókinni frá 1712 er nafnið Skieggstaðir. Þar segir. "Skieggstaðir kallast fornt eyðibýli í Hofsálandi" og "ekki má hér aftur byggja, því túnið er hrjóstur uppblásið". Jörðin var í eyði í margar aldir en aftur hófst búskapur þarna árið 1770 sem hefur haldist síðan að mestu leyti. Býlið var í fyrstu hjáleiga frá Hofsá og hefur því lotið sama eignarhaldi og sú jörð, þar til það varð einkaeign í



byrjun 20. aldar. Jóhann Jóhannsson frá Ytra-Hvarfi eignaðist jörðina um 1920 en bjó þar aldrei. Gamalíel Hjartarson tók jörðina á leigu af Jóhanni og bjó á Skeggstöðum ásamt konu sinni Solveigu Hallgrímsdóttur frá 1921 til 1935 en brá þá búi. Skeggstaðir voru í eyði í eitt ár en þá tók Ingimar Guttormsson og kona hans Jóhanna Sigurbjörg Jónasdóttir hana á leiru og voru þar til 1949 en fluttu þá í Velli og bjuggu þar á hluta jarðarinnar til 1954. Á því árabili nytjuðu Sigvaldi Stefánsson og Bergljót Loftsdóttir jörðina og höfðu þar nokkurt bú, en bjuggu á Dalvík. Ingimar og Jóhanna fluttu aftur í Skeggstaði 1954 og keyptu þá jörðina og bjuggu þar til 1964 en brugðu þá búi og fluttu til Dalvíkur. Sigríður Jónsdóttir frá Holti við Dalvík bjó á Skeggstöðum um 1968 en hóf sambúð með Gunnlaugi Sigvaldasyni í Hofsáarkoti 1969 og flutti til hans. Sigvaldi Gunnlaugsson í Hofsáarkoti eignaðist Skeggstaði 1964 og flutti þangað ásamt konu sinni Margræti Jóhannesdóttur 1969 og áttu þar heimili til 1992 en jörðin var nytjuð frá Hofsáarkoti. Gunnlaugur í Hofsáarkoti, sonur þeirra Sigvalda og Margrætar, eignast Skeggstaði 1994 og á húsin til 2003 að undanskildu einu ári, 1998-99 en þá eru

húsin eign Önnu Berglindar Sveinbjörnsdóttur. Frá 2003 hafa húsin á Skeggstöðum verið nýtt sem frístundahús og eru í eigu afkomenda Sigvalda og Margrétar. Ábúendur Hofsár eignuðust jarðirnar Hofsárkot og Skeggstaði 1999 og nytja þær.

Athugasemd um hús.

Árið 1930, þegar Jóhann Jóhannsson átti Skeggstaði og Gamalíel Hjartarson bjó þar, var byggður fyrsti hluti íbúðarhússins sem enn stendur og aftur lagfært og byggt við 1936. Torfveggir á tvö vegu en klætt með pappa og bárujárni yfir á torf, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi og tvöfalda forstofu. Innanbyggt að fullu. Steypugólf í einu herbergi annars timburgólf. Stærð: 8,7 x 8,6 x 3,8 m. Enn var byggt við húsið 1963 og þá var búið að fjarlægja alla torfveggi og klæða húsið bárujárni.

Athugasemd um umhverfi húss.

Skeggstaðir voru leikmynd í kvikmyndinni Land og synir sem tekin í Svarfaðardal sumarið 1979.

Tímabil	Eigenda og íbúaskrá	
	Eigendur, íbúar	Börn
	Jóhann Jóhannsson, útibússtjóri	
1921-1935	Gamalíel Hjartarson Solveig Hallgrímsdóttir	Hannes (1906) Sveinn (1910)
1936-1964	Ingimar Guttormsson Jóhanna Sigurbjörg Jónasdóttir	Guðrún Jónína (1931) Jónas Auðunn (1937) Steingerður (1942)
1968-1969	Sigríður Jónsdóttir	
1964-1994	Sigvaldi Gunnlaugsson í Hofsárkoti Margrét Jóhannesdóttir	
1994-1998	Gunnlaugi Sigvaldasyni í Hofsárkoti	
1998-1999	Anna Berglind Sveinbjörnsdóttir	
1999-2003	Gunnlaugi Sigvaldasyni í Hofsárkoti	
2003 og enn	Sumarhúsafélagið Borgir	

Ytra-Hvarf íbúðarhús 1935 (Fastanúmer: 215-5859 / Landnúmer: 151946).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Tryggvi Jóhannsson. Tún 9 hestburðir, flatlent og hólar. Töðufall 5 síðustu ára um 124 hestburðir. Áhöfn 10 kýr, 84 kindur og 5 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 3-4 karlmenn, 3 stúlkur og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns.

Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935, af tvöfaldri járnbentri steinsteypu. 1 hæð og ris, járnþak. Stærð húss 12,75 x 7,5 x 5 m.

Geymsluhús sambyggt íbúðarhúsi af bárujárn og timbri, járnþaki. Stærð 3,8 x 4,4 x 3,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í nóv. 1935. eigandi Tryggvi Jóhannsson).

Íbúðarhús úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu á steinsteiptum grunni, ein hæð og ris með bárujárnþaki á langböndum þiljað innan á sperrur og stoppað á milli. Hæðinni skipt með steinsteypuskilrúmum í 7 herbergi og forstofu með uppgöngu á loftið. Allt málað og veggfóðrað. Á rishæð eru innanbyggð og skipt í tvö herbergi og 4 geymsluklefa. Stærð: 12,75 x 7,5 x 5,6 m.

Í 4 m. fjarlægð frá íbúðarhúsi er geymsluhús úr timbri og járn með bárujárnþaki á langböndum, skipt með timbur skilrúmum í 4 geymsluherbergi. Loft óinnanbyggt. Stærð: 3,8 x 4,4 x 4,0 m.

Stutt saga húss.

Það er í vitnisburðarbréfi frá 1543, sem fyrst er getið um "Hvarb", eins og nafnið er þá ritað, og er bréfið gert þar. Í byrjun 19. aldar hefur Þórður Jónsson bóndi á Hnjúki keypt jörðina og hefur hún verið í eigu niðja hans síðan. Jóhann Jónson hreppstjóri átti Ytra-Hvarf um aldamótin 1900 og sonur hans Tryggvi eignast jörðina 1917. Hann hóf búskap á Ytra-Hvarfi 1905 og bjó þar ásamt konu sinni Guðrúnu Soffíu Stefánsdóttur til 1965 þegar sonur þeirra, Ólafur tók við jörðinni allri en áður hafði Ólafur og kona hans Friðrika Haraldsdóttir búið í tvíbýli með Tryggva frá 1953. Á



árunum 1935-44 bjó dóttir Tryggva og Soffíu, Lilja og maður hennar Anton Baldvinsson á hluta Ytra-Hvarfs. Tryggvi var búfræðingur og bætti jörðina mikið og byggði m.a. nýtt íbúðarhús 1935 úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu á steinsteiptum grunni, ein hæð og ris með bárujárnþaki á langböndum, þiljað innan á sperrur og stoppað á milli. Tryggvi var áfram heimilisfastur á Ytra-Hvarfi til æviloka 1971, en þá eignaðist Ólafur sonur hans jörðina. Ólafur og Friðrika stóðu fyrir búi á Ytra-Hvarfi til 1976 en þá tók sonur þeirra Jóhann og kona hans Unnur María Hjálmarsdóttir við búinu og ráku það til 1996 þegar sonur þeirra Tryggvi og fyrri kona hans Ingunn Bylgja Einarsdóttir tóku við. Tryggvi bjó á Ytra-Hvarfi ásamt seinni konu sinni Elínu Sigríði Rafnsdóttur frá 1998 til 2001 en þá tók Jóhann faðir Tryggva aftur við jörðinni ásamt seinni konu sinni Herdísi Aðalheiði Geirsdóttur og búa þau þar enn.



Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1905-1971	Tryggvi Jóhannsson Guðrún Soffía Stefánsdóttir	Friðrik Jakob (1907) Lilja (1910) Jóhann (1916) Stefán (1917) Ólafur Sigurvin (1920)
1935-1944	Anton Baldvinsson Lilja Tryggvadóttir	Solveig (1936) Guðlaug Sigríður (1937) Guðrún Soffía (1942) Jóhann Friðrik (1946)
1971-1976	Ólafur Sigurvin Tryggvason Friðrika Vigdís Haraldsdóttir	Ævar Hjartarson (1940) Kristín (1951) Jóhann (1952) Jón Haraldur (1958)
1976-1997	Jóhann Ólafsson Unnur María Hjálmarsdóttir	Tryggvi (1973) Hafdís (1975) Heiðrún (1975) Helgi (1977) Daníel (1978) Sólveig (1983)
1997-2001 -1998 1998-2001	Tryggvi Jóhannsson Ingunn Bylgja Einarsdóttir Elín Sigríður Rafnsdóttir	

Syðra-Hvarf íbúðarhús 1939 (Fastanúmer: 215-6042 / Landnúmer: 151976).
bílskúr 1943 (Fastanúmer: 215-6040 / Landnúmer: 151976).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Áskell Jóhannesson. Tún 11 hestburðir, sumt harðlent og grýtt. Töðufall 5 síðustu ára um 287 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 180 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1½ kvenmenn og 1 unglingur. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1939 úr tvöfaldri steinsteypu. 1 hæð og pappalagt valmaþak. 7 herbergi, forstofa og gangur. Stærð húss 10,0 x 7,5 x 3,0 m.

Viðbygging úr bárujárnri á langborðum, þiljar og stoppað. 4 herbergi, kjallar4i undir hálfu húsinu. Stærð 4,9 x 5,9 x 2,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (virðing í nóv. 1939. eigandi Áskell Jóhannesson.)

Íbúðarhús úr tvöfaldri járnbenntri steinsteypu á steinsteypum grunni, ein hæð með valmaþaki úr borðum klætt tjörupappa. Hæðinni skipt með steinsteypum skilrúmum í 7 herbergi, forstofu og gang. Loft úr timbri, en gólf úr steinsteypu lagt timbri nema í eldhúsi og baðherbergi. Allt málað og veggfóðrað. Stærð: 10,0 x 7,5 x 3,8 m.

Áfast íbúðarhúsinu er byggð geymsla úr sama efni, ein hæð með valmaþaki úr bárujárnri á langböndum þiljað innan á langbönd og stoppað. Geymslunni skipt með timbur skilrúmum í 4 herbergi. Undir ½ geymslunni er steinsteypur kjallari 1,8 m. á hæð. Gólf geymslunnar yfir kjallara úr timbri annars úr steinsteypu. Stærð: 4,2 x 5,9 x 2,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985.

Íbúðarhús byggt 1987, timburgrind klædd utan og innan með timbri einangrað með 4 tommu steinull, járnklætt þak. Stærð: 9,1 x 4,5 x 3,3 m.

Stutt saga húss.

Máldagi frá 1394 getur fyrst um Syðrahvarf og þá er Vallakirkja eigandi þess. Varð engin breyting á eignarhaldinu fyrr en um 1924, að Áskell Jóhannesson keypti jörðina og átti hana á meðan hann bjó þar. Áskell tók við búi móður sinnar 1924. Áskell var góður búhöldur og lagði sig allan fram við að rækta jörð sína, bjó hana líka vel að vönduðum húsum. Árið 1939 byggði hann íbúðarhús úr tvöfaldri járnbenntri steinsteypu á steinsteypum grunni, ein hæð með valmaþaki úr borðum klætt tjörupappa. Loft úr timbri, en gólf úr steinsteypu lagt timbri nema í eldhúsi og baðherbergi. Áfast íbúðarhúsinu er byggð geymsla úr sama efni, ein hæð með valmaþaki úr bárujárnri á langböndum þiljað innan á langbönd og stoppað. Undir ½ geymslunni er steinsteypur kjallari 1,8 m. á hæð. Gólf geymslunnar yfir kjallara úr timbri annars úr steinsteypu. Áskell var ókvæntur og barnlaus. Lengi var ráðskona hans Þorbjörg Ó Jóhannesdóttir, en eftir að hún lést var Soffía Dóttir hennar innan stokks hjá Áskatli. Soffía ólst upp á Syðra-Hvarfi. Vorið 1961 seldi Áskell Sigurjóns Sigurðssyni og Elínborgu Gunnarsdóttur Syðrahvarf og bústofn sinn með. Þau Sigurjón og Elínborg fluttu hingað frá Vopnafirði og stóðu fyrir búi á Syðra-Hvarfi til 1987 þegar dóttir þeirra Jóhanna og hennar maður Hreinn Andrés Hreinsson tóku við búi þar.



Sigurjón og Elínborg byggðu sér lítið hús skammt sunnan íbúðarhússins á Syðrahvarfi og bjuggu þar meðan þau höfðu heilsu til. Hreinn og Jóhanna bjuggu á Syðra-Hvarfi til 2003 en fluttu þá til Akureyrar en seldu jörðina núverandi eigendur þeim Arngrími Baldurssyni og Svönu Halldórsdóttur á Melum. Eftir að Hreinn og Jóhanna fluttu, lagðist búskapur af á Syðra-Hvarfi en jörðin er nytjuð frá Melum.

Athugasemd um hús.

Húsið á Syðra-Hvarfi hefur verið vel byggt í upphafi og því verið vel viðhaldið og hefur verið að mestu óbreytt frá upphafi. Eftir að Arngrímur og Svana tóku við húsinu hafa verið gerðar umfangsmiklar viðgerðir að því. Skipt hefur verið um járn á þakinu og það einangrað upp á nýtt. Við það tækifæri voru reykháfar fjarlægðir. Húsið var einangrað að utan í timburgrind og það klætt veð bárujárn. Gluggar endurnýjaðir að nokkru leiti en útliti þeirra ekki breytt.



Athugasemd um umhverfi húss.

Á lóðinni, skammt fyrir ofan íbúðarhúsið stendur bílskúr (fastanúmer: 215-6040) sem byggður var 1943

	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1924-1961	Áskell Jóhannesson	
	Þorbjörg Ó. Jóhannesdóttir (ráðskona)	Soffía Vigfúsína Stefánsdóttir (1920)
	Soffía Vigfúsína Stefánsdóttir	
1961-1987	Sigurjón Sigurðsson Elínborg Gunnarsdóttir	Jóhanna (1957) Gunnar (1958) Sigurður (1962) Anna Solveig (1966)
1987-2003	Hreinn Andrés Hreinsson Jóhanna Sigurjónsdóttir	Sigurborg (1983) Einar (1985)
2003 og enn	Arngrímur Vídalín Baldursson Svana Friðbjörg Halldórsdóttir	

Hnjúkur

íbúðarhús 1942
hlaða 1944

(Fastanúmer: 215-5718 / Landnúmer: 151931).
(Fastanúmer: 215-5718 / Landnúmer: 151931).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í nóv. 1942 eign Kristinn og Gunnar Rögnvaldssynir).

Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, hátt ris. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum í 5 herbergi, kolaklefa og gang með steinsteypum stiga upp á aðalhæð. Hæðinni skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi og gang með timburstiga upp á lofthæð. Lofthæð óinnanbyggð. Þakið úr borðum og pappa klætt bárujárni. Stærð: 10,5 x 7,5 x 7,8 m.



Stutt saga húss.

Hnjúkur er gömul klaustursjörð og er fyrst getið í eigu Möðruvallaklausturs í heimild frá 1398. Við siðaskiptin varð Hnjúkur þjóðjörð allt fram á seinni hluta 19. aldar en þá keypti Þórður Jónsson á Hnjúki þessa ábýlisjörð sína og feðra sinna, og hafa niðjar hans átt hana séðan. Bræðurnir Kristinn og Gunnar Rögnvaldssynir frá Dæli, bjuggu á Hnjúki frá 1942 til 1947 en þá flutti Gunnar á föðurleifð sína Dæli og bjó þar allan sinn búskap. Kristinn tók þá við allri jörðinni á Hnjúki og bjó þar allan sinn búskap ásamt konu sinni Ernu Kristjánsdóttur. Meðan Gunnar og Kristinn bjuggu á Hnjúki var nýtt íbúðarhús byggt 1942 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, með hátt ris. Þakið úr borðum og pappa, klætt bárujárni. Kristinn og Erna stóðu fyrir búi á Hnjúki til 1979 og í sambýli við son sinn, Snorra og hans konu Rannveigu Guðnadóttur til 1997, þá brugðu þau búi og fluttu burt. Frá 1999 hefur verið stunduð sauðfjár- og hrossarækt á Hnjúki en ekki verið föst búseta fyrr en 2013 en þá fluttu núverandi eigendur þau Ingibjörg, dóttir Kristins og Ernu, og hennar maður Jón Þórarinsson.



Athugasemd um hús.

Húsið á Hnjúki hefur haldið útliti sínu í gegnum tíðina en eftir að jörðin fór úr fastri ábúð tóku afkomendur Kristins og Ernu sig saman og endurbættu húsið mikið. Skipt var um járn á þakinu og einangruðu það upp á nýtt. Við það tækifæri var reykhafrur tekinn niður. Húsið var einangrað að utan í timburgrind og settur vindpappi og klætt með lituðu prófílstáli. Gluggar voru endurnýjaðir og þeim breitt þannig að þar sem áður voru gluggar með standandi póstur voru settir í staðinn póstlausir gluggar.



Athugasemd um umhverfi húss.

Aftanvið íbúðarhúsið stendur braggabygging (fastanúmer: 215-5718) sem var reist 1944, og er nýtt sem hlaða.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1942-1947	Gunnar Rögnvaldsson	Hilmar (1945)
1945-1947	Kristín Óskarsdóttir	
1942-1997	Jón Kristinn Rögnvaldsson	Margrét Birna (1948)
1948-1997	Erna Kristjánsdóttir	Snorri Ragnar (1952) Ingibjörg Ragnheiður (1957) Kristjana Svandís (1957)
1979-1997	Snorri Ragnar Kristinsson Rannveig Guðnadóttir	Guðni Þór Ragnarsson (1974) Svanberg (1978) Ásta Sigurbjörg (1981)
2013 og enn	Jóhannes Jón Þórarinsson Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir	Eydís Ósk (1982) Brynhildur Heiða (1990)

Kóngsstaðir íbúðarhús 1935 (Fastanúmer: 215-5940 / Landnúmer: 151959).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Jóhann Jóhannsson og ábúandi er Óskar Júlíusson. Tún 5,9 hestburðir, jarðvegur grunnur, gróin skriða. Töðufall 5 síðustu ára um 108 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 50 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 af járnbentri steinsteypu 1 hæð með porti og kvisti, járnþak. Lítið innangert, ómálað og óveggfóðrað. Stærð: 13,4 x 4,4 x 4,6 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (virðing í apríl 1934. eigandi Jóhann Jóhannsson Dalvík)

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu ein hæð, port og ris með kvisti. Bárujárnsþak á langböndum. Aðalhæð skipt með timbur skilrúmum í þrjú alþiljuð herbergi, forstofu með uppgöngu á loftið og geymslu óinnanbyggða sem er ¼ af lengd hússins. Lofthæð skipt með timburskilrúmum í gang og þrjú herbergi eitt afþiljað. Stærð: 13,4 x 4,4 x 4,6 m.

Fjós byggt við íbúðarhúsið með torfveggjum á tvo vegu og timburhlið á hlað fram, þakið bárujárn. Stærð 6,3 c 4,4 x 2,7 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985.

Gamalt íbúðarhús með steinsteyptum útveggjum og járnklæddu þaki. Allar timburinnréttingar endurnýjaðar 1983. 7 hólf. Húsið notað sem sumarhús. Stærð: 13,2 x 4,5 x 4,0 m.

Stutt saga húss.

Fyrst er þessi jörð nefnd í Vallakirkjumáldaga frá 1318 og þá kölluð Konungsstaðir, en síðar oftast Kóngsstaðir. Hún var Vallakirkjueign frá því að fyrstu heimildir geta hennar og lengi síðan. Á seinni hluta 19. aldar er jörðin skráð, ásamt Hverhóli, eign Kvíabekskirkju og svo var enn 1910, en seinna komst hún í eigu Jóhanns Jóhannssonar útibússtjóra á Dalvík, og af dóttur hans Jórinni keyptu þeir jörðina, Óskar Júlíusson og sonum hans Aðalsteinn, árið 1953. Óskar bjó á Kóngstöðum frá 1924, fyrst sem leiguliði Jóhanns Jóhannssonar. Hann hefur þar enn bú 1968, og þó hann sé löngum með fjölskyldu sína á Dalvík, telur hann lögheimili sitt á Kóngstöðum. Meðan Óskar bjó þar var byggt íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu, ein hæð, port og ris með kvisti. Bárujárnsþak á langböndum. Ekki hefur verið föst ábúð á Kóngstöðum frá 1949 en eigendur nú eru afkomendur Óskars og Snjólaugar.



Athugasemd um hús.

Húsinu á Kóngstöðum hefur verið vel viðhaldið. Það er notað sem sumarhús. Á árunum villi 1960 -70 var settur riskvistur um 5 m breiður með tveimur gluggum vestan á húsið upp af útvegg. Skemma áföst húsinu hefur verið endurbyggð og klædd með strikuðum krossvið. Skipt var um glugga í því fyrir nokkrum árum, en útliti þeirra var ekkert breytt.

Athugasemd um umhverfi húss.

Lítill trjágarður var sunnan við húsið sem búið er að fjarlægja en eftir stendur eitt gamalt reynitré.

	Eigenda og íbúaskrá	
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1920-1945	Jóhann Jóhannsson útibússtjóri Dalvík	
1945-1953	Jórunn Jóhannsdóttir	
1953-	Óskar Kristinn Júlíusson Snjólaug Aðalsteinsdóttir	Aðalsteinn Sveinbjörn (1916) Kristín (1920) Valdemar (1922) Friðrika Elísabet (1925) Ástdís Lilja (1934) Árni Reynir (1934)

Þverá í Skíðadal

Íbúðarhús 1938
fjós 1943
hlaða 1943

(Fastanúmer: 215-6212 / Landnúmer: 217357).
(Fastanúmer: 215-6213 / Landnúmer: 217357).
(Fastanúmer: 215-6213 / Landnúmer: 217357).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Vigfús Björnsson. Tún 4,5 hestburðir, allgott sumt grýtt. Töðufall 5 síðustu ára um 148 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 59 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2½ karlmenn, 1 unglingur og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í sept. 1939. eigandi Soffía Jónsdóttir).

Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunnni, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Útveggir klæddir tjörupappa. Hæðinni skipt í 6 herbergi, tvöfalda forstofu og stigagang í loft upp. Öll hæðin fullgerð, máluð og veggfóðruð. Rishæðin óinnanbyggð geymsla. Stærð: 8,9 x 7,5 x 4,7 m.

Fjós í 3,5 m. Fjarlægð frá íbúðarhúsi byggt úr grjóti og torfi, torfþak á röftum. Stærð: 7,4 x 5,7 x 3,0 m.



Þverá Skíðadal íbúðarhús 1938 og 1953. eigandi Sveinn Vigfússon.

Íbúðarhús á steinsteyptum grunnni úr R-steini. 3m háu risi og kvisti. Þak úr borðum og pappa klætt bárujárni. Ein hæð, með kjallara undir á 24 m² gólfleti. Kjallara skipt í tvennt með steinsteyptu skilrúmi með uppgöngu á hæðina. Stigi úr steinsteyptu. Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum í 5 herbergi 2 forstofur og gang með uppgöngu á rishæð stigi úr steinsteyptu. Hæðin að fullu frágengin. Stærð: 11,5 x 6,9 x 5,6 m.



Sambyggt íbúðarhúsi er hús byggt úr timbri veggir klæddir bárujárni, þak úr bárujárni á langböndum. Ein hæð, henni skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi máluð og dúklögð. Stærð: 7,5 x 5,0 x 4,0 m.

Stutt saga húss.

Þverár er fyrst getið í reikningum Möðruvallaklausturs 1447 og var þá eign klaustursins. Varð síðan konungseign um síðaskiptin og síðar landsjóðsjörð allt fram til 1909, þá keypti Vigfús Björnsson jörðina. Hann bjó á Þverá ásamt konu sinni Soffíu Jónsdóttur til æviloka. Hann keypti Þverá er hann flutti þangað og var fyrirhyggjusamur búmaður. Vigfús átti við heilsuleysi að stríða og lést fyrir aldur fram 1938 eftir langa sjúkrahúslegu. Synir hans, Björn og Sveinn, tóku þá við búsföráðum og bjuggu félagsbúi á Þverá til 1951, en eftir það tók Sveinn alveg við búinu. Björn var lærður trésmiður og vann einkum að húsasmíðum innan sveitar og var mjög eftirsóttur til ýmiss konar lagfæringa á híbýlum bænda í Svarfaðardal. Þegar þeir bræður tóku við búi á Þverá 1938 byggðu þeir hús aftan við og áfast gamla framhúsinu. Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum grunnni, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Útveggir klæddir tjörupappa. Aftur var kominn tími til byggingaframkvæmda 1953. Þá var framhúsið rífið og byggt í staðinn íbúðarhús á steinsteyptum grunnni úr R-steini. 3m háu risi og kvisti. Þak úr borðum og pappa klætt bárujárni. Ein hæð, með



kjallara undir á 24 m² gólfleti. Kjallara skipt í tvennt með steinsteyptu skilrúmi með uppgöngu á hæðina. Stigi úr steinsteypu. Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum í 5 herbergi 2 forstofur og gang með uppgöngu á rishæð stigi úr steinsteypu. Sveinn og kona hans Þórdís Rögnvaldsdóttir bjuggu góðu búi til 1975 en þá tók sonur Þórdísar Ingvi Eiríksson og kona hans Sigrún Þorsteinsdóttir við búinu og keyptu jörðina en Sveinn og Þórdís fluttu til Dalvíkur. Eftir að Ingvi og Sigrún brugðu búi 1995 seldu þau Ólkari Gunnarsyni í Dæli jörðina og fluttu til Akureyrar. Óskar nýttjaði túnin frá Dæli og notaði útihúsin undir gripi. Íbúðarhúsið stóð tómt og ónotað til 2003 en þá komu þau Bernd Ogrodnik brúðugerðarmaður og Hildur Magnea Jónsdóttir kona hans og tóku það á leiru. Þau fluttu burt 2009 og húsið var nýtt í ferðapjónustu. Núverandi eigendur að íbúðarhúsinu á þverá eru þau Dagur Óskarson og Bryndís Brynjólfsdóttir. Þau keyptu íbúðarhúsið, gamla fjósið, hesthús, hlöðu og skúr, auk 7,6 h lands af Óskari í Dæli, 2012



Athugasemd um hús.

Fljótlega eftir að Óskar eignaðist þverá fór hann að leigja það úr fyrir ferðamenn á sumrin. Um árið 2000 fór hann í viðgerðir á elsta hluta þess. Hann reif bárujárn sem var utaná húsinu og hreinsaði reiðings-tróð sem var til einangrunar og einangraði upp á nýtt með steinull og klæddi húsið utan með 9 mm krossvið. Einnig skipti hann um bárujárn á þaki og skipti um borð í þakklæðningu sem farið var að fúna. Negld voru borð utan á sperrur þar sem sperrur voru farnar að síga og bogna. Eftir að Dagur og Bryndís keyptu þverá hafa þau haldið áfram við endurbætur á húsinu en fyrst og fremst á nýrri hlutanum.

Athugasemd um umhverfi húss.

Skammt fyrir ofan íbúðarhúsið stendur gamla fjósið byggt 1943 (fastanúmer: 215-6213), sem nú er nýtt sem hesthús. Sambyggð fjósinu er hlaða (fastanúmer: 215-6213), reist sama ár og er notuð sem vélageymsla og verksræði.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1909-1938	Vigfús Björnsson Soffía Jónsdóttir	Ólöf (1901) Guðrún Sumarrós (1908) Jónína (1911) Björn (1913) Sveinn (1917) Ari (1921)
1939-1951	Björn Vigfússon	
1939-1975 1951-1975	Sveinn Vigfússon Þórdís Rögnvaldsdóttir	Jón Kristinn Ingvi Eiríksson (1946) Vignir (1950) Soffía Heiðbjört (1955) Ragna Valborg (1956)
1975-1995	Jón Kristinn Ingvi Eiríksson Sigrún Þorsteinsdóttir	Rögnvaldur (1967) Sigurjóna Þórdís (1969) Sveinborg Jóhanna (1971)
1995-2003	Í eyði	
2003-2009	Bernd Ogrodnik Hildur Magnea Jónsdóttir	

2009-2010 Íbúðarhúsið nýtt í ferðaþjónustu

2010 og enn

Dagur Óskarsson
Bryndís Hrund Brynjólfsdóttir

Steinunn Sóllilja (2008)

Samkomuhús UMF Skíði í Þverárlandi

(virðing í nóv. 1937. eigandi UMF Skíði).

Samkomuhús byggt úr bárujárni og timburgrind á steinsteyptum grunni. Bárujárnsþak á langböndum. Innanbyggt úr timbri og skipt með timburskilrúmunum í senu, komusal, geymsluklefa og forstofu. Stærð: 7,8 x 4,8 x 3,2 m.



(Úr gjörðarbók U.M.F. Skíða)

“Fundargerð aðalfundar. Sunnudaginn þann 30. jan. 1938 var haldinn sjötti aðalfundur í U.M.F.Skíða í samkomuhúsi félagsins að Þverá í Skíðadal. Í starfskýrslu félagsins kom fram undir IX.lið. Byggingarmál. Á árinu réðist félagið í að byggja samkomuhús. Félagið kaus 4. menn á fundi að Hnjúki þann 11. apríl 1937 er skyldu starfa að framkvæmdum byggingar ásamt stjórn félagsins. Nefndin hóf síðan starfsemi sína á síðastliðnu vori. Fékk hún lóð undir húsið á Þverártúni fyrir 6,00 kr. Gjald á ári hjá Vigfúsi Björnssyni eiganda jarðarinnar. Síðan var byggingin framkvæmd af félagsmönnum sumpart í frístundum þeirra nú í sumar. Þann 21. nóvember var smíðinni lokið. Í nefnd sitja auk stjórnar, Óskar Júlíusson. Aðalsteinn Óskarsson, Gunnar Rögnvaldsson og Þórhallur Pétursson”.



Stutt saga húss.

Samkomuhús U.M.F. Skíða stóð á malarbakkanum skammt sunnan og neðan við íbúðarhúsið á Þverá. Húsið var byggt úr bárujárni og timburgrind á steinsteyptum grunni. Bárujárnsþak á langböndum. Innanbyggt úr timbri og skipt með timburskilrúmunum í senu, komusal, geymsluklefa og forstofu. Tveir stórir gluggar eru á suðurhlíð hússins, og voru í upphafi gluggar með lituðu gleri. Þessir gluggar voru fengnir úr einhverju húsi sem verið ver að rífa (vantar betri upplýsingar). Þessir gluggar eru löngu horfnir. Öflug starfssemi var í húsinu fyrstu árin eftir að það var byggð. Allir fundir ungmennafélagsins og ýmsan samkomur á vegum þess. Þar var til húsa deild úr Lestrarfélagi Svarfdæla. Síðast en ekki síst fór fram kennsla barna úr Skíðadal þar. Húsið var notað sem Samkomuhús fram yfir 1950, en eftir að Húsabakkaskóli tók til starfa 1955 lagðist kennsla af í Skíðadalnum. Húsið stóð þarna fram á bakkanum til 195? En þá var það flutt upp fyrir bæinn á Þverá, og sett ofan á steypnan grunn með lágum áburðarkjallara, þar sem það stendur enn. Eftir að þangað kom hefur það fyrst og fremst gengt hlutverki gripahúss. Þar hafa átt skjól kindur, trippi og kálfar.

Athugasemd um hús.

Eftir að Óskar Gunnarson í Dæli eignaðist Þverá, fór hann í að lagfæra húsið. Hann skipti um gólf, sem geta má nærri var alveg ónýtt. Panell innaná veggjum var ótrúlega heill þrátt fyrir ágang skepnanna, en það sem skemmt var bætti hann með eins panel sem hann fékk úr húsi sem verið ver að lífa.



Athugasemd um umhverfi húss.

Núverandi eigandi Þverár, Dagur Óskarson, talar nú um að flytja húsið aftur á sinn gamla stað og halda áfram að koma því í upprunalegt stand.

Ytri-Másstaðir íbúðarhús 1942 (Fastanúmer: 215-5880 / Landnúmer: 216521).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í nóv. 1941. eigandi Aðalsteinn Óskarsson).

Íbúðarhús úr steinsteypu, ein hæð porti og lágu ris. Bárújárnsþak á langböndum. Útveggir þiljaðir innan og reiðingstróð á milli. Hæð er skipt með timburskilrúmum í eitt íbúðarherbergi, eldhús, forstofu og geymsluklefa, allt að fullu frágengið. Loftið óinnanbyggð geymsla. Stærð: 6,8 x 4,2 x 3,8 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í nóv. 1942 eigandi Aðalsteinn Óskarsson).

Íbúðarhús úr holsteini á steinsteyptum grunni, ein hæð með valmaþaki úr borðum pappa klætt bárújárni. Hæðinni skipt með steinsteypskilrúmum í 4 herbergi og gang, gólf steinsteypt og loft úr timbri. Stærð: 7,5 x 7,15 x 3,8 m.

Áfast íbúðarhúsi er byggt hús úr steinsteypu, ein hæð með lágu risi. Þakið úr bárújárni á langböndum. Hæðinni skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi og forstofu. Stærð: 6,7 x 4,2 x 3,8 m.

Stutt saga húss.

Elsta heimild um Másstaði, eða Márstaði eins og þá var ritað, er í máldaga frá 1454. en ekki er þar getið um eiganda jarðarinnar. Það er fyrst í heimild 1526 að sú vitneskja fæst, að Másstaðir hafa verið bændaeign frá upphafi vega. Jörðin skiptist í tvennt um 1652, (syðri og ytri Másstaði) vegna þess að snjóflóð eða skriða féll á bæinn og tók hann alveg af. Á fyrsta áratug síðustu aldar voru margir eigendur af Ytri-Másstöðum. Árið 1941 keypti Aðalsteinn Óskarson frá Kóngsstöðum jörðina af Birni Jónssyni, sem hafði átt hana frá 1916, en hafði jörðin staðið þá í eyði frá 1934. Hann kom sér þar vel fyrir ásamt konu sinni, Sigurlaugu Jóhannsdóttur, og byggði m.a. íbúðarhús 1941 úr steinsteypu, ein hæð porti og lágu ris. Bárújárnsþak á langböndum, útveggir þiljaðir innan og reiðingstróð á milli. Strax árið eftir byggir hann við stærra húsið áfast hinu úr holsteini á steinsteyptum grunni, ein hæð með valmaþaki úr borðum pappa klætt bárújárni. Aðalsteinn brá búi 1950 og flutti til Dalvíkur og seldi þá Helga Aðalsteinssyni Ytri-Másstaði. Helgi var dugnaðar bóndi og byggði talsvert upp og bætti jörðina þau fáu ár sem honum auðnaðist að búa á Másstöðum. Hann fórst í snjóflóði 3. nóv. 1955, er hann var að huga að fé í fjallinu fyrir ofan bæ sinn. Sambýliskona hans var Ester Jósavinsdóttir og bjó hún áfram á Ytri-Mástöðum eftir að Helgi féll frá, þar til að sonur þeirra, Jósavin, tók við búinu 1969. Jósavin og sambýliskona hans bjuggu á Másstöðum til 1981 en fluttu þá til Akureyrar en við jörðinni tóku Sverrir Gunnlaugsson og Gunnhildur Frímánn. Þau bjuggu aðeins í tvö ár, til 1983 fluttu þá burt og jörðin fór í eyði. Ábúendur í Dæli í Skiðadal og á Hóli í Svarfaðardal eignuðust jörðina og nytja hana til helminga.



Athugasemd um hús

Óskar Gunnarson í Dæli eignaðist húsið 1991 og gerði það upp að miklu leiti. Byggt var við húsið þannig að elsti partur þess varð jafn breiður og hinn partur þess og er því húsið allt jafnbreitt og ferkantað. Húsið var einangrað í timburgrind og klætt utan með masonítborðum. Skipt var um glugga og þei breytt.



Sett var eitt nýtt rispak yfir allt húsið með lágu risi, í stað þeirra tveggja þaka sem voru á sinnhvorri álmunni áður. Við þakskiptin vorð reykhafarnir tveir sem voru, fjarlægðir. Af þessum endurbótum loknum leigði Óskar smiðnum, Ingabirni Steingaímssyni sem unnið hafði verkið að vestu leiti, húsið. Ingibjörn bjó í húsinu á Syðri-másstöðum ásamt sambýliskonu sinni Önnu Sólveigu Sigurjónsdóttur frá 1991 til 2002 en þá fluttu þau í Hæringsstaði og húsið fór aftur í eyði. Helga Björt Möller tekur húsið á leigu 2004 og býr þar fyrst ein og frá 2007 með manni sínum Óliver Hilmarssyni. Þau keyptu húsið af Óskari 2008 og þá fékk eignin nafnið Másstaðir. Helga og Óliver áttu húsið til 2014 en seldu þá núverandi eigendur þeim Brynhildi Heiðu Jónsdóttur og Hjálmar Birgi Jónssyni Másstaði.



Athugasemd um umhverfi húss.

Sunnan við húsið er trjagarður með birki- og aspartrjám.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1941-1950	Aðalsteinn Óskarson Sigurlaugu Jóhannsdóttur	Ásta Ingiamría (1941) Snjólaug Ósk (1946) Karlotta Birgitta (1949)
1950-1955 -1969	Helgi Aðalsteinsson Ester Jósavinsdóttir	Rósa (1943) Jósavin Hlífur (1945) Eiríkur Birkir (1948) Steinunn Aldís (1952) Ingibjörg Þórunn (1955)
1969-1981	Jósavin Hlífur Helgason Kristín Ólafsdóttir	Kjartan Ingvar (1970) Kári Már (1972)
1981-1983	Sverrir Gunnlaugsson Gunnhildur Frímann	
1984-2008 1991-2008	Atli Friðbjörnsson Óskar Gunnarsson	
1983-1991	Í eyði	
1991-2002	Ingibjörn Steingrímsson Anna Sólveig Sigurjónskóttir	
2002-2004	Í eyði	
2004-2014 2007-2014	Helga Björt Möller Óliver Hilmarsson Hjálmar Birgir Jónsson Brynhildur Heiða Jónsdóttir	Urður (2009)

Tungusel við Tungurétt.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959

Tungusel við Tungurétt 19??. (virðing ágúst 1960. eigandi Kvenfélagið Tilraun)

Veitingaskáli við Tungurétt byggður úr bárujárni á timburgrind hólfaður í þrjú herbergi með timburskilrúmum. Stærð: 96,5 m³. 8,5 x 5,1 x 2,5 m. Notaður til veitingasölu á haustréttum.

Virðingarbækur B.Í. 1985.

Skáli eldri hluti úr timbri járnlæddir. Stærð: 8,7 x 5,2 x 2,6 m.

Viðbygging byggð 1984 úr timbri, járnlædd. Stærð: 5,0 x 4,5 x 2,6 m.

Tungufell

geymsla 1900
íbúðarhús 1936

(Fastanúmer: 215-6138 / Landnúmer: 151998).
(Fastanúmer: 215-6140 / Landnúmer: 151998).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Guðmann Þorgrímsson. Tún 12,6 hestburðir, gamla túnið brattlent jarðvegur grunnum. Töðufall 5 síðustu ára um 300 hestburðir. Áhöfn 7 kýr, 63 kindur og 7 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1936 af tvöfaldri steinsteypu 1 hæð á kjallara, lágbak pappklætt. Aðalhæð 5 herbergi, forstofa. Kjallari 5 herbergi, gangur. Stærð: 7,8 x 7,1 x 5,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í nóv. 1939 eigandi Guðmann Þorgrímsson).

Íbúðarhús úr tvöfaldri járnbennti steinsteypu, kjallari, ein hæð með valmapaki, úr borðum, klætt tjörupappa. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi og gang með uppgöngu á hæðina. Steingólf, klætt timbri í eldhúsi. Aðalhæð skipt með steinsteypu skilrúmum í 5 herbergi og forstofu, gólf og loft úr timbri. Öll herbergi aðalhæðar fullgerð. Stærð: 7,8 x 7,1 x 5,7 m.

Stutt saga húss.

Það er fyrst í jarðakaupabréfi frá 1409 sem Tungufell er nafngreint og er þá bænda eign. Lengst af var jörðin í eigu manna sem voru búsettir annarstaðar á landinu. 1875 eignast Sigurður Sigurðsson frá Syðra-Garðshorni Tungufell og bjó þar til æviloka 1907. Tengdasonur hans Zóphonías G Baldvinsson tók við búi 1901. Hann bjó á Tungufelli til 1903 en þá tók annar tengdasonur Sigurðar, Þorvaldur J Baldvinsson frá Böggvistöðum og kona hans Sigríður



Sigurðardóttir við. Þau áttu tungufell og sátu jörðina til 1929 en fluttu þá til Dalvíkur en dóttir þeirra Þóra Sigurrós og maður hennar Guðmann Kristinn Þorgrímsson tóku við búinu. Þau eignuðust Tungufell meðan þau bjuggu þar og bættu jörðina talsvert. M.a. reisti þau íbúðarhús 1936 úr tvöfaldri járnbennti steinsteypu á kjallara, ein hæð með valmapaki úr borðum, klætt tjörupappa. Kjallari með steinsteypum skilrúmum og steingólfi, klætt timbri í eldhúsi. Aðalhæð með steinsteypu skilrúmum, gólf og loft úr timbri. Guðmann brá búi 1953 og flutti með alla sína fjölskyldu til Reykjavíkur. Þá tók við búi á Tungufelli systir Þóru, Elíngunnur Þorvaldsdóttir og hennar maður Friðgeir Ingibjörn Jóhannsson og bjuggu þau þar til 1967 en fluttu þá á Hellu á Árskógströnd. Tungufell fór í eyði þegar Friðgeir og Elíngunnur fluttu þaðan en seinna kom Guðmann Þorgrímsson þangað einn síns liðs. Börn Guðmanns eignuðust Tungufell eftir hans dag og áttu jörðina til 2003 þegar þau seldu Erlingi Aðalsteinssyni og Láru M Ellingsen Tungufell. Þau nýttu gamla húsið sem frístundahús og hafa endurbætt það mikið. Erlingur féll frá 2012 og er Lára nú skráður eigandi 50% Tungufells og börn hennar þau Óttar Gauti og Ólöf Hörn skrá fyrir hinum 50%.



Athugasemd um hús.

Fljótlega eftir að Erlingur og Lára eignuðust Tungufell hófust þau handa við að gera húsið upp. Húsið var einangrað í timburgrind og klætt utan með vatnasklæðningu. Skipt var um glugga og þei breytt lítillaga. Áður voru gluggar með ímist einum eða tveimur standandi póstum sem skiptu glugganum í

eitt mjórri hólfi og him stærri og mjórri hólfinu skipt með einum þverpósti sem skipti því hólfi í stærra hólfi að neðan en í minnahólfinu að ofan var laust fag. Nú er gluggum skipt með einum standandi pósti sem skiptir glugganum í tvö hólfi og mjórri hólfið með lausu fagi. Skipt var um járn á þaki og það lagfært.

Athugasemd um umhverfi húss.

Fallegur trjagarður er í kring um húsið með birki, reyni og víðitrjám. Timbur sólpallur er sunnan við húsið. Bæjarlækurinn rennur með nettur fossi rétt sunnan við húsið handan lækjar stendur hluti af útihúsi sem upphaflega var fjós (Fastanúmer: 215-6138) og er að stofninum til frá 1900, sem búið er að byggja upp og byggja við og klæða með bárujárni.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1929-1953	Guðmann Kristinn Þorgrímsson Þóra Sigurrós Sigurðardóttir	Salbjörg Helga (1928) Þorgrímur Árelíus (1930) Þorvaldur Sigurður (1931) Höskuldur Eyfjörð (1932) Kristín Guðrún (1934) Hartmann Guðmundur (1935) Hallgrímur Sigurvin (1939) Rósa Sigríður (1941) Guðmann Þór Skagfjörð (1945)
1953-1967	Friðgeir Ingibjörn Jóhannsson Elíngunnur Þorvaldsdóttir	Stefán Ragnar (1947) Jóhann Þór (1949) Rebekka Sigríður (1954) Ragnheiður Rut (1962)
2003-2012 2003 og enn	Erlingur Friðrik Aðalsteinsson Lára María Ellingsen Óttar Gauti Erlingsson Ólög Hörn Erlingsdóttir	

Hæringstaðir íbúðarhús 1947 (Fastanúmer: 215-5828 / Landnúmer: 193025).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í apríl 1948. eigandi Árni Jónsson).

Íbúðarhús byggt úr steinsteypu úr R-steini, ein hæð á steinsteypum kjallara. Með 18 m risi, með borða- og pappabaki. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í 6 geymsluherbergi, forstofu og gang með uppgöngu á hæðina. Stigi steinsteypur. Hæðinni skipt með steinsteypu skilrúmum í 8 herbergi, forstofu og gang. Rishæðin óinnbyggð. Stærð: 14,5 x 8,2 x 6,2 m. Útbygging úr sama efni. Stærð: 4,5 x 1,5 x 6,2 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985

Íbúðarhús hlaðið 1947 18 hólf. Stærð: 14,2 x 8,0 x 5,9 m. 1,5 x 4,4 x 5,9 m.

Hlaða steyp tjárnklæddu þaki byggð 1945. Stærð: 17,0 x 5,0 x 6,0 m.

Stutt saga húss.

Í Svarfdælu er getið um Hæring bónda á Hæringstöðum, sem féll í bardaga nálægt bæsimun. Síðan er ekkert um Hæringstaði vitað fyrr en í jarðakaupabréfi gerðu á Grýtubakka 1477. Um aldamótin 1900 voru eigendur Hæringstöðum tveir, Árni Runólfsson á Atlastöðum og Páll Bergsson kaupmanns í Ólafsfirði. Átti Páll sinn hluta lengi. Eða til 1941, er hann seldi hana Jóni Jóhannessyni. Árna hluta eignaðist fyrst Jóhannes Sigurðsson en síðan sonur hans, Jón Jóhannesson, og átti hann þá jörðina alla. Jón og kona hans Lilja Árnadóttir stóðu fyrir búi frá 1916 til 1944 en þá tóku synir þeirra við búi og þó aðallega Árni. Voru gömlu hjónin hjá þeim til æviloka. Árni tók við búi 1944 og bjó þar til æviloka. Lengi vel bjó hann þar í félagi við bræður sína, Þórarinn, Gunnar og Svein, en eftir að sá síðastnefndi dó 1965, rak hann búið einn ásamt sambýliskonu sinni Bergþóru Stefánsdóttur. Þeir bræður áttu alla jörðina og stórbættu hana með mikilli ræktum og traustum byggingum. Íbúðarhúsið byggðu þeir 1947 úr R-steini, ein hæð á steinsteypum kjallara. Með 1,8 m risi, með borða- og pappabaki. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum og uppgöngu á hæðina. Stigi steinsteypur. Hæðinni skipt með steinsteypu skilrúmum. Útbygging úr sama efni. Árni lést fyrir aldur fram tæplega fimmtugur að aldri. Eftir lát hans bjó Bergþóra á Hæringstöðum með börnum þeirra til vorsins 1974, en flutti þá til Akureyrar. Sigurður Jóhannsson og kona hans Jóna Garðarsdóttir, fluttu frá Skeggjabrekku í Ólafsfirði og tóku Hæringstaði á leigu af börnum Árna 1974 og bjuggu þar til 1976, en fluttu þá í Hrísa við Dalvík. Þá tóku Jóhannes Jón Þórarinsson og Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir við Hæringstöðum og keyptu jörðina af börnum Árna og Bergþóru og bjuggu þar til 1998 en fluttu þá í Skáldalæk. Búskap var þá á Hæringstöðum og jörðin lagðist undir nágrannajarðirnar Búrfell og Klaufabrekknakot til helminga. Íbúðarhúsið svo og önnur útihús, að undanskilinni vélageymslu, keyptu Ingibjörn Steingrímsson og Anna Sólveig Sigurjónsdóttir, og bjuggu þau þar frá 2002 til 2010. Eftir fráfall Ingibjörns áttu börn hans og Sólveig húsið en seldu það 2012. Núverandi eigandi hússins er Norðurland ehf.



Athugasemd um hús.

Húsið er lítið sem ekkert breitt hið ytra frá upphafi fyrir utan venjulegt viðhald.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1916-1969 -1959	Jón Jóhannesson Lilja Árnadóttir	Jón Þórarinn (1918) Árni (1920) Sveinn (1922) Gunnar (1924) Torfi (1927) Kristinn (1928) Jónína (1932) Solveig (1934)
1944-1969 -1974	Árni Jónsson Bergþóra Stefánsdóttir	Sigurlína (1944) Lilja (1945) Áslaug Eva (1948) Stefán (1951) Sigurbjörg (1954) Jón (1956) Óskar (1957) Kristján Bergur (1960) Ósk Jórunn (1963) Sveinn (1966)
1944-1950 1944-1953 1944-1965	Jón Þórarinn Jónsson Gunnar Jónsson Sveinn Jónsson	
1974-1976	Sigurður Jóhannsson Jóna Garðarsdóttir	Rósa María (1966) Friðjón (1967) Gunnlaug Ósk (1969) Sigurbjörg Helga (1974)
1976-1998	Jóhannes Jón Þórarinsson Ingibjörg Ragnheiður Kristinsdóttir	Kristín Svardís (1978) Eydís Ósk (1982) Brynhildur Heiða (1990)
1995-2001	Jarðasjóður ríkisins	
2001-2003	Gunnlaugur Þorsteinsson Guðrún Marinósdóttir	
2002-2010 -2012	Ingibjörn Steingrímsson Anna Sólveig Sigurjónsdóttir	Marteinn (1991) Sandra Katrín (1997)
2012 og enn	Norðurland ehf	

Skeið

íbúðarhús 1935
fjós 1936
hlaða 1937

(Fastanúmer: 215-6097 / Landnúmer: 151991).
(Fastanúmer: 215-6098 / Landnúmer: 151991).
(Fastanúmer: 215-6101 / Landnúmer: 151991).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Sveinn Sigurðsson og ábúandi er Einar Sigurhjartarson. Tún 7,3 hestburðir, jarðvegur grýttur og harður. Töðufall 5 síðustu ára um 166 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 121 kindur, 2 geldneyti og 5 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 10 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 úr timbri á steiptum kjallara, 1 hæð með porti, risi og kvisti, járnþak. Stærð: 9,5 x 5,35 x 6,8 m.

Sambyggður skúr steinsteyptur með járnþaki. Stærð: 9,5 x 4,5 x 2,8 m.

Fjós fyrir 7 kýr úr torfi, grjóti með torf og járnþaki.

Hlandþró 17,5 m³ alsteypt. Hesthús fyrir 6 hesta alsteypt. Fjárhús fyrir 130 kindur steipt með timburstafn. 1 hlaða 280 m³ steinsteypt.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í sept. 1935, eigandi Sveinn Sigurðsson).

Íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum kjallara, ein hæð, port og ris með kvisti. Bárújárnþak á langböndum. Kjallara skipt með stein skilrúmum í þrjú herbergi og gang með uppgöngu á aðalhæð. Aðalhæð skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi og forstofu með uppgöngu á loftið. Allt innanbyggt. Lofthæð skipt með timbur skilrúmum í 3 herbergi, eitt þeirra innanbyggt en tvö geymslugerbergi. Stærð: 9,5 x 5,35 x 6,8 m. Sambyggt en úr sama efni, ein hæð með skúrþaki, skipt með timburskilrúmum í þrjú herbergi. Innanbyggt að fullu. Stærð: 9,5 x 4,1 x 3,2 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985

Íbúðarhús timburgrind, járnklætt. Byggt 1935. 11 hólf. Stærð: 8,9 x 5,5 x 3,7 m. 8,9 x 4,1 x 2,9 m.

Kjallari steinsteyptur. Stærð: 8,9 x 5,5 x 2,1 m. Fjós hlaðið, timburþak. Byggt 1936. Stærð: 20,8 x 5,0 x 2,6 m. Haughús steinsteypt 1940. stærð: 7,0 x 6,0 x 2,3 m. Hlaða steipt, járnklætt þak. Byggt 1937. Stærð: 11,4 x 4,5 x 4,0 m. Skúr við hlöðu byggð 1937, hlaðinn. Stærð: 4,6 x 2,5 x 2,0 m. Fjós byggður 1950, hlaðin, járnklætt þak. Stærð: 10,7 x 18,2 x 3,2 m.

Stutt saga húss.

Getið er um Skeið í Bolla þætti Bollasonar og ennfremur í Guðmundar sögu góða, Arasonar. Fyrsta haldgóða heimildin um Skeið er frá 1447, en það er skrá yfir eignir Möðruvallaklausturs. Var jörðin í eigu klaustursins á meðan það stóð, en síðan varð hún konungseign og eftir það þjóðjörð allt fram til 1910 eða lengur. Árið 1917 kaupir Sveinn Sigurðsson Skeið og bjó þar frá 1919. Sveinn var lærður húsasmiður og vann mikið að byggingum húsa, aðallega í Svarfaðardal og á Dalvík. Bygði hann m.a. gott hús af timbri á Skeiði og gerði fleiri gagnlegar endurbætur á jörðinni. Sveinn kvæntist ekki og stóðu systur hans fyrir búi með honum. Þegar hann brá búi 1937, tóku bróðursynir hans, Einar Kristján og Sigurvin Sigurhjartarsynir við ábúðinni, og átti hann heima hjá þeim síðan. Bræðurnir Einar og Sigurvin bjuggu



saman á Skeiði miklu þrifnaðarbúskap og bættu jörðina mikið. Kona Sigurvins var Jónína Jóhannsdóttir frá Búrfelli. Eftir að Einar dó 1972 fluttu þau Sigurvin og Jónína til Dalvíkur 1973 og þá keyptu þau Haukur Sigtryggur Valdimarsson og Margrét Birna Kristinsdóttir skeið. Þau bjuggu á Skeiði til 1993 en fluttu þá aftur til Dalvíkur og seldu Jóni Smára Jónssyni og Þóru Vordísi Halldórsdóttur jörðina. Þau eiga Skeið til 1998 þegar þau selja Klaufa ehf. sem selur síðan Claudio Helmut Wabner og Myriam Dalstein íbúðarhúsið og útihúsin auk 2,6 h lóðar 1999, en jörðin að öðru leiti nýttuð frá Klaufabrekkum. Núverandi eigandi húsanna er Miriam Dalstein og rekur hún þar ferðaþjónustu ásamt manni sínum Ingimar Guðmundssyni.

Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.

Á lóðinni skammt frá íbúðarhúsinu standa eftirtaldar byggingar:

Fjós hlaðið, timburþak. Byggt 1936. Stærð: 20,8 x 5,0 x 2,6 m. / Haughús steinsteypt 1940. stærð: 7,0 x 6,0 x 2,3 m. / Fjós byggður 1950, hlaðin, járnklætt þak. Stærð: 10,7 x 18,2 x 3,2 m (Fastanr: 215-6098)
Hlaða steyp, járnklætt þak. Byggt 1937. Stærð: 11,4 x 4,5 x 4,0 m. Skúr við hlöðu byggd 1937, hlaðinn. Stærð: 4,6 x 2,5 x 2,0 m. (Fastanr: 215-6101)



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1919-1936	Sveinn Sigurðsson	
1919-?	Sigríður Sigurðardóttir (bústýra)	
1920-1949	Stefanía Sigurðardóttir	
1920-1953	Sigurhjörtur Sigurðsson	
1937-1972	Einar Kristján Sigurhjärtarson	
1920-1970	Ingibjörg Sigurhjärtardóttir Kristín Sigurhjärtardóttir	
1937-1973	Sigurvin Sigurhjärtarson	Þuríður Kristín (1945)
1945-1973	Jónína Jóhannsdóttir	
1973-1993	Haukur Sigtryggur Valdimarsson Margrét Birna Kristinsdóttir	Valdimar Búi (1972) Erna Kristín (1975)
1993-1999	Jón Smári Jónsson Þóra Vordís Halldórsdóttir	
1998-1999	Klaufi ehf.	
1999-2001	Claudio Helmut Wabner	
1999 og enn	Myriam Dalstein	
2006 og enn	Ingimar Guðmundsson	Logi (1990) Máni Dalstein (2006) Lea Dalstein (2009)

Atlastaðir

Virðingarbækur B.Í. 1985

Fjárhús úr torfi og grjóti. Stærð: 11,0 x 6,0 x 2,0 m.

Stutt saga húss.

Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.



Þorsteinsstaðir íbúðarhús 1944 (Fastanúmer: 215-6187 / Landnúmer: 152006).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í októ. 1945. eigandi Tryggvi Halldórsson).

Íbúðarhús byggt úr holsteini ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum í 6 herbergi gang og forstofu. Rishæðin óinnanbyggð geymsla en sjálf hæðin að fullu frágengin, máluð og veggfóðruð. Stærð: 9,0 x 8,0 x 4,5 m.

Baðstofa byggð úr torfi og timbri með torfþaki. Skipt með timbur skilrúmum í 2 alþiljuð herbergi. Stærð 11,0 x 6,5 x 3,2 m.



Íbúðarhús viðbyggt 1953. (virðing í maí 1954. eigandi Gunnlaugur Tryggvason)

Byggt úr R-steini. Ein hæð og ris, þak úr bárujárni á langböndum. Hæðinni skipt með steinsteyptu skilrúmum í 5 herbergi. Lofthæð óinnbyggð geymsla, allt að fyllu frágengið. Stærð: 9,3 x 6,3 x 4,5 m.

Stutt saga húss

Þorsteinsstaðir byggðust í tíð Gísla biskups Þorlákssonar (1653-84) á rústum eyðibýlis í Sandárlandi. Átti Hólastóll landið og árið 1802 keypti Arngrímur Arngrímsson í Ytra-Garðshorni Þorsteinsstaði og flutti þangað fjórum árum síðar. Hafa niðjar hans búið þar síðan og átt jörðina. Tryggvi Halldórsson og kona hans Ingibjörg Jónsdóttir, bjuggu á Þorsteinsstöðum frá 1926 til 1952, að undanskildum árunum 1948 til 50, er sonur hans Gunnlaugur taldist fyrir búinu. Tryggvi var góður smiður og afkastamikill verkmaður, gættinn og nægjusamur. Hann byggði sér íbúðarhús 1944 úr holsteini, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum. Rishæðin óinnanbyggð geymsla. Gunnlaugur sonur þeirra tók við búi á Þorsteinsstöðum 1953 og bjó þar til æviloka ásamt konu sinni Erlu Rebekku Guðmundsdóttur. Gunnlaugur bætti jörðina mikið meðan hann bjó þar. Hann byggði við íbúðarhúsið strax árið sem hann tók við búinu, úr R-steini, ein hæð og ris, þak úr bárujárni á langböndum. Hæðinni skipt með steinsteyptu skilrúmum, lofthæð óinnbyggð geymsla. Gunnlaugur lést 2004 og er ekkja hans enn til heimilis á Þorsteinsstöðum og á jörðina en sonur þeirra, Guðmundur á Göngustöðum nýttar tún Þorsteinsstaða.



Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1926-1952	Tryggvi Halldórsson Ingibjörg Jónsdóttir	Halldór (1921) Gunnlaugur (1926) Ingibjörg Guðrún (1935)
1952-2004 enn	Gunnlaugur Tryggvason Erla Rebekka Guðmundsdóttir	Guðmundur (1949) Steinunn (1951) Iðunn Brynja (1954)

Halldór Tryggvi (1957)
Helga Björk (1958)
Vilborg Elfa (1959)
Guðmunda (1968)

Göngustaðakot gamli bær 1935 (Fastanúmer: 215-5649 / Landnúmer: 151917).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Björn Björnsson. Tún 4,3 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 162 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 45 kindur og 2 hross. Fólki og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 10 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 baðstofa torfveggir tvöfaldir timburveggir, járnþak. Stærð: 7,5 x 3,8 x 2,8 m. Framhús úr timbri bárujárnlætt á steiptum grunni. Stærð: 6,5 x 5,0 x 3,2 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í nóv. 1937, eigandi Björn Björnsson).

Baðstofa með torfveggi á þrjá vegu en aðskilin frá framhúsi með tvöföldum timburskilvegg. Bárujárnsþak á langböndum með torfstoppi undir. Skipt með timburskilrúmi í tvö alþiljuð herbergi. Stærð: 9,5 x 6,0 x 3,0 m. Framhús úr timbri á tvær hliðar og bárujárn á timburgrind á tvær á steinsteiptum grunni, ein hæð með hallandi bárujárnsþaki á langböndum. Skipt með timburskilrúmum í 4 herbergi og forstofu. Innanbyggt að fullu og málað. Stærð: 6,5 x 5,0 x 3,2 m.

Stutt saga húss.

Eftir því sem Jarðabókin frá 1712 segir var kotið byggt úr Göngustaðalandi utanverðu nálægt 1632 og nefndist fyrst Nýibær, en var fljótlega kallað Göngustaðakot (eða Köngustaðakot skv. fyrri málvenju). Björn Björnsson keypti Göngustaðakot af Sigurhirti Jóhannessyni árið 1903 og bjó þar ásamt konu sinni Sigríði Jónsdóttur til 1928 og aftur 1935 til 1948. Á árabílinu 1928 til 1935 Bjuggu Björn Guðmundsson og Sigrún Eggertína Björnsdóttir sem var dóttir Björns og Sigríðar í Göngustaðakoti. Eftir að Björn og Sigríður tóku aftur við búi í Göngustaðakoti



árið 1935 byggja þau lítið hús við gömlu barstofuna sem þar stóð. Framhús úr timbri á tvær hliðar og bárujárn á timburgrind á tvær, á steinsteiptum grunni. Ein hæð með hallandi bárujárnsþaki á langböndum, skipt með timburskilrúmum. Þegar Björn og Sigríður brugðu búi 1948 keypti dóttir þeirra Anna Rósa og hennar maður Sigtryggur Stefán Jóhannesson söðlasmiður frá Sandá, Göngustaðakot. Þau bættu jörðina mikið og byggðu nýtt íbúðarhús 1966 og eftir það hefur gamla húsið verið nýtt sem söðlasmiðaverkstæði og geymsla. Sóley, dóttir þeirra Sigtryggs og Rósu er núverandi eigandi og ábúandi af Göngustaðakoti.

Athugasemd um hús.

Húsið er óbreitt frá upphafi og því hefur lítið verið viðhaldi í langan tíma.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1935-1948	Björn Björnsson Sigríður Jónsdóttir	Sigrún Eggertína (1899) Fanney (1904) Björn (1906) Jón (1907) Berta (1911) Anna Rósa (1914)
1948-	Sigtryggur Stefán Jóhannesson Anna Rósa björnsdóttir	Sigríður Sóley (1950) Skarphéðinn (1957)
1974 og enn	Sigríður Sóley Sigtryggsdóttir	

Klaufabrekkur

Íbúðarhús 1946
fjórðing 1948

(Fastanúmer: 215-5917 / Landnúmer: 151957).
(Fastanúmer: 215-5915 / Landnúmer: 151957).

Virðingarbækur B.I. 1932-1959. (Virðing í okt. 1946. eigandi Hreinn Jónsson).

Íbúðarhús byggt úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu, tvær hæðir og valmaþak úr borðum og pappa klætt bárujárni. Neðri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 4 herbergi og gang með uppgöngu á efri hæð. Efrihæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi og gang. Gólf og loft steinsteipt nema loft efri hæðar úr timbri. Útúrbyggð forstofa úr sama efni. Stærð: 8,0 x 8,0 x 6,0 m.



Stutt saga húss.

Klaufabrekkur eru nefndar í Svarfdælu og segir þar frá Klaufa böggvi Hafþórssyni sem jörðin er talin heita eftir og var fyrst kölluð í Klaufanesi. Í Valla-Ljótssögu er sagt frá Halli Sigmundarsyni á Klaufabrekkur, sem Ljótur drap í byrjun 11. aldar. Samtímaheimildir um Klaufabrekkur er fyrst að finna í kaupmálabréfi frá 1476. Árið 1525 er hún talin Hólastólsjörð og var það til 1802 er stólseignirnar voru seldar. Hreinn Jónsson keypti Klaufabrekkur af Gunnlaugi Jónssyni 1944 og bjó þar ásamt konu sinni Jónu Hallgrímsdóttur frá Klaufabrekknakoti til dauðadags. Hreinn bætti jörðina mikið og byggði hana upp. Íbúðarhús byggt 1946 úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu, tvær hæðir og valmaþak úr borðum og pappa klætt bárujárni. Neðri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum og efrihæð skipt með steinsteypum skilrúmum. Gólf og loft steinsteipt nema loft efri hæðar úr timbri. Útúrbyggð forstofa úr sama efni. Hreinn bjó á Klaufabrekkum til dauðadags 1996 og Jóna áfram eftir hans dag, þar til hún flutti á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík 2012. Dóttir þeirra Soffía og hennar maður Gunnlaugur Sigurðsson hófu búskap á Klaufabrekkur 1987, fyrst í félagi með foreldra hennar en tóku svo alveg víð búinu eftir að Hreinn lést. Þau byggðu sér nýtt íbúðarhús skammt sunnan eldra hússins 1985 og búa í því enn, en Jóna bjó í eldra húsinu þar til hún flutti 2012 og stendur það nú autt.



Athugasemd um hús.

Milli 1980 og 90 lét Hreinn fara í endurbætur á íbúðarhúsinu. Húsið var einangrað að utan í timburgrind með 75 mm steinullareinangrun, settur vindpappi og húsið klætt með lituðum trapisu-stáli. Einangrað var ofan á loftbitana og skipt um járn á þakinu. Skipt var um glugga og þeim breitt þannig að þar sem áður voru tveir standandi póstar og einn liggjandi sem skiptu glugganum í þrjú jafnstór hólf að neðan og þrjú minni að ofan með lausu fagi í miðju, voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skiptu glugganum í eitt stórt hólf og annað langt og mjótt með lausu fagi.

Athugasemd um umhverfi húss.

Í kring um húsið er myndarlegur trjágarður með birki og víðitrjám. Norðan við húsið standa fjórðing (fastanúmer: 215-5915) sem byggð var 1948 (sambyggð hlöðu og fjósi).

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1944-1996	Hreinn Jónsson Jóna Hallgrímsdóttir	Jón Sigvaldi (1948) Hallgrímur (1949) Sigurður Helgi (1958) Soffía Sigurnanna (1961)
1987 og enn	Gunnlaugur Sigurðsson Soffía Sigurnanna Hreinsdóttir	Jóna Heiðveig (1983) Hreinn Viðar (1968)

Höfði samkomuhús. 1950

Virðingarbækur B.Í. 1985.

Samkomusalur hlaðinn með járnklæddu þaki. Stærð: 11,7 x 7,0 x 3,0 m.

Veitingaaðstaða sambyggð, byggð 1961, hlaðin með járnklæddu þaki. Stærð: 12,1 x 5,3 x 2,7 m.

Stutt saga húss.

Ungmennafélagið Atli var stofnað 1. maí 1932 þar sem þörf þótti á að hafa sér ungmennafélag fyrir framdalinnum sökum þess að þá voru samgöngur ekki eins góðar og nú er; annaðhvort var farið á milli bæja á hestum eða gangandi. Framan af voru fundir og samkomur félagsins haldnar í heimahúsum, oftast á Auðnum, en fljótlega ákváðu félagsmenn að reisa þyrfti hús undir starfsemi. Frá árinu 1934 var starfandi húsbýggingarnefnd á vegum Ungmennafélagsins og sá hún að mestu um byggingafrámkvæmdir og vinnu í tengslum við þær. Á hverjum aðalfundi var kosið í byggingarnefndina. Á aðalfundi 1939 voru til að mynda kosnir fimm menn í þessa nefnd; Jónmundur Zophoníasson, Þórarinn Valdimarsson, Friðbjörn Zophoníasson, Einar Sigurhjártarson og Árni Jónsson.

Þegar gamlar fundargerðir eru skoðaðar sést að helsta vandamálið viðvíkjandi byggingafrámkvæmdir var skortur á krónum. Gripu menn þá til ýmissa ráða, eins og til dæmis að halda happdrætti, basara og fleira í þeim dúr. Með mikilli og óeigingjarnri vinnu félagsmanna tókst að byggja samkomuhúsið Höfða sem reis að mestu á árunum 1944 og 1945, en þá var húsið formlega tekið í notkun. Mikil gróska var í starfi félagsins og byggt var við samkomuhúsið árið 1956. Húsið er um 140 fm og var nýtt undir samkomur, dansleiki, leiksýningar, íþróttamót og aðra starfsemi.

Þegar líða tók á öldina og forsendur breyttust dró smám saman úr starfsemi og Höfðinn var þar af leiðandi notaður í minna mæli en áður. Umf Atli lagði upp laupana sem ungmennafélag en var í staðinn breytt í einkonar húsfélag utan um Höfðann. Á 50 ára afmæli hússins, árið 1994, var ráðist í gagngerar endurbætur á því en þá var húsið orðið mjög illa farið. Síðan þá hefur húsinu verið haldið við af framdælingum og öðrum áhugasömum. Útleigan hefur ekki verið mikil en þó er einn fastur punktur og það er hið árlega gangnaball Svarfdælinga sem alltaf er haldið í nafni Umf. Atla á sunnudagskvöldi um gangnahelgina.

Eitt af því sem Ungmennafélagið Atli gerði var að gefa út handskrifað tímarit á árunum 1932-1954 sem hét Máni. Þá starfaði ritnefnd í nafni félagsins og sá um útgáfuna, ritið gekk milli félagsmanna sem skrifuðu sögur, frásagnir, vísur, brandara og fleira og svo skemmti fólk sér við lesturinn.



Athugasemd um hús.

Fyrir 50 ára afmæli hússins, árið 1994, var ráðist í gagngerar endurbætur á því en þá var húsið orðið mjög illa farið. Um aldamótin fauk þakið af Höfða í vetraróveðri sem þá gerði. Viðvarandi vatnsvandamál hafa verið á Höfða gegnum tíðina, þar sem vatn var leitt í slöngu inn í húsið. Slangan stíflaðist yfirleitt þegar atburðir fóru fram í húsinu og mest á reyndi. Árið 2010 voru vatnsmálin lagfærð þegar grafinn var brunnur og tekið að dæla vatni inn í húsið.

Í júlí 2013 blésu velunnarar Höfða til fundar þar sem farið var yfir stöðuna á húsinu. Rafmagnskostnaður hafði snarhækkað og útleiga fyrir nokkru síðan hætt að standa undir rekstrarkostnaði. Húsið var auk þess orðið afar lélegt, sérstaklega að utanverðu og fyrirséð að ráðast þyrfti í umtalsverðar endurbætur. Eftir þennan fund var ákveðið að halda skemmtikvöld í fjáröflunarskyni. Var það haldið í lok ágúst 2013 og gekk einstaklega vel í alla staði. Einnig má nefna að velunnarar Höfða stóðu fyrir kaffihlaðborði nú í vor sem einnig gekk mjög vel. Fyrir peningana sem hafa safnast eru endurbætur nú hafnar eins og sjá má. Búið er að steypa stéttar við húsið, mólbera í kring og laga frárennsli. Þá stendur vinna við þakkanta nú yfir. Næst á dagskrá er að skipta um glugga að sunnanverðu og þá er hugmyndin að gera hurð út á pallinn hérna sunnan við. Stefnan er að klæða húsið að utan, enda væri það lang varanlegasta og besta lausnin fyrir húsið.

Nánast öll sú vinna sem lögð hefur verið í þetta hús frá upphafi hefur verið unnin í sjálfböðavinnu af heimafólki og öðrum sem þykir vænt um húsið, hvort sem það er að smíða, mála, múra, þrifa eða standa fyrir upptakum í húsinu.

Athugasemd um umhverfi húss.

Hóll gamli bær 1939

(Fastanúmer: 215-5786 / Landnúmer: 151936).

Hóll fjós 1949

(Fastanúmer: 215-5784 / Landnúmer: 151936).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Sophonías Jónsson. Tún 10 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 294 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 3 geldneyti, 107 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 4 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1939 af tvöfaldri járnbentri steinsteypu, 1 hæð á kjallara, lágþak. Stofuhæð 5 herbergi, forstofa. Kjallari 4 hólf 1 herbergi, eldhús og gangur. Stærð: 8,8 x 7,7 x 5,3 m.




Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing nóv. 1939 eigandi Zophonías Jónsson.)

Íbúðarhús byggt 1939 úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu, ein hæð og kjallari með valmaþaki úr borðum, pappa og klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í 5 herbergi og gang með uppgöngu á hæðina. Hæðinni skipt með steinsteypum skilrúmum í 6 herbergi. Rishæð óinnanbyggð. Öll herbergi að fullu frágengin veggfóðruð máluð og dúklögð. Stærð: 8,8 x 7,7 x 6,2 m.

(Virðing í okt. 1948)

Viðbygging 1951 úr tvöfaldri steinsteypu ein hæð og kjallari, 2 herbergi, annað í kjallara hitt á hæð. Stærð: 2,7 x 3,5 x 4,0 m.

Fjós byggt 1949 úr tvöfaldri steinsteypu á steinsteypum grunni með þaki úr asbestplötum á langböndum. Gólf og flór úr steinsteypu. Milligerði bása svo og kýrbönd úr galvaniseruðu járn loft úr asbesti. Í öðrum enda er afþiljað með asbest 3 herbergi, mjólkurklefi, vélaklefi, kæli klefi. Stærð: 20,0 x 100 x 3,4 m.



(Virðing í nóv. 1949)

Geymsluhús byggt úr asbestplötum og bárujárn á járnbogagrind, á steinsteypum grunni, með timburstafninn. Steinsteyp gólf. Skipt með timburskilrúmum í þrennt. Loft úr timbri er í 1/3 hluta byggingarinnar og kjallari 8 m³ að stærð undir henni. Stærð: 15,0 x 5,2 x 3,2 m.

Stutt saga húss.

Hóll var Urðarkirkjujörð, þegar fyrst er á hann minnst í Auðunnar-máldaga 1318, og enn tilheyrði jörðin bændakirkjunni á Urðum þangað til kirkjubóndinn, Sigurhjörtur Jóhannesson, afhenti söfnuðinum kirkjuna 1918. Þá seldi hann ábúanda Hóls, Jóni Björnssyni jörðina. Sonur Jóns, Zóphonías, keypti Hól af föður sínum 1941. Zophonías bjó á Hóli ásamt konu sinni Súsönnu Guðmundsdóttur frá 1921, fyrst á móti föður sínum til 1924, en á allri jörðinni til 1946. eftir það á móti Friðbirni syni sínum, en dró smám saman úr búskapnum og flutti til Dalvíkur 1976. Zóphonías



var atorkusamur ræktunar- og byggingamaður og varð Hóll í hans tíð ein af bestu bújörðum í dalnum. Hann byggði nýtt íbúðarhús 1939 úr tvöfaldri járnbentri steinsteypu, ein hæð og kjallari með valmaþaki úr borðum, pappa og klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum.

Hæðinni skipt með steinsteyptum skilrúmum. Rishæð óinnanbyggð. Friðbjörn og kona hans Lilja Rögnvaldsdóttir bjuggu á Hóli frá 1946, fyrst lengi í sambýli við foreldra hans en síðan á allri jörðinni uns þau seldu búið í hendur Atla syni sínum 1976 og flutu til Dalvíkur. Friðbjörn var búfræðingur að mennt og vann mjög að uppbyggingu jarðarinnar með föður sínum. Atli lauk prófi frá Samvinnuskólanum í Bifröst 1974. Sama ár keypti hann Hól af afa sínum Zóphoníasi, hóf þar búskap ásamt konu sinni Höllu Soffíu Karlsdóttur og búa þau þar enn. Atli og Halla byggðu sér nýtt íbúðarhús á tveimur hæðum 1986 og eftir það hefur gamla húsið verið notað sem geymsla. Sonur þeirra Karl Ingi en nú kominn heim úr máni og er sestur að búi með foreldrum sínum ásamt konu sinni Erlu Hrönn Sigurðardóttur.



Athugasemd um hús.

Eftir að flutt var úr húsinu 1986 hefur því verið lítið viðhaldið og er orðið lélegt en lítur vel út að utan.

Athugasemd um umhverfi húss.

Sunnanvið gamla bæinn er gróskumikill trjagarður með birki- og reynitrijám. Utan og neðan við gamla íbúðarhúsið stendur fjósbygging (fastanúmer: 215-5784) sem byggð var 1949 og er enn í notkun, vel viðhaldið og endurbætt. Byggt var við það mjólkurhús 1974 og ný fjósálma 1981

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1893-1945	Jón Björnsson Ingibjörg Jónsdóttir	
1921-1976	Zophonías Jónsson Súsanna Guðmundsdóttir	Jónmundur (1917) Friðbjörn Adólf (1918) Oddný Jóhanna (1920) Ingibjörg (1923)
1946-1974	Friðbjörn Adólf Zóphoníasson Lilja Rögnvaldsdóttir	Súsanna (1946) Rögnvaldur Skíði (1949) Kristinn Atli (1950) Sólborg (1955) Soffía Ingibjörg (1962)
1974 og enn	Kristinn Atli Friðbjörnsson Halla Soffía Karlsdóttir Karl Ingi Atlason Erla Hrönn Sigurðsadóttir	Karl Ingi (1977) Björn Snær (1982)

Urðakirkja 1902

(Fastanúmer: 215-6171 / Landnúmer: 152002).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (virðing fór fram 2.des.1932)

Timburkirkja á hlöðnum grunni með forkirkju. Loft er í aðalkirkjunni 16 m² að stærð, og ennfremur með báðum hliðveggjum 10 m². Uppgangur á loftið er í forkirkju og yfirgorkirkju lofti eru klukkur kirkjunnar. Bogahvelfing er í allri kirkjunni. Kirkjan er máluð utan og innan og vel viðhaldið. Stærð aðalkirkju: 9,7 x 6,5 x 5,8 m. Forkirkju: 2,5 x 2,5 x 5,3 m.



Stutt saga húss.

Elsta heimild um kirkju á Urðum er frá árinu 1318. Kirkjan. Sem byggð var árið 1850, fauk af grunni sínum í kirkjurokinu mikla haustið 1900 og brotnaði í spón. Þá var reist sú kirkja sem nú stendur á Urðum un hún var vígð sumarið 1902. Yfirsmiður hennar og hönnuður var Gísli Jónsson á Hofi en sigurhjörtur Jóhannesson á Urðum stóð fyrir framkvæmdunum. Urðakirkja er timburhús með forkirkju og stendur á hlöðnum grunni. Loft er í aðalkirkjunni 16 m² að stærð, og ennfremur með báðum hliðveggjum 10 m². Uppgangur á loftið er í forkirkju og yfirgorkirkju lofti eru klukkur kirkjunnar. Bogahvelfing er í allri kirkjunni. Kirkjan er máluð utan og innan og vel viðhaldið.



Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.



Urðir

fjós 1946

(Fastanúmer: 215-6156 / Landnúmer: 152001).

hlaða 1946

(Fastanúmer: 215-6156 / Landnúmer: 152001).

haughús 1946

(Fastanúmer: 215-6156 / Landnúmer: 152001).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Ríkissjóður og ábúandi er Ármann Sigurðsson. Tún 10 hestburðir, harðlent, sumt grýtt. Töðufall 5 síðustu ára um 402 hestburðir. Áhöfn 8 kúr, 2 geldneyti, 140 kindur og 4 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 3 karlmenn, 2 kvenmenn og 4 hross. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1930 af járnbentri steinsteypu, járnþak. Stærð: 13,2 x 5,2 x 3,0 m. Geymsluhús úr timbri, járnþak og kjallari. Stærð: 8,0 x 4,0 x 3,3 m.

**Stutt saga húss.**

Útihúsin eru í fullri notkun enn í dag og hafa tekið þeim breytingum sem starfsemi í þeim hefur krafist og er vel viðhaldið. Núverandi eigendur húsanna eru ábúendurnir á Urðum, Hallgrímur, Jóhanna og Halla Soffía Einarsbörn.

**Athugasemd um hús.**

Athugasemd um umhverfi húss.

Hreiðarsstaðakot íbúðarhús. 1948 (Fastanúmer: 215-5801 / Landnúmer: 179866).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í maí 1947. eigandi Þórhallur Pétursson).

Íbúðarhús byggt úr holsteini á steinsteyptum kjallara, ein hæð með valmapaki úr borðum klætt tjörupappa. Kjallara skipt með steinsteyptum skilrúmum í 6 herbergi og gang með uppgöngu á hæðina. Hæðinni skipt með steinsteypu og masonit skilrúmum í 5 herbergi, gang og forstofu. Loft yfir kjallara og stigi úr steinsteypu. Húsið að innan að mestu frágengið, málað og veggfóðrað. Stærð: 10,0 x 8,0 x 6,0 m.



Stutt saga húss.

Hreiðarsstaðakot var hjáleiga frá Hreiðarsstöðum, byggð á 17. öld í úthögum skemmt suður frá bænum. Varð Hreiðarsstaðakot lögbýli á 19. öld og eftir miðja öldina eignaðist Sveinbjörn Jakobsson kaupmaður í Reykjavík það. Jóhann Páll Jónsson átti Hreiðarsstaðakot frá 1925 til 1940 en seldi þá Sveinbirni Guðjónssyni á Hreiðarsstöðum jörðina. Pétur Sigurðsson bjó í Hreiðarsstaðakoti frá 1942 til æviloka 1959 en sonur hans Þórhallur, keypti Hreiðarsstaðakot af Sveinbirni 1946 og bjó þar ásamt konu sinni Rósfríði Eiðsdóttur til 1961. Hann hófst strax handa eftir að hann tók við búinu við að byggja nýtt funkis íbúðarhús úr holsteini á steinsteyptum kjallara, ein hæð með valmapaki úr borðum klætt tjörupappa. Kjallara skipt með steinsteyptum skilrúmum. Hæðinni skipt með steinsteypu og masoníti skilrúmum. Loft yfir kjallara og stigi úr steinsteypu. Sigurður Eiðsson bróðir Rósfríðar keypti Hreiðarsstaðakot af mági sínum og bjó þar ásamt sambýliskonu sinni Maríu Arngrímsdóttur til 1990 þá tók sonur þeirra, Júlíus og kona hans Edda Björk Valgeirsdóttir við búinu. Þau bjuggu í Hreiðarsstaðakoti til 1999 en fluttu þá inn í Engihlíð á Árskógsströnd. Eftir það hefur ekki verið búskapur á jörðinni. Jörð og útihús eru frá þeim tíma eign ábúenda á Hreiðarsstöðum. Eigendur íbúðarhússins og bílskúrs eru bræðurnir Ófeigur og Eiður, synir Sigurðar og Maríu.



Athugasemd um hús.

Milli 1990 og 2000 var byggður inngöngu- og geymsluskúr áfast norðurhlíð íbúðarhússins. Rétt fyrir aldamótin síðustu var farið í miklar endurbætur á íbúðarhúsinu í Hreiðarsstaðakoti. Húsið var einangrað að utan í timburgrind, settur vindpappi á grindina og húsið klætt með masonítborðum. Skipt var um alla glugga og þeim breitt þannig að þar sem áður veru gluggar með krosspóstum voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skipti glugganum í eitt stórt hólf og annað mjórra með lausu fagi. Einangrað ver upp á loftið og sett bárujárn á þakið. Áður hafði verið aðeins pappi.



Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1942-1959 -1961	Friðhólm Pétur Sigurðsson Kristrún Pálsdóttir	
1946-1961	Pórhallur Pétursson Rósfríður Eiðsdóttir	Kristrún (1950) Valgeir (1960) fóstursonur
1961-1990	Sigurður Eiðsson María Arngrímsdóttir	Jóhann Heiðar Guðjónsson (1947) Elín Sigurlaug Guðjónsdóttir (1949) Sumarrós Guðjónsdóttir (1950) Ingibjörg Guðjónsdóttir (1955) Sigtryggur Ófeigur Sigurðsson (1957) Júlíus Valbjörn Sigurðsson (1961) Eiður Arnar (1962) Sigurgeir (1965)
1990-1999	Júlíus Valbjörn Sigurðsson Edda Björk Valgeirsdóttir	Linda Geirdal Stefánsdóttir (1979) Árni Hallur (1991) Valgerður Inga (1993) Ólöf Rún (1996)
1999-2006	Eiður Arnar Sigurðsson Sigríður Ósk Jónsdóttir	
1999 og enn	Sigtryggur Ófeigur Sigurðsson	

Hreiðarsstaðir

geymsla 1936
geymsla 1946

(Fastanúmer: 215-5817 / Landnúmer: 151938).
(Fastanúmer: 215-5813 / Landnúmer: 151938).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Guðjón Daníelsson og ábúandi er Sveinbjörn Guðjónsson. Tún 10 hestburðir, allgóð. Töðufall 5 síðustu ára um 376 hestburðir. Áhöfn 2 kýr, 45 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2½ karlmenn, 2 kvenmenn, 1 unglíngur og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, geymsla. Stærð: ?



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 geymsla 1946. eigandi Sveinbjörn Guðjónsson.

Geysluhús á steinsteyptum grunni byggt úr asbestplötum á timburgrind, ein hæð og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Gólf úr steinsteyptu. Kjallari steinsteyptur undir hæðinni 25 m³ að stærð. 12,5 x 5,35 x 3,5 m.

Stutt saga húss.

Athugasemd um hús.

Húsin eru notuð sem gripahús og geyslur og eru að niðurlotum komin.

Athugasemd um umhverfi húss.



Bakki

fjós 1945

(Fastanúmer: 215-5563 / Landnúmer: 151906).

Stutt saga húss.

Gamla fjósið á Bakka var byggð 1945 en þegar nýtt fjós var byggt að Bakka 1988 var gamla fjósinu breytt í hesthús og þannig er það notað í dag. Núverandi eigendur að jörðinni og öllum byggingum eru Þór Ingvason og Kristín Gunnþórsdóttir. Gamla fjósið er hrörlegt en því er þó haldið þokkalega við.

Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.



Bakkagerði	fjárhús 1927	(Fastanúmer: 215-5558 / Landnúmer: 151905).
	íbúðarhús 1934	(Fastanúmer: 215-5561 / Landnúmer: 151905).
	votheysgrifja 1950	(Fastanúmer: 215-5558 / Landnúmer: 151905).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Ríkissjóður og ábúandi er Gestur Vilhjálmsson. Tún 5,3 hestburðir, sæmilegt, jarðvegur grýttur. Töðufall 5 síðustu ára um 113 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 50 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 $\frac{2}{3}$ karlmenn, 1 kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1930 úr timbri á hlöðnum grunni, járnþak. Stærð: 10,2 x 3,5 x 3,5 m. Sambyggður skúr úr timbri. Stærð: 10,2 x 3,4 x 2,5 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í jan. 1936, eigandi Ríkissjóður Íslands).

Íbúðarhús úr timbri á hlöðnum grunni, ein hæð og ris með bárujárnspaki á langböndum. Hæðinni skipt með timburskilrúmum í þrjú herbergi og tvöfalda forstofu, uppganga á loftið úr einni herberginu. Innanbyggt að fullu. Einn fjórði hluti af risinu er þiljuð geymsla. Stærð: 10,2 x 3,5 x 4,0 m. Sambyggt úr sama efni, ein hæð með skúrþaki, skipt með timburskilrúmum í þrjú herbergi og klæðaskáp innanbyggt að fullu. Stærð: 10,2 x 3,4 x 2,9 m.



Stutt saga húss.

Bakkagerði var byggt 1828 sem hjáleiga og var búið þar til 1850, en þá fór kotið í eyði. Árið 1897 settist þar að búlaust fólk og voru húsmenn í bakkagerði til 1929 (þó ekki öll árin) Gestur Vilhjálmsson flutti í Bakkagerði ásamt konu sinni Sigrúnu Júlíusdóttur 1919 og gerði það að lögbýli 1929 og er það skráð lögbýli enn. Árið 1927 réðst Gestur í að byggja fjárhús úr timbri og standa þau hús enn í dag. 1936 byggði hann svo nýtt íbúðarhús úr timbri á hlöðnum grunni, ein hæð og ris með bárujárnspaki á langböndum. Hæðinni skipt með timburskilrúmum í þrjú herbergi og tvöfalda forstofu, uppganga á loftið úr einu herberginu. Einn fjórði hluti af risinu er þiljuð geymsla. Sambyggt bakhús úr sama efni, ein hæð með skúrþaki, skipt með timburskilrúmum í þrjú herbergi og klæðaskáp. Eftir andlá Gests 1985 tók sonur hans Ríkarður við húsforráðum í Bakkagerði en jörðin var nytjuð frá Bakka. Fastri búsetu lauk hér áið 1995 við fráfall Ríkarðs 1995 en jörð og hús eru í eigu Ríkissjóðs.



Athugasemd um hús.

Húsið í Bakkagerði hefur verið nánast óbreytt frá upphafi, nema að það var bárujárnsklætt, allt nema framhliðin, um 1990 og búið er að lagfæri þak lítillaga. Bakkagerði var leikmynd í kvikmyndinni Land og synir sem tekin í Svarfaðardal sumarið 1979.



Athugasemd um umhverfi húss.

Skammt aftan við íbúðarhúsið standa fjárhús (fastanúmer: 215-5558) sem byggð voru 1927, tvær burstir með áfastri skúrbyggingu syðst. Búið er að klæða syðri burstina og skúrin með bárujárni. Norðan við fjárhúsin er votheysgrifja (fastanúmer: 215-5558) sem byggð var 1950, en á hana vanta þakið



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1939 og enn	Ríkissjóður	
1919-1985 -1976	Gestur Vilhjálmsson Sigrún Júlíusdóttir	Hlíf (1916) Björn (1918) Ríkarður (1920) Jóhanna María (1925) Kristín (1930)
1976-1995	Ríkarður Gestsson	

Syðra-Garðshorn

fjárhús 1940
íbúðarhús. 1948

(Fastanúmer: 215-6021 / Landnúmer: 151973).
(Fastanúmer: 215-6017 / Landnúmer: 151973).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Júlíus Daníelsson og ábúandi er Daníel Júlíusson. Tún 9,4 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 375 hestburðir. Áhöfn 8 kýr, 112 kindur og 4 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 2 karlmenn, 2-3 kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1939 úr R-steini á steiptum grunni, 1 hæð með lágu þaki, pappaklætt. Stærð: 10,0 x 7,3 x 3,0 m. Skúr úr sama efni. Stærð: 6,3 x 5,3 x 2,2 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í okt. 1939. eigandi Daníel Júlíusson).

Íbúðarhús hlaðið úr holsteini á steinsteiptum grunni, ein hæð með valmapaki úr borðum, klætt tjörupappa. Skilrúm öll úr steinsteypu en loft og gólf úr timbri. Hæðinni skipt í 7 herbergi gang og forstofu. Málað og veggfóðrað. Stærð: 10,0 x 7,3 x 3,4 m.

Sambyggt húsinu er geymsla úr sama efni, ein hæð við hallandi þaki úr borðum pappa og bárujárni. Skipt í þrennt með steinsteiptum skilrúmunum og gólfi. Stærð: 5,3 x 6,3 x 2,7 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í febr. 1956. eigandi Daníel Júlíusson).

Íbúðarhús byggt úr R-steini á steinsteiptum grunni, gólf steinsteipt klætt timbri, valmapak úr borðum pappa klætt bárujárni. Holrúm í útveggjum stoppað með mómold. Húsinu er skipt í 7 herbergi, forstofu og gang skilrúm öll steinsteipt en loft úr timbri. Stærð: 10,1 x 7,5 x 3,6 m.

Sambyggt íbúðarhúsinu er geymsluskúr byggður úr R-steini stopp mómold á steinsteiptum grunni. Gólf steinsteipt, þak úr borðum pappa og bárujárni, skipt í þrennt með steinsteiptum skilrúmunum. Stærð: 5,4 x 6,5 x 2,8 m.

Sambyggt geymsluskúrnum er verkfærageymsla úr asbestplötum á timburgrind á steinsteiptum grunni, gólf steinsteipt, þak úr asbestplötum á langböndum. Stærð: 3,7 x 8,1 x 2,3 m.



Stutt saga húss.

Gottskálf biskup Nikulásson taldi sig eiga Syðra-Garðshorn og seldi það 1512. Jón biskup Arason komst yfir jörðina og Ari lögmaður átti hana þegar þeir feðgar voru hálfhöggnir 1550. Með Oddeyardómi 1551 varð Syðra-Garðshorn konungsjörð og er tímar liðu landssjóðsjörð þangað til Júlíus Jón Daníelsson keypti hana 1911, en Daníel sonur hans tók við henni eftir föður sinn 1934. Daníel bjó í Syðra-Garðshorni frá 1918, fyrstu 16 árin í tvíbýli á móti föður sínum, en frá 1934 á allri jörðinni ásamt konu sinni Önnu Jóhannsdóttur. Daníel var búfræðingur og bætti jörð sína stórlega að ræktun og húsum. Hann reisti sér íbúðarhús 1939, byggt úr R-steini á steinsteiptum grunni, gólf steinsteipt klætt timbri, valmapak úr borðum pappa klætt bárujárni. Holrúm í útveggjum stoppað með mómold. Skilrúm öll steinsteipt en loft úr timbri. Sambyggt íbúðarhúsinu er geymsluskúr byggður úr R-steini stopp mómold á steinsteiptum grunni. Gólf steinsteipt, þak úr borðum pappa og bárujárni, skipt í þrennt með steinsteiptum skilrúmunum. Sambyggt geymsluskúrnum er verkfærageymsla úr asbestplötum á timburgrind á steinsteiptum grunni, gólf steinsteipt, þak úr asbestplötum á langböndum. Árið 1959 kom Júlíus sonur þeirra Daníels og Önnu og tók við búi í Syðra-Garðshorni, en þó hafði Daníel nokkur jarðarafnot og frá 1966 þegar Júlíus og kona hans þuríður Árnadóttir bregða búi og flytja til Dalvíkur tekur Daníel aftur við jörðinni allri og stendur fyrir búi þar til dauðadags 1978. Anna ekkja Daníel bjó áfram í Syðra-Garðshorni til 1988 og flytur þá á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík. Á árunum 1980-83 búa Albert Jónsson og Freyja Hjálmarsdóttir á

jörðinni með hrossabúskap. Vilhjálmur Þór Þórarinsson og Ásta Sigríður Guðnadóttir keyptu Syðra-Garðshorn af afkomendum Daníels og Önnu 1987 og búa þar með hroll og kindur. Ingólfur Arnar Kristjánsson keypti Syðra-Garðshorn 2003 af Þór Ingvasyni og Kristínu Gunnþórsdóttur á Bakka sem áður höfðu keypt af Vilhjálmi Þór. Núverandi eigendur Svavar Örn Hreiðarsson og Christina Niewert eignuðust Syðra-Garðshorn 2010 þegar Ingólfur seldi þeim það. Þar stunda þau hestamennsku, tamningar og svólítinn fjárbúskap.



Athugasemd um hús.

Strax eftir að Júlíus kemur að búskapnum 1959 hefst hann handa við að byggja ofan á íbúðarhúsið aðra hæð úr timbri, þ.e.a.s. port og hátt ris, bæði á íbúðarhúsið og geymsluskúrinn norðan við húsið. Á hlutann sem byggður var ofan á íbúðarhúsinu var settur stór kvistur, upp frá útvegg, með háu risi en á hlutann sem byggður var ofan á geymsluskúrinn og stendur lægra en hinn hlutinn, voru settir tveir litlir kvistir, sinn hvoru megin á þakinu, upp úr þakfletinum. Gerður var forstofuinngangur austan á húsinu með háu risþaki. Sama rishalla er á öllum þökum hússins.

Athugasemd um umhverfi húss.

Skammt ofan við bæinn standa fjárhús (fastanúmer: 215-6021) sem byggð voru 1940.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1934-1978 -1988	Daníel Júlíusson Anna Jóhannsdóttir	Steinunn (1919) Jóhanna María (1921) Júlíus Jón (1925) Jóhann Kristinn (1927) Björn Garðars (1932)
1959-1966	Júlíus Jón Daníelsson Þuríður Árnadóttir	Árni Daníel (1959) Anna Guðrún (1961) Ingólfur (1970)
1980-1983	Albert Jónsson Freyja Hjálmarsdóttir	
1987-2001	Vilhjálmur Þór Þórarinsson Ásta Sigríður Guðnadóttir	Óskar Þór (1974) Rannveig (1978) Þór (1981)
2002-2003	Þór Ingvason og Kristín Gunnþórsdóttir	
2003-2003	Eydís Ósk Jónsdóttir	
2003-2010	Ingólfur Arnar Kristjánsson Valgerður Björg Stefánsdóttir	
2007-2010	Anna Þóra Jónsdóttir Marfan Herkovic	
2010 og enn	Svavar Örn Hreiðarsson Christina Niewert	Sindri Leó (2001) Jón Svavar (2006)

Ytra-Garðshorn íbúðarhús 1936 (Fastanúmer: 215-5847 / Landnúmer: 151944).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Haraldur Stefánsson. Tún 8,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 250 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 71 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn og 3 hross. Fjöldi fólks á heimili er 10 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 úr járnbentri steinsteypu, ein hæð, ris, pappaþak klætt járni. Steinsteypdur kjallari undir hluta hússins. Stærð: 10,0 x 7,8 x 5,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing frá sept. 1935, eigandi Haraldur Stefánsson).

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu ein hæð og ris með borða og pappaþaki klæddu bárujárn. Undir 2,3 x 4,0 m. hússins er steinsteypdur kjallari notaður til geymslu. Hæðinni er skipt með timburskilrúmum í 5 herbergi, gang og tvöfalda forstofu með uppgöngu á loftið. Allt innanbyggt að fullu. Rishæðinni skipt með timburskilrúm í tvö íbúðarherbergi, 4 geymsluklefa og gang. Stærð: 10,0 x 7,8 x 5,7 m.

Stutt saga húss.

Ytra-Garðshorn, sem líka nefndist Grundargarðshorn, var Möðruvallaklaustursjörð 1447 og enn 1525. Eftir það fékk Hólastóll eignarhali á jörðinni en með Oddeyrardómi 1551 var hún talin fallin undir konung með öðrum biskupsjörðum. Síðar varð hún landssjóðsjörð þangað til Hallgrímur Kristjánsson keypti hana 1907. Jón Haraldur Stefánsson keypti Ytra-Garðshorn 1935 en hafði þá búið á jörðinni ásamt konu sinni Önnu Jóhannesdóttur frá 1921.



Hann bætti jörðina mikið að ræktun og húsakosti. Strax eftir að hann eignast jörðina byggir hann sér nýtt íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu, ein hæð og ris með borða og pappaþaki klæddu bárujárn. Undir 2,3 x 4,0 m. hússins er steinsteypdur kjallari notaður til geymslu. Hæðinni er skipt með timburskilrúmum. Rishæðinni skipt með timburskilrúm í tvö íbúðarherbergi, 4 geymsluklefa og gang. Hjalti sonur hans tók við búskapnum 1950 en Haraldur bjó áfram þar til æviloka en hann lést 1958 og þá eignast Hjalti Ytra-Garðshorn. Hjalti bjó þar ásamt konu sinni Önnu Sölvadóttur til 2001. Sonur þeirra Jón Ragnar bjó í félagi við foreldra sína frá 1977. Hann reisti sé íbúðarhús sunnan og austan við gamla bæinn, þar býr hann enn ásamt konu sinni Dóru Kristínu Kristinsdóttur. Þau hættu búskap 2000. Núverandi eigendur og ábúendur í Ytra-Garðshorni eru Hjalti Viðar sonur Hjalta og Önnu og kona hans Hildur Birna Jónsdóttir. Þau keyptu jörðina 2001

Athugasemd um hús.

Eftir að Hjalti Haraldsson var tekinn við búi í Ytra-Garðshorni byggði hann við íbúðarhúsið u.þ.b. helmings stækkun, viðbygging áföst norðurhlíð hússins. Þá var settur riskvistur upp úr þakinu og byggður forstofuinngangur með risþaki. Nú um þessar mundir er verið að einangra húsið að utan í timburgrind og fyrirhugað að klæða það með bárujárn. Einnig hefur verið skipt um glugga en þeir halda upphaflegu útliti sínu.



Athugasemd um umhverfi húss.

Norðan við húsið er gamall trjagarður og matjurtagarður. Nokkru sunnan við íbúðarhúsið stendur þaklaus súrheysturn hlaðinn úr R-steini. Hann er það eina sem eftir stendur að fjósbyggingum sem þarna voru. Turninn var byggður fyrir 1950.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1921-1958 -1974	Haraldur Stefánsson Anna Jóhannesdóttir	Stefanía Kristín (1912) Friðrikka Vigdís (1915) Jóhannes (1916) Hjalti (1917) Kristinn (1920) Lárus Blómkvist (1925) Fríða Hrönn (1938)
1950-2002 -2000	Hjalti Haraldsson Anna Sölvadóttir	Haraldur Gauti (1946) Jónína (1948) Halldóra Kristín (1950) Sölvi Haukur (1952) Jón Ragnar (1955) Anna Sigríður (1960) Solveig María (1946) Hjalti Viðar (1966)
1977-2000 1989-2000	Jón Ragnar Hjaltason Dóra Kristín Kristinsdóttir	Silja Dröfn (1988) Sonja Björk (1990)
2001 og enn	Hjalti Viðar Hjaltason Hildur Birna Jónsdóttir	Kjartan (1989) Jón Bjarni (1994) Daníel Máni (2002)

Syðri-Grund (Blakksgerði) íbúðarhús 1934 (fastanúmer: 215-6063 / Landnúmer: 151983).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Jón Þorsteinsson og ábúandi er Sigrún Sigurðardóttir. Tún 4,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 130 hestburðir. Áhöfn 7 kýr, 46 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 2 kvenmenn, 1 unglíngur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1935 úr járnbentri steinsteypu, ein hæð og ris og kjallari, pappa og járnþak. Stærð: 9,0 x 8,0 x 7,5 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (Virðing í mars 1935. eigandi Jón Þorsteinsson).

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris með borða og pappapaki klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum í fjögur herbergi og stigagangi.eð uppgöngu á hæðina. Aðalhæð skipt (að endilöngu með steinskilrúmi, þverskilrúm úr timbri) í fjögur herbergi. Tvöfalda forstofu og uppgöngu á rishæð. Rishæð óinnanbyggð. Stærð: 9,0 x 8,0 x 8,65 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985.

Gamalt íbúðarhús steinsteipt járnþak. Notað sem sumarhús. Eigandi Anna Jónsdóttir. Stærð: 8,0 x 9,0 x 5,5 m.

Stutt saga húss.

Blakksgerði byggði fyrstur Baldvin Jóhannsson 1898 og hafði þar ekki áður býli verið. En Örnefnið Blakksgerði kemur fyrir í svarfdælu. Þar er sagt á einum stað að Þorsteinn svörfuður hafi látið heygja sig miður á melnum gegnt Blakksgerði. Jón Þorsteinsson kom í Blakksgerði, sem hann fékk breitt í Syðrigrund, 1926. Hann átti forgangsrétt að kaupum á þriðjungi Grundar til 1925 og notfærði sér þann rétt. Gamli bærinn á Syðribrund brann 1934 og var Jón fyrir allmiklu tjóni. Þó gat hann komið sér upp litlu steinhúsi á nýju bæjarstæði, og stendur það enn. Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu. Kjallari, ein hæð og ris með borða og pappapaki klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum. Aðalhæð skipt að endilöngu með steinskilrúmi, þverskilrúm úr timbri. Rishæð. Jón bjó meðalbúi ásamt konu sinni Sigrúnu Sigurðardóttur til æviloka, en hann féll frá 1939 en Sigrún bjó áfram eftir lát mans síns á Syðrigrund fram undir 1957, en flutti þá til dóttur sinnar á Akureyri. Eftir lát hennar 1972 eignuðust börn hennar jörðina og húsið og er það notað sem sumarhús.



Athugasemd um hús.

Engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu frá upphafi en því er vel viðhaldið.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1939	Jón Þorsteinsson	Sigurður Friðrik (1914)
-1957	Sigrún Sigurðardóttir	Þorsteinn (1916)
		Kristinn Karl (1918)
		Anna Jónína (1920)
		Sigríður Dagmar (1922)
		Þorbjörg Friðrika (1921)
		Júlía (1924)

Grund gamla hús 1934

(Fastanúmer: 224-0639 / Landnúmer: 151914).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Þorsteinn Jónsson og ábúandi er Stefán Björnsson. Tún 4,5 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 145 hestburðir. Áhöfn 5 kýr, 61 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 2 kvenmenn, 1 unglingur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr járnbentri steinsteypu, ein hæð með risi, járnþak. Undir 22 m² hússins er steinsteyptur kjallari. Stærð húss: 8,5 x 8,0 x 4,0 m. geymsluhús úr timbri 1 stofa og 2 herbergi. Járnþak. Stærð: 10,7 x 4,4 x 3,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (Virðing í apríl 1935 eigandi Þorsteinn Jónssonar).

Íbúðarhús byggt úr járnbentri steinsteypu ein hæð með valmaþaki úr borðum pappa klætt bárujárni. Undir 22 m² hæðarinnar er kjallari óinnanbyggður, notaður til geymslu. Hæðinni skipt með timburskilorúmum í 7 herbergi og tvöfalda forstofu allt að fullu frágengið. Ris óinnanbyggt notað til geymslu. Stærð: 8,5 x 8,0 x 5,75 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í okt. 1943 eigandi Stefán Björnsson).

Áfast íbúðarhúsi og gamalli baðstofu er byggt geymsluhús úr timbri og torfi, ein hæð lógt ris með bárujárnsþaki á langböndum. Í öðrum enda hússins er afþiljað eitt íbúðarherbergi með steinsteyptu gólfi að stærð 3,15 x 3,25 m. Að öðru leyti er húsið óinnanbyggt. Torfgólf og ekkert loft. Stærð: 10,2 x 4,5 x 3,0 m.

Stutt saga húss.

Svarfdæla segir frá Þorsteini svörfuði úr Naumudal í Noregi. Er nam land í vestanverður Svarfaðardal og bjó á Grund. Sturlunga segir frá því að Tumi yngri Sighvatsson hafi fengið Grund til ábúðar 1239, en varla hefur hann búið þar mena eitt eða tvö ár. Næst er getið um Grund í testamentisbréfi Þorsteins lögmanns Eyjólfssonar á Urðum, sem gert er á Hólum 1386, en þar kallar Þorsteinn Grund sína bestu hörð norðanlands og skipar þar kristfé. Jón Arason biskup kaupir Grund fyrir 1540 og afsalar hanni til dóttur sinnar Þórunni. Valdsmenn konungs kúguðu Grund af henni 1551, en þó mátti hún hafa Grund að léni á meðan hún lifði. Hún dó 1993. Varð Grund síðan konungsjörð og seinna landsjóðsjörð, þar til Sigurður Halldórsson keyptu hana um 1903, en niðjar hans og venslamenn áttu jörðina síðan allt til 1926. Stefán Björnsson bjó á Grund ásamt konu sinni Dagbjörtu Ásgrímsdóttur frá 1933. Í hans tíð þar hrundi bærinn á Grund og jarðskjálftanum mikla 1934. Byggði hann þá nýtt íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu ein hæð með valmaþaki úr borðum pappa klætt bárujárni. Undir 22 m² hæðarinnar er kjallari óinnanbyggður, notaður til geymslu. Hæðinni skipt með timburskilorúmum. Ris óinnanbyggt notað til geymslu. Þau Stefán og Dagbjört bjuggu á Grund til 1960, en brugðu þá búi og fluttu til Dalvíkur. Af þeim keypti Þórhallur Pétursson Grund og flyst þangað ásamt sambúðarkonu sinni



Rósfríði Eiðsdóttur 1961 og býr þar góðu búi, í félagi við bróður sínum Sigmari, til 1973 er hann selur jörðina og flytur til Akureyrar. Haraldur Hjartarson keypti Grund og hóf þar búskap 1973, fyrst í félagi við Frímann Hallgrímsson mág sinn og konu hans Þrúði Krístrúnu Hjartardóttur, en 1975 keypti hann hlut þeirra í jörðinni. Haraldur bjó ásamt konu sinni Guðríði Jósefínu Þorsteinsdóttur á Grund til 1986 en þá bregður hann búi og selur jörðina núverandi eigendur þeim Friðriki Þórarinssyni og Sigurbjörgu Karlsdóttur.

Athugasemd um hús.

Grundarhúsið var óbreytt til 1967 en þá er byggt vestan við það álma á steiptum grunni, timburgrind, klætt albesti og einangruð og þiljuð innan. Risþak úr borðum og pappa klætt bárujárni. Eftir að Friðrik og Sigurbjörg flutti í nýtt íbúðarhús sem þau byggðu skammt fyrir austan gamla húsið 1996 hefur gamla Grundarhúsið þjónað sem geymsla og hýsti hænur um tíma. Ekkert hefur verið gert til að halda því við og er það óupphitað.



Athugasemd um umhverfi húss.

Gömul reynitré standa sunnan við gamla Grundarbæinn en enginn girðing sem afmarkar garð.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1933-1965	Stefán Björnsson Dagbjört Ásgrímsdóttir	Þorsteinn Svörfuður (1937) Jóhannes (1940) Anna Sigurlaug (1947) Björn Runólfur (1948) Sigurlaug (1952)
1960	Í eyði	
1961-1973	Þórhallur Pétursson Rósfríður Eiðsdóttir	Krístrún (1950) Valgeir Stefán Sverrisson (1960) fóstursonur
1961-1973	Sigmar Pétursson	
1973-1986	Haraldur Hjartarson Guðríður Jósefína Þorsteinsdóttir	Þorsteinn Júlíus (1962)
1973-1975	Frímann Hallgrímsson Þrúður Krístrún Hjartardóttir	
1986 og enn	Friðrik Þórarinsson Sigurbjörg Karlsdóttir	Karl Heiðar (1985) Atli Þór (1991) Anna Kristín (1994)

Jarðbrú íbúðarhús 1936 (Fastanúmer: 215-5891 / Landnúmer: 151955).
hlaða 1949 (Fastanúmer: 215-5889 / Landnúmer: 151955).
fjós (hesthús) 1950 (Fastanúmer: 215-5891 / Landnúmer: 151955).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Jón Jónsson. Tún 7,2 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 240 hestburðir. Áhöfn 6,5 kýr, 61 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr járnbentri steinsteypu á kjallara, ein hæð ris, járnþak. Stærð: 7,8 x 7,2 x 5,0 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í okt. 1936. eigandi Jón Jónsson)

Íbúðarhús úr járnbentri steinsteypu, kjallari, ein hæð og ris með bárujárnþaki á langböndum. Kjallara skipt með steinsteypuskilrúmum í fjögur herbergi og gang. Uppganga á aðalhæð úr einu herberginu. Steingólf. Hæðinni skipt með steinsteypuskilrúmum í finn herbergi og tvöfalda forstofu. Innanbyggt að fullu, málað og veggfóðrað. Timburgólf. Stærð: 7,8 x 7,2 x 5,8 m.

Jarðbrú íbúðarhús 1936. þáverandi eigandi. Halldór Jónsson.

Íbúðarhús byggt úr R-steini á steinsteypum kjallara, ein hæð með bárujárnþaki. kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í eitt íbúðarherbergi, verkfærageymslu gang með ketilrými og forstofu. Hæðinni skipt með steinsteypu og asbestskilrúmum í 5 herbergi gang og forstofu allt að fullu frágangið. Stærð: 9,0 x 8,0 x 6,0 m.



Stutt saga húss.

Getið er um Ásbjörn nokkurn á Jarðbrú í Þjóstólfssögu hins hamrama, sem er ung og ómerk og hefur lítið heimildarhildi. Í íslenskum fornbréfum er jörðin stundum nefnd Jarðbrýr, en þar er hennar fyrst getið í testamentisbréfi Bjarna Sturlusonar, gerðu í Möðrufelli 1538. Laust fyrir 1550 verður Jarðbrú eign Hólastóls, en þegar stólsjarðir voru seldar 1802 taldist kaupandi Jarðbrúar þáverandi ábúandi þar Björn Magnússon. Árið 1901 áttu tveir menn Jarðbrú, Jón Björnsson á Hóli og Jón Hallgrímsson, síðar bóndi á Jarðbrú, og varð hann síðar aðaleigandi jarðarinnar,



sem síðan gekk til niðja hans. Jón Jónsson eignaðist Jarðbrú og bjó þar frá 1931 ásamt konu sinni Rannveigu Önnu Sigurðardóttur. Jón var búfræðingur og bjó góðu búi og bætti jörðina og húsakost hennar. Hann byggði íbúðarhús 1936 úr járnbentri steinsteypu með kjallara, ein hæð og ris með bárujárnþaki á langböndum. Kjallara skipt með steinsteypuskilrúmum. Uppganga á aðalhæð úr einu herberginu. Steingólf. Hæðinni skipt með steinsteypuskilrúmum. Innanbyggt að fullu, málað og veggfóðrað. Timburgólf. Frá 1953 bjó Jón í tvíbýli við son sinn Halldór til æviloka en hann dó 1969. Eftir að Halldór og kona hans Ingibjörg Helgadóttir komu að Jarðbrú 1953 byggðu þau við íbúðarhúsið álmu úr R-steini á steinsteypum kjallara, ein hæð með bárujárnþaki. kjallara skipt með steinsteypum skilrúmum í eitt íbúðarherbergi, verkfærageymslu gang með ketilrými og forstofu. Hæðinni skipt með steinsteypu og asbestskilrúmum í 5 herbergi gang og forstofu. Aftur var byggt við

húsið 1975 og fékk þá það útlit sem enn er á því. Halldór og Ingibjörg brugðu búi 1986, seldu Arngrími Baldurssyni og Margréti Ásgeirsdóttur Jarðbrú og fluttu til Akureyrar. Arngrímur og Margrét bjuggu á Jarðbrú í tvö ár og seldu núverandi eigendur, feðgunum Stefáni Hólmi Þorsteinssyni og Þorsteini Hólmi Stefánssyni jörðina 1988. Stefán og kona hans Guðný Aðalsteinsdóttir áttu helminginn af Jarðbrú til 2007 en þá seldu þau Þorsteini syni sínum og konu hans Elínros Sveinbergsdóttur sinn helming en búa enn á Jarðbrú.

Athugasemd um hús.

Skömmu eftir að Halldór byggði við Jarðbrú 1975 var farið í talsverðar endurbætur á eldri hlutum hússins. Skipt var um járn á þaki og það einangrað betur, reykháfur á elsta hlutanum var fjarlægður. Þakstafn var klæddur með timbri til samræmis við þakstafn nýja hlutans. Allir gruggar voru endurnýjaðir og þeim breytt þannig: í elsta hlutanum voru gluggar með einum standandi pósti og tveimur liggjandi póstum sem skiptu gluggunum og sex jafnstór hólfi og í einu hólfinu gjarnan laust fag öðru hvoru megin í efstu röð. Í næstelsta hluta hússins voru gluggar með krosspóstum sem skiptu glugganum í tvö stærri hólfi að neðan og tvö minni hólfi að ofan og gjarnan laust fag í öðru hólfinu að ofan. Í stað þessara glugga voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skipti glugganum í tvö hólfi, annað stæra en hitt langt og mjótt, gjarnan með lausu fagi.



Athugasemd um umhverfi húss.

Snyrtilegur garður er sunnan við íbúðarhúsið með runnum og grasflötum. Skammt norðan við húsið stendur fjós (fastanúmer: 215-5891) sem byggð var 1950 og hlaða (fastanúmer: 215-5889) sem byggð var 1949. Þessar byggingar eru nýttar við hrossarækt.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1931-1969	Jón Jónsson Rannveig Anna Sigurðardóttir	Halldór (1931) Jón Þórir (1938)
1953-1986	Halldór Jónsson Ingibjörg Friðrika Helgadóttir	Atli Rúnar (1954) Jón Baldvin (1955) Helgi Már (1958) Óskar Þór (1961) Jóhann Ólafur (1964) Inga Dóra (1971)
1986-1988	Arngrímur Baldursson Margrét Ásgeirsdóttir	
1988 og enn	Stefán Hólm Þorsteinsson Guðnú Aðalsteinsdóttir	
	Þorsteinn Hólm Stefánsson Jóhanna Elínros Sveinbergsdóttir	Guðný Hólm (1979) Björk Hólm (1987)

Tjarnargarðshorn (Laugahlíð) 1940

(Fastanúmer: 215-5957 / Landnúmer: 195963).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í ágúst 1941. eigandi Jakob Frímansson).

Íbúðarhús byggt 1940 úr holsteini á steinsteyptan kjallara, ein hæð með valmapaki úr borðum og tjörupappa klætt þakhellum. Kjallara skipt með steinsteyptum skilrúmum í 5 herbergi og gang með uppgangi á hæðina. Hæðinni skipt með timbur skilrúmum í 6 herbergi og forstofu. Gólf og loft úr timbri. Stærð: 8,3 x 7,3 x 6,5 m.



Virðingarbækur B.Í. 1985

Íbúðarhús byggt 1940 úr holsteini. Valmapak járnklætt. Stærð: 8,2 x 7,3 x 5,6 m.

Viðbygging byggð 1940 út timbri járnþak: stærð 4,0 x 1,2 x 2,1 m.



Stutt saga húss.

Í guðmundarsögu dúra er getið um Brand Örnólfsson í Garðshorni hjá Tjörn og sagt frá því að honum sinnaðist við Tjarnarbóndann svo mjög að hann vó hann. Þetta mun hafa gerst 1191. Næst finnst Garðshorn á eignarskrá Möðruvallaklausturs frá 1447 og varð síðan Kóngsjörð eftir siðaskiptin, en þvínæst landssjóðsjörð. Það var hún enn 1901, en síðar mun Zóphonías Jóhannsson hafa keypt hana af landssjóði. Zóphonías bjó í Tjarnargarðshorni til 1927 en brá þá búi og flutti til Dalvíkur og seldi Birni Jónssyni á Ytri-Másstöðum jörðina. Björn bjó í Tjarnargarðshorni ásamt konu sinni Guðrúnu Jónsdóttur til 1947. Hann bætti jörðina mikið. Björn seldi Jakobi Frímannssyni framkvæmdastjóra á Akureyri (seinna kaupfélagsstjóri KEA), Tjarnargarðshorn 1941 og fékk Jakob þá nafni þess breytt í Laugahlíð. Strax þar sama árið lét Jakob byggja nýtt íbúðarhús úr holsteini á steinsteyptum kjallara, ein hæð með valmapaki úr borðum og tjörupappa klætt þakhellum. Kjallara skipt með steinsteyptum skilrúmum. Hæðinni skipt með timbur skilrúmum. Gólf og loft úr timbri. Jakob og kona hans Borghildur dvöldu í Laugahlíð á sumrum. Þegar þau Björn og Guðrún flutti úr Laugahlíð komu þangað Jóhannes Haraldsson og Steinunn Guðný Pétursdóttir og tóku við búrekstri þar. Þau bjuggu þar til 1958 en fluttu þá til Dalvíkur og í þeirra stað komu í Laugahlíð Björn Júlíusson og Snjólaug Hjörleifsdóttir og ráku þar búskap til 1968 en fluttu þá til Akureyrar. Snorri Árnason og Rósa Helgadóttir bjuggu í Laugahlíð frá 1968 til 1970 en keyptu þá Velli og hófu þar búskap. Eftir 1970 hefur ekki verið rekinn búskapur í Laugahlíð en húsið verið nýtt fyrir kennara á Húsabakka. Margir kennarar hafa átt þar heima og staðið mislengi við. Svarfaðardalshreppur keypti jörðina árið 1972 af Jakobi Frímannssyni og hefur hluti jarðarinnar verið tekinn undir skipulagða íbúðarbyggð. Dalvíkurbyggð eignaðist Laugahlíð við sameiningu sveitarfélagana 1998 og 2002 *seldi sveitarfélagið* Jóhanni Antonssyni og Svanfríði Ingu Jónasdóttur íbúðarhúsið. Jóhann og Svanfríður áttu húsið þangað til þau seldu núverandi eiganda Hilmari Jóni Bragasyni húsið og þar býr hann nú.



Athugasemd um hús.

Þegar Snorri og Rósa áttu Laugahlið létu þau grafa frá húsinu að norðan og austan og Snorri, sem var múrari, steypti miklar útitröppur með pöllum austan við húsið. Eftir 1990 var farið í miklar endurbætur á húsinu í Lagahlið. Það var einangrað að utan í timburgrind, settur vindpappi á grindina og húsið klætt með steindum krossviði. Skipt var um alla grugga og þeim breytt. Áður voru gluggar með þremur standandi póstur sem skiptu glugganum í fjögur jafnstór hólfi. Sumstaðar var öðru hvoru endahólfinu skipt með þverpósti í tvennt og efra hólfið, minna, með lausu fagi. Árið 2002 eftir að Jóhann og Svanfríður eignuðust húsið létu þau skipta um þak. Reykháfur var fjarlægður og þakið hækkað í miðju um eina 50 cm en er eftir sem áður valmaþak.



Athugasemd um umhverfi húss.

Myndarlegur trjagarður er sunnan við húsið með hávöxnum grenitrjám og sléttri flöt næst húsinu. Allar aðrar byggingar sem voru við húsið hafa verið fjarlægðar fyrir utan reykkofo sem reistur var 1943 og stendur skammt ofan við húsið.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1927-1947	Björn Jónsson Guðrún Jónsdóttir	Pórunn Elísabet (1910) Hallgrímur Ferdinand (1912) Jón Baldvin (1917) Anna Sigríður (1919)
1941-1972	Jakob Frímannsson Borghildur	
1947-1958	Jóhannes Haraldsson Steinunn Guðný Pétursdóttir	Kristinn (1943) Pétur Arnvið (1947) Sigurjóna (1951) Anna (1959)
1958-1968	Björn Júlíusson Pálína Snjólaug Hjörleifsdóttir	Jóhanna María (1934) Hjörleifur Baldvin (1937) Rósa (1938) Sigrún (1940) Júlíus Jón (1942) Jófríður Kristín (1944) Daníel Björn (1946) Árni (1951) Ólafur Örn (1953)
1968-1970	Snorri Guðlaugur Árnason Rósa Helgadóttir	Helga Ester (1961) Árni Þór (1962) Arnar Már (1966) Atli Örn (1968)
	Trausti og Annabára Þórður Guðmundsson og Hólmfríður Arngrímskóttir	

Sundskáli 1929

(Fastanúmer: 215-6233 / Landnúmer: 152011).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959

Sundskáli Svarfdæla 1929. (virðing sept. 1967. eigandi Svarfaðardalshreppur)

Sundlaug, yfirbyggð. Veggir, gólf og þak úr járnbentri steinsteypu. Stærð: 12,75 x 6,7 x 1,5 m. Yfirbygging, þ.e. skálinn. Stærð: 14,0 x 8,65 x 4,4 m.

Í öðrum enda skálans eru svalir úr steinsteypu. Í útbyggingu með öðrum hliðvegg eru þrjú búningsherbergi, miðstöðvarklefi og snyrting með baði og klósetti. Útveggir og skilrúm úr steini. Þak bárujárn á langböndum innan klætt með asbesti. Gólf steinsteipt. Stærð: 14,8 x 2,1 x 2,2 m. Rafurmagnstúba í miðstöð. Rafljós. Heitt vatn leitt í laugina.

Virðingarbækur B.Í. 1985.

Skálinn steiptur í hólfi og gólf. Þakið einangrað og klætt utan og innan 1987. Stærð: 15,1 x 8,7 x 3,4 m.

Búningsklefar byggðir 1987, steinsteiptir, þak járnklætt, skipt í 4 hólfi. Stærð: 18,2 x 5,0 x 2,7 m.

Kjallari steinsteiptir. Stærð: 5,0 x 3,0 x 2,2 m.



Stutt saga húss.(úr sögu Dalvíkur, 3. bindi bl.186)

Það mun hafa verið um áramótin 1923-1924, að Kristinn Jónsson reifað nýstárlega hugmynd við Helga skólastjóra Símonarson og aðra nána samherja. Hann vildi láta koma upp "sundþró" og sundskýli við Tjarnargarðshorn. Í 2.tbl. vekjarans 1924 vekur hann síðan máls á þessu í skeleggri grein, og er þar fyrst dregið á þetta mál á opinberum vettvangi. Kosinn var "sundskálanefnd" á vegur U.M.F.

Svarfdæla í mars 1924. hana skipuðu Kristinn Jónsson, Stefán Hallgrímsson, formaður ungmennafélagsins þá, og Oddný Sigurðardóttir lækni, Jónssonar. Vorið 1924 voru faugarnar við Tjarnargarðshorn athugaðar og mældur hiti þeirra. Kom í ljós, að þær voru 29° - 30,5° heitar og nægilega vatnsmiklar.

Sveinbjörn Jónsson byggingameistari á Akureyri, síðar forstjóri Ofnalmiðjunnar var fenginn til ráðuneytis um byggingu sundlaugaþróar og hvor laugarvatnið í hlíðinni væri nothæft. Taldi hann staðinn ákjósanlegan og önnur skilyrði sæmileg, svo að sjálfsgagt væri að leggja allt kapp á að koma sundþrónni upp. Einnig lagði hann til að þróin yrði yfirbyggð. Kapp ver lagt á að safna í sjóði, unnið að kostnaðaráætlun sundskólans og teikningu. Það verk vann Sveinbjörn byggingameistari, og verður ekki séð, að hann hafi þegið greiðslu fyrir.

Sveinbjörn Jónsson var ráðinn umsjónarmaður við byggingu skálans og ákveðið að fá hann þegar til að velja byggingarstæðið. Samþykkt var að leita eftir gjafavinnu hjá ungmennafélögum. verkstjóri var ráðinn við garðhleðslu og gröft. Rætt var við nýja eigandann í Tjarnargarðshorni um byggingu sundskálans, einnig skyldi semja við Þórarinn Kr. Eldjárn um dálitla spildu úr Tjarnarlandi í sama skyni. Vorið 1927 var grafið fyrir grunnni sundþróarinnar. Mest í sjálfböðavinnu, ekki síst unglina. Um haustið var hún steipt. Arngrímur Jóhannesson í Sandgerði réðst yfirsniður, en þar fór saman verkhyggni og einstakur dugnaður. Undir stjórn hans unnu og að smíðunum Sigurður Jóhannesson frá Hæringsstöðum og Elías Halldórsson undir lokin. Ýmsar breytingar gerði Arngrímur frá því, sem ráð var fyrir gert á teikningu, og stóðu þær jafnan til bóta. Mest eða allt steypuefni var flutt neðan frá Dalvík og þótti úrvalsvara. Sigurður P. Jónsson annaðist þá flutninga að öllu eða mestu leyti á bifreið sinni, Grána, og sat jafnan sjálfur við stýri.

Vorið 1929 hófst vinna á nýjaleik, þá var slegið upp fyrir skálanum. Steinþak átti að vera á skálanum, en slíkt var alls óþekkt í Svarfaðardal, og bætti ekki úr skák, að gluggar áttu að vera á þakinu. Arngrímur smíður var hlutverki sínu svo vel vaxinn, að allt tókst



Þetta með þeim ágætum, að skálinn hefur reynst hið þrýðilegasta hús og svo traust, að hvergi vottaði fyrir skemmdum á honum eftir jarðskjálftana 2. júní 1934. Steypan í lofti var 1 á móti 4, en í byggingunni allri að öðru leyti 1 á móti 6. Járnbinding var óvenjumikil. Allur var skálinn “kústaður” utan og innan, svo og sundstæðið og allt holufyllt “með Medusa-sementsvelling”.

Sundskáli Svarfdæla var vígður og opnaður almenningi á sumardaginn fyrsta 29 maí 1929. Fyrst var kennt þar vorið 1930.

Sundþróin er 12,80 x 6,60 m 2,75 m djúp og sunnan, en grynnt að norðan á 4 metrum og er grynnt 1,80 m. Veggir allir úr járnbentri steinsteypu, og er þykkt þeirra að neðan 0,50 m, en flái á þeim að innanverðu 0,30 m, er því veggþykkt að ofan 0,20 m. Í gólfið er pakkað og steipt þar yfir 0,15 m þykkt. Öll er þróin grafin niður á fastan malargrundvöll. Yfir sundþróna er byggt hús úr járnbentri steinsteypu, 14,90 x 8,10 m (innanmál). Vegghæð þess undir ris er 2,50 m og risið 2 m. Þykkt stafna er 0,20 m, en hliðveggja 0,10 m. Í hvorum hliðarvegg eru 4 máttarstoðir, og standa þær 0,10 m inn úr veggnum. Auk máttarstoðanna eru steiptar sama konar stoðir veð bæði austurhorn hússins til þess að fá betra samræmi og svið á bygginguna. Í sambandi við máttarstoðirnar eru steiptar 4 þaksperrur, lg er steypan í þeim og máttarstoðunum sérstaklega mikið járnbent. Á þakinu eru 4 gluggar og strompar. Gluggar eru 4 á austurhlið skálans og þrír á suðurstaftni. Við vesturhlið skálans er steiptur skúr jafnlangur, 2,15 m breiður, með steiptu gólfi. Skúrnum er skipt um þvert með 4 steinskilrúmum í 5 klefa: 3 búningsklefa, 1 baðklefa fyrir heit og köld steypiböð og 1 geymsluklefa. Við hann er afþiljað salerni.

Athugasemd um hús.

Sundskálinn var tekinn til gagngerar lagfæringar 1986 – 88. Það má segja að hann hafa gengið í endurnýjun lífdaga eftir nokkurt niðurlægningartímabil svo tvísýnt þótti um að gerlegt væri að hressa hann við aftur. Gerðar voru heildarumbætur á honum. Gömlu búningsklefarnir voru fjarlægðir. Byggðir voru nýir og fullkomnir búningsklefar við Skálann og komið upp loftræstikerfi í sjálft laugarhúsið til þess að losna endanlega við rakann sem frá öndverðu hefur verið til ana og tjóns byggingunni og gestum hennar. Klætt var upp lost skálans með “herakit-plötur” til hljóðdempunar. Sett var timburgrind ofan á steinþakið, einangrun sett í grindina og pappi yfir og klætt yfir alltsaman með bárujárni. Settir voru plastkúplar yfir þakgluggana og loftræstistrompar tveir, sem voru frá upphafi, voru fjarlægðir. Allir gluggar voru endurnýjaðir og þeim breytt þannig að áður voru gluggar á austurhlið og tveir á suðurstaftni þannig að þeim var skipt með tveimur standandi póstur og einum liggjandi í stærri hólfi að neðan og minni að ofan. Einn stór gluggi að suðurstaftni var þannig að honum var skipt með þremur standandi póstur og tveimur liggjandi póstum sem skiptu glugganum í fjögur jafnstór hólfi efstu röð og átta stærri hólfi þar fyrir neðan. Settir voru í staðinn á austurhlið og tveir á suðurstaftni, gluggar með einum standandi pósti sem skiptu glugganum í tvö jafn stór hólfi. Stóri stafnglugginn er með einum krosspóstum sem skipta glugganum í fjögur jafn stór hólfi.

Skálinn var allur einangraður að utan með upplímdu froðuplasti, á það var strekkt netgrisja og smurt yfir þunnt akril-lag.

Sundskálinn var endurvígður og tekinn formlega í notkun eftir þessar endurbætur 22. febrúar 1988. Björn Þórleifsson, skólastjóri á Húsabakka og þáverandi oddviti sveitastjórnar, sá um eftirlit með framkvæmdunum. Hönnuður var Haukur Haraldsson arkitekt, byggingarmeistari Rúnar Búason, múrverk Júlíus Viðarsson, raflagnir Haraldur Guðmundsson, pípulagnir Birnir Jónsson og Kristinn Jónsson, málrameistari Einar Arngrímsson.



Gullbringa 1921

(Fastanúmer: 215-6136 / Landnúmer: 151996).

Fasteignarmat 1940

Eigandi Þórarinn Kr. Eldjárn og ábúandi er Guðmundur Guðmundsson. Tún 2,3 hestburðir, heldur bratt og sumt grýtt. Töðufall 5 síðustu ára um 88 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 35 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, framhús byggð 1921 úr timbri á 3 vegu, kvistur járnþak. Stærð: 6,5 x 3,0 x 3,0 m.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. Framhús 1921. (virðing apríl 1934. eigandi Kristján Þ. Eldjárn).

Framhús aðskilið frá baðstofu með 1.m þykkum torfvegg, en þrjár hliðar úr timbri, ein hæð og ris með kvisti. Járnþak. Hæðinni skipt í þrennt með timburskilrúmum innanbyggð að hálfu leyti. Stærð: 6,5 x 3,0 x 3,3 m.

Geymsluhús (Arngrímsstofa). Torfveggir á tvo vegu og timbur á tvo. Ein hæð veð risi, torfþak á röftum. Skipt í tvö herbergi með timburskilrúmi annað herbergið þiljað. Loft á bitum. Stærð: 5,3 x 3,0 x 3,3 m.



Gullbringa 1921. þáverandi eigandi Kristján Þ. Eldjárn. Hús byggt á steinsteyptum grunni. Timburgrind borðaklædd skipt með timburskilrúmum í 2 herbergi og gang. Þak timburklætt bárujárnþak. Stærð: 3,2 x 2,8 x 4,0 m.

Áfast byggt úr asbestplötum á timburgrind hallandi bárujárnþak. Stærð: 2,8 x 5,0 x 2,5 m.

Sambyggt framhúsi er hús byggt úr timbri. Þak úr borðum járnklætt skipt í tvö herbergi stofu alþiljað og geymslur inn og gang. Áfast stafhlið B er byggður skúr úr timbri með bárujárnþaki á langböndum moldargólf. Stærð: 3,9 x 4,0 x 2,5 m.



Stutt saga húss.

Árið 1712 er Gullbringa talin forn eyðihjáleiga frá Tjörn, þar sem staðarfjórðingur voru þá. Jór í eyði fyrir eða um 1972, en var fyrst byggð upp fáum árum áður, líklega eftir miðja 17. öld. Gullbringa vað í eyði mestalla 18. öld, en stopul byggð hófst þar á öðrum tug 19. aldar og hélst með litlum hléum til 1947, er

land Gullbringu var aftur sameinað Tjörn, en þaðan var það í öndverðu. Sigurður Benedikt Jóhannsson og kona hans Þorbjörg Þórarinsdóttir bjuggu í Gullbringu 1894 -1895, en síðan aftur frá 1903 – 1922. Sigurður stundaði mikið járnsmíði og var snilldarsmiður og verkmaður með afbrigðum. Árið 1921 byggði hann framhús aðskilið frá gömlu baðstofunni með 1.m þykkum torfvegg, en þrjár hliðar úr timbri, ein hæð og ris með kvisti. Járnþak. Hæðinni skipt í þrennt með timburskilrúmum. Fast sunnanvið hið nýja framhús stóð vinnustofa sem Arngrímur Gíslason Málari byggði 1886 og stendur það hús enn (Arngrímsstofa). Hjörleifur Baldvin Jóhannsson og Jóhanna Rósa Jóhannsdóttir bjuggu fyrst í Gullbringu 1897 – 1898 en svo aftur frá 1922 – 1928 en flutti þá til Dalvíkur. Guðmundur Guðmundsson og kona hans Sigurbjörg Hjörleifsdóttir tóku við búi af foreldrum hennar 1928 og bjuggu í Gullbringu með stóran barnahóp til 1947 er þau keyptu Karlsá og fluttu þangað. Eftir það lagðist af búskapur og föst ábúð í Gullbringu en húsið hefur verið notað sem sumarhús upp frá því. Þórarinn Kr. Eldjárn á Tjörn eignaðist hús og land 1947. Kristján Eldjárn sonur Þórarins á Tjörn, seinna þriðji forseti lýðveldisins, eignaðist Gullbringu 195? og notaði sem sumarhús til æviloka 198?. Núverandi eigendur Gullbringu eru Þórarinn og Ingólfur Eldjárn, synir Kristjáns, en þeir keyptu af systur sínum, Ólöfu og Sigrúnu þeirra hlut ??

Athugasemd um hús.

Þegar Kristján Eldjárn tók við Gullbringu var gamla baðstofan á bakvið húsið fjarlægð og í staðinn byggð skúrbygging úr timbri, klædd asbesti. Eftir að börn Kristjáns eignuðust húsið var farið ei

endurbætur á framhúsinu, það rétt að og styrkt og klæðning utan á því endurnýjuð. Bakskúrinn sem Kristján hafði byggt var rifinn og einnig smíðja sem staðið hafði áföst húsinu á norðurgafli. Þegar þeir bræður Þórarinn og Ingólfur eignuðust allt húsið létu þeir byggja nýja álmu áfasta húsinu að norðan, þar sem smíðjan hafði áður staðið.

Athugasemd um umhverfi húss.

Myndarleg trjárækt er nú í kringum Gullbringu og fyrir ofan húsið hafa risið tvö lítil garðhýsi, annað gestahús en hitt baðhús sem er í tengslum við heitan pott sem þar hefur verið fyrir komið. Aftan við húsið þar sem viðbygging Kristjáns stóð, hefur verið komið fyrir timburpalli í skjóli við gamla húsið og nýju viðbygginguna. Börn Kristjáns Eldjárns keyptu landið sem Gullbringa stendur á, at Tjarnarbændum, um 20.660 m², sem hefur verið skipt í þrjár lóðir og hafa nú risið sumarhús á hinum lóðunum tveimur.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1903-1922	Sigurður Benedikt Jóhannsson Þorbjörg Þórarinsdóttir	
1922-1928	Hjörleifur Baldvin Jóhannsson Jóhanna Rósa Jóhannsdóttir	Stefanía Sigurbjörg (1898) Sesselja (1902) Anna Kristín (1904) Hjörleifur Friðrik (1905) druknaði 1923 Freyja (1906) dó í Gullbringu 1925 Gestur (1908) Sigurjón Hólm (1910) Snjólaug (1911) Baldvina Guðlaug (1914)
1928-1947	Guðmundur Guðmundsson Sigurbjörg Hjörleifsdóttir	Haraldur (1920) Sigurrós Lára (1921) Jón Marvin (1922) Leifey Rósa (1924) Guðmundur (1925) Anna Freyja (1926) Hjörleifur Bjarki (1928) Guðrún Hulda (1930) Gestur (1931) Ragnar (1933) Snjólaug Bára (1936) Vilhelm Jónatan (1937) Aðalheiður (1940)
1947- 195?- 198?	Þórarinn Kristjánsson Eldjárn Kristján Eldjárn Þórarinsson Ólöf Eldjárn Kristjánsdóttir	
198? Og enn	Þórarinn Eldjárn Kristjánsson	
198?	Sigrún Eldjárn Kristjánsdóttir	
198? Og enn	Ingólfur Eldjárn Kristján	

Arngrímsstofa 1883

(Fastanúmer: 215-6135 / Landnúmer: 217463).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. Framhús 1921. (virðing apríl 1934. eigandi Kristján Þ. Eldjárn). Geymsluhús (Arngrímsstofa). Torfveggir á tvo vegu og timbur á tvo. Ein hæð veð risi, torfþak á röftum. Skipt í tvö herbergi með timburskilrúmi annað herbergið þiljað. Loft á bitum. Stærð: 5,3 x 3,0 x 3,3 m.

Stutt saga húss.

Úr bók Kristjáns Eldjárn um Arngrím Gíslason, málarí bl. 33.

Eftir að hafa lýst húsakinum í Gullbringu þegar Arngrímur Gíslason kom þangað til að setjast þar að segir Kristján:

“Eitt hefur Arngrímur áreiðanlega strax séð í hendi sér: Í þessum bæ var lífsins ómögulegt fyrir hann að stunda málaralist sína. Það voru mikil viðbrigði frá Völlum, þar sem var nýleg og ágæt timburkirkja sem hann notaði óspart fyrir vinnustofu, sem ekki heldur var tiltökumál, einkum þar sem hann var þá öðru fremur að mála altaristöflur. Í Gullbringu voru allar slíkar bjargir bannaðar. Arngrímur hefur gert sér ljóst áður en hann fluttist í Gullbringu að þetta væri óviðunandi, og annað ráð var þá reyndar ekki til en að



byggja sérstakt hús, málarastofu, og það gerði Arngrímur. Fyrir sunnan bæinn byggði hann lítið hús sem enn stendur, fyrsta “atelier” sem byggt hefur verið á Íslandi. Málarastofa Arngríms Gíslasonar í Gullbringu er í rauninni timburhús, en hefur verið með torfveggjum til skjóls á þrjá vegu, þ.e. til hliða og að baki, en þilveggur fram á hlaðið. Stofan er 2,40 x 2,50 m að stærð og 2,10 m undir loft. Panelþil er innan um hana alla, lóðréttar fjalir, sem deilast með þverfjöl fyrir neðan miðjan vegg. Loftið er skreytt með listum sem liggja þvers og kruss og skipta því niður í ferkantaða reiti. Á framhlið eru tveir vænir gluggar hlið við hlið, hvor með átta rúðum, 50 x 90 cm að stærð hvor um sig. Bæði dyr og gluggar eru með fagurlega stríkhefluðum umbúningi. Arngrímsstofa er snoturt hús, þótt lítið sé, og þarna hefur arngrímur unað við listir sínar síðustu æviárin og haft næga birtu frá gluggunum góðu meðan dagur var á losti”.

Athugasemd um hús. (tekið að úr upplýsingaplaggi sem hangir í Arngrímsstofu)

“Málarastofan stóð í fyrstunni ein sér lítið eitt sunnan við bæinn. Árið 1912 var byggt nýtt framhús við bæinn og er það eitt ertir af bæjarhúsunum í Gullbringu. Fáum árum síðar var byggt yfir sunnið milli Arngrímsstofu og framhússins og hafa húsin síðan verið sambyggð. Þórarinn Eldjárn afsalaði sér Arngrímsstofu til Þjóðminjasafns Íslands árið 1953. Hinn 21. desember 1982 samþykkti bankaráð Seðlabanka Íslands eftirfarandi bókun: “Bankaráð og bankastjórn Seðlabankans samþykkja að heiðra minningu dr. Kristjáns Eldjárn, fyrrverandi forseta Íslands, með því að kosta endurbyggingu svonefndrar Arngrímsstofu að Gullbringu í Svarfaðardal”.

Húsið var endurgert sumarið 1983. Smiðir hússins voru Kristján Hjartarson frá Tjörn og Björn Björnsson undir stjórn Braga Jónssonar, húsasmíðameistara. Var verkið unnið samkvæmt teikningu og eftir leiðsögn Hjörleifs Stefánssonar arkitekts”.



Tjarnarkirkja 1892

(Fastanúmer: 215-6134 / Landnúmer: 151995).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (virðing fór fram 2.des.1932)

Timburkirkja á hlöðnum og spekkuðum steingrunni með forkirkju. Loft er aðeins í forkirkju og eru þar klukkur kirkjunnar en aðalkirkjan og með bogahvelfingu. Kirkjan er máluð utan og innan en farin talsvert að fyrnast. Stærð aðalkirkju: 9,0 x 5,2 x 5,5 m. Forkirkja: 1,8 x 2,6 x 4,6 m.



Stutt saga húss.

Tjarnarkirkju og Svarfaðardal er getið í Auðunarmáldaga frá 1318 og er þar sögð helguð Maríu guðsmóður, Mikjáli erkiengli, Jóhannesi skírara og Andrésí postula. Kirkjan, sem nú stendur, var vígð á hvítasunnudag árið 1892 en hún leysti af hólmi litla 40 ára gamla torfkirkju á Tjörn. Fyrir kirkjubyggingunni stóð Kristján Eldjárn Þórarinsson. Prestur og bóndi á Tjörn. Yfirsniður kirkjunnar var Jón Stefánsson á Dalvík en með honum unnu að kirkjusmíðinni þeir Gísli Jónsson á Hofi, Jón Þórðarson frá Hnjúki og Baldvin Jóhannsson frá Steindyrum. Tjarnarkirkja er timburhús og í forkirkjunni eru tvær klukkur frá því um 1700. Kirkjan skekkist á grunni sínum í kirkjurokinu mikla árið 1900 en hún þykir hafa fengið einstaka náð skaparans því nokkru síðar færðist hún aftur á stað sinn í norðan hvassviðri. Steindir gluggar é suðurhlíð kirkjunnar eru frá árinu 1961 og eru eftir Valgerði Hafstað myndlistarkonu.



Athugasemd um hús. (tekið úr "greinargerð um endurbætur á Tjarnarkirkju á Svarfaðardal árið 1992" sem Hjörleifur Stefánsson Arkitekt skrifaði í bækling sem gefinn var út í tilefni af 100 ára afmæri kirkjunnar).

Sumarið 1991 var farið að huga að undirbúningi að aldarafmæli Kirkjunnar. Ljóst var að nála þyrfti húsið utan og innan og svo virtist sem minniháttar lagfæringar væri þörf á klæðningum úti og inni. Aðeins voru um 10 ár liðin frá því að gert var við kirkjuveggina og undirstöður, og var gengið út frá því að burðatvirki hússins væri í góðu lagi. Við athugun kom í ljós að húsgrindin var mjög mikið skemmd af fúa. Í ljós kom einnig að nauðsynlegt var að endurnýja þurfti undirstöður allar.



Þrjú sjónarmið réðu miklu um viðgerð kirkjunnar. Í fyrsta lagi var ákveðið að tekið skyldi mið að upprunalegri gerð kirkjunnar að sem flestu leyti. Í öðru lagi að byggingarefni kirkjunnar skyldi ekki endurnýjað umfram það sem þörf krafðist. Í þriðja lagi að endurbæta skyldi augljósa tæknilega ágalla, enda þyrfti það ekki að breyta ásýnd hússins.

Öll klæðning var tekin utan að húsinu, nokkuð þurfti að endurnýja að klæðningunni. Lóðrétt böndin, sem klæðningin er felld í, voru öll endurnýjuð, en hornböndin eru þau sömu og áður. Gert var við húsgrindina við jafnsveru efni og fyrir var í grindinni. Margar stoðir voru endurnýjaðar að ollu leyti og allt fótstykkið. Nýjar undirstöður voru gerðar í líkingu við þær upphaflegu. Steinsteyptur ranni var gerður ofan á gömlu steinpúkki, sem eru undir kirkjunni. Ofan á rammanum er hlaðinn blágrýtissökkull, sem bundin er steinsteypu að innan. Gluggar á vesturgafli kirkjunnar voru allir af upprunalegri gerð. Smíðaðir voru nýir gluggar í alla kirkjuna og voru þeir nú geirnegldir á hornum og

samsetningar allar eins og tíðkaðist árið 1892. Stríkaðir póstar eru í gluggum kirkjuskipsin og gluggarammar.

Viðgerð Tjarnarkirkju var að mestu leyti í umsjá Rúnars Búasonar trésmiðs á Dalvík. Helgi Sigurðsson frá stóruökrum í Skagafirði hlóð sökkulinn. Einar Arngrímsson málarameistari á Dalvík annaðist málningarvinnu nema hvað Jón Svanur Pétursson málarameistari í Stykkishólmi annaðist eikarmálningu, Hjörleifur Stefánsson arkitekt Húsafriðunarnefndar ríkisins sagði fyrir um viðgerðina.

Athugasemd um umhverfi húss.

Í kring um kirkjuna er kirkjugarður með timburgirðingu í kring og sáluhlið úr jární. Vestan við garðinn er malar bílaplan og frá því, sunnan við garðinn malar göngustígur.

Tjörn íbúðarhús 1932
fjós 1946

(Fastanúmer: 215-6123 / Landnúmer: 151994).
(Fastanúmer: 215-6121 / Landnúmer: 151994).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Þórarinn Kr. Eldjárn. Tún 11,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 380 hestburðir. Áhöfn 8 kýr, 141 kindur og 5 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 3 karlmenn, 2 kvenmenn og 4 hross. Fjöldi fólks á heimili er 11 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1931 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð, port og ris. Kjallari, jarnþak. Niðri hæð vöndur en efri hæð lakari. Stærð: 13,0 x 9,0 x 7,5 m.

Fjós fyrir 10 kýr steinsteyppt með jarnþaki allgott.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 (virðing okt. 1950, eigandi var Þórarinn Kr. Eldjárn)

Íbúðarhús byggt úr jarnbentri steinsteypu. Kjallari ein hæð port og ris með 2 kvistum þak úr borðvið og pappa klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum í 8 herbergi og gang með uppgöngu á aðalhæð. Hæðinni skipt með steinsteypu og masonite skilrúmum í 9 herbergi forstofu og gang. Lofthæð skipt mið timbur skilrúmum í 9 herbergi forstofu og gang. Báðar hæðir frágengnar og fullnægjandi til íbúðar. Gólf aðalhæðar og kjallara úr jarnbentri steinsteypu. Stærð: 13,0 x 9,0 x 8,6 m



Virðingarbækur B.Í. 1989.

Íbúðarhús steinsteyppt, jarnklætt þak. Endurnýjað mikið 1988. Skipt um þak, sperrur og jarn og einangrað og klætt utan með timbri. Skipt um glugga. Stærð: 13,0 x 9,0 x 2,3 m.
Hæð: 13,0 x 9,0 x 2,8 m. Kjallari: 13,0 x 9,0 x 2,3 m.
Andyri: 2,45 x 2,0 x 2,7 m.

Stutt saga húss.

Ekki er Tjörn nefnd í Landnámabókum, en í Valla-Ljóts sögu er getið um feðga tvo, sem ættu að hafa búið á Tjörn um 1000, Þorsstein og son hans Eyjólf. Í Guðmundar sögu dýra er sagt frá Sumarliða Ásmundssyni bónda á Tjörn, frænda Guðmundar dýra. Af frásögninni er ljóst að kirkja hefur verið komin á Tjörn fyrir 1190. Hennar er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá 1318. Ýmislegt skýtur upp kollum um eignarhald á Tjörn á fyrri öldum. Í Sigurðarregistri frá 1525 er Tjörn talin beneficium og var það fram til 1916, en þá keypti séra Kristján Eldjárn Þórarinsson jörðina. Þórarinn Eldjárn, sonur séra Kristjáns, og kona hans Sigrún Sigurhjärtardóttir tóku við búi á Tjörn af föður Þórarins 1913. Þórarinn átti jörðina eftir föður sinn og bætti hana mikið að ræktun og húsakosti, íbúðarhús 1931, en áður var þar torfbær. Húsið byggt úr jarnbentri steinsteypu. Kjallari ein hæð port og ris með 1 kvisti, þak úr borðvið og pappa klætt bárujárn. Kjallara skipt með steinsteypu skilrúmum, hæðinni skipt með steinsteypu og masonite skilrúmum. Lofthæð skipt mið timbur skilrúmum. Gólf aðalhæðar og kjallara úr jarnbentri steinsteypu. Þórarinn og Sigrún stóðu fyrir búa á Tjörn til 1959 þegar Sigrún lést, síðustu árin í sambýli við Hjört Friðrik Eldjárn son sinn og Sigríði Hafstað Árnadóttur konu hans, sem síðan tóku við allri jörðinni. Hjörtur keypti jörðina af föður sínum 1962 og stóð fyrir búi á Tjörn til 1990 þegar hann seldi



syni sínum Kristjáni Eldjárn jörðina með allri áhöfn. Kristján og kona hans, Kristjana Arngrímsdóttur, hafa búið á Tjörn síðan, að undanskildum árunum 2000 -2005 þegar þau dvöldu í Danmörku en þá bjó bróðir Kristjáns, Þórarinn og kona hans Margrét Guðmundsdóttir, á Tjörn. Árið 2010 var íbúðarhúsinu á Tjörn skipt í tvær eignir. Þá keypti Árni, bróðir Kristjáns, rishæð hússin en þar býr nú Sigríður móðir þeirra bræðra.

Athugasemd um hús.

Fljótlega eftir að íbúðarhúsið á Tjörn var byggð var settur stór riskvistur á vesturhlið hússins, upp af útvegg. Á árunum milli 1950 – 1965 var svo bætt við fjórum kvistun upp úr þakfletinum, tveimur hvoru megin þaksins. Árið 1972 var byggður bílskúr með lágu risþaki, áfastur norðurgafli hússins. Um 1985 var byggð inngangsforstofa úr timbri á vesturhlið hússins, með risþaki. Þegar Kristján kom að búinu 1988 var farið í miklar endurbætur á Tjarnarhúsinu. Skipt var um þak, sperrur og járn og þakið einangrað með steinull. Húsið einangrað að utan í timburgrind og klætt utan með liggjandi panel. Skipt var um glugga og þeim breytt lítillga. Gluggar voru ýmist með engum, einum eða tveimur standandi póstum og einum þverpósti. Ofan við þverpóstin var hólfum skipt í þrjár rúður með sprossum. Eftir breytingar var sprossunum sleppt og settar heilar rúður í staðinn. Öður var ekki breytt.

Athugasemd um umhverfi húss.

Gróskumikill trjagarður er sunnan við húsið með greni, birki og aspartrjám. Hlaðinn torfveggur er austan og norðan við garðinn og timburskjólveggur með gleri ofan á honum að hluta. Steinsteypdur pallur er austan við húsið og timburtröppur af honum upp í húsið. Timburpallur er vestan við húsið. Malbikað plan er framan við húsið.

Nokkru sunnan við íbúðarhúsið stendur fjós, byggt 1945 (fastanúmer: 215-6121) sem hætt var að nota sem slíkt 1996, en hefur frá þeim tíma verið notað sem hesthús og geymsla.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1913-1968)	Þórarinn Kristjánsson Eldjárn Sigrún Sigurhjärtardóttir	Þorbjörg (1914) Kristján Eldjárn (1916) Hjörtur Friðrik Eldjárn (1920) Petrína Soffía (1922)
1959-1996	Hjörtur Friðrik Eldjárn Þórarinsson Sigríður Margrét Árnadóttir Hafstað	Árni (1949) Þórarinn (1950) Ingibjörg (1952) Sigrún (1952) Steinunn (1954) Kristján Eldjárn (1956) Hjörleifur (1960)
1990 og enn	Kristján Eldjárn Hjartarson Kristjana Arngrímsdóttir	Örn Eldjárn (1982) Ösp Eldjárn (1985) Björk Eldjárn (1990)
2000-2004	Þórarinn Hjartarson Margrét Guðmundsdóttir	
2010 og enn	Árni Hjartarson	

Helgafell íbúðarhús 1934

(Fastanúmer: 215-5694 / Landnúmer: 151928).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Sigurður Sigurðsson. Tún 6,3 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 212 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 47 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 kvenmenn og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1930 úr timbri á steiptum kjallara, ein hæð og ris, járnþak. Ekki vandað. Stærð: 8,8 x 7,0 x 5,2 m.



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959

Íbúðarhús úr timbri á steinsteiptum kjallara, ein hæð með risi, pappaklætt utan og pappþak. Kjallara skipt í tvennt með steinsteiptu skilrúmi, óinnanbyggður. Hæð skipt með timburskilrúmum í fimm herbergi og tvöfalda forstofu. Ris óinnanbyggt. Stærð: 8,8 x 7,0 x 5,5 m.

Stutt saga húss.

Eðlilegt er að telja Holgafell og Holtskot sama býlið, og er þá Holtskot aðeins undanfari Helgafells. Bæði voru afbýli frá Syðraholti, nokkurn veginn á sömu slóðum. Holtskot stóð þá ekki þar sem Helgafell er nú, heldur um 300 m utar eða um miðja vega milli Syðrahólts og Helgafells. Sáust rústir þess til skamms tíma. Þegar Helgi Sigurðsson settist að á kotinu 1773, hafði það verið í eyði í 15 ár, má gera ráð fyrir að þurft hafi að byggja kofana upp, og þá er líklegt að byggt hafi verið þar sem Helgafell er nú, og síðan hafi býlið fengið nýja nafnið, Helgafell, eftir Helga þessum eða Helga Þorsteinssyni sem á eftir kom eða þeim báðum. Samkvæmt jarðabókinni 1712 hefur Holtskot byggst um 1672. kotið var stopult í byggð í gegnum aldirnar, en samfeld byggð hefur verið í Helgafelli síðan 1864. Lögbýli varð jörðin 1888, er Sigurður Guðmundsson settist þar að, eignaðist býlið og hóf það til nýs og áður óþekkt vegs. Hann vann þar mikið þrekvirki, stækkaði og sléttaði tin við mikil óhægindi og byggði allt upp. Gerði hann Helgafell að sæmilegasta býli. Hann brá búi 1922 en bjó áfram í Helgafelli til 1933. Sonur hans Sigurður, og kona hans Rósa Sigurðardóttir tóku við búi af föður hans og eignuðust hana, enda hafði hann lengi verið stoð og stytta föður síns. Bætti hann jörðina enn á Ýmsa vegu. Hann byggði nýtt íbúðarhús í Helgafelli 1930, úr timbri á steinsteiptum kjallara, ein hæð með risi, pappaklætt utan og pappþak. Kjallara skipt í tvennt með steinsteiptu skilrúmi. Hæð skipt með timburskilrúmum í fimm herbergi og tvöfalda forstofu. Ris óinnanbyggt. Rósa féll frá á besta aldri 1941 eftir að hafa legið rúmföst í 6 ár. Sigurður stóð fyrir búi í Helgafelli til 1951 en þá tók dóttir hans, Aðalheiður og hennar maður Kristján Loftur Jónsson við búinu og bjuggu þar til 1977 en fluttu þá til Dalvíkur. Dóttir þeirra Sólveig og hennar maður Sigtryggur Elinór Jónsson tóku þá við Helgafelli og eru þar enn.



Athugasemd um hús.

Húsið var forskalað um það leiti sem Kristján Loftur tekur við búi 1951. Þá var einnig sett bárujárn á þakið. Að öðru leiti má segja að húsið sé óbreytt að undanskyldu hefðbundnu viðhaldi

Athugasemd um umhverfi húss.

Enginn garður er kringum Helgafell. Öll útihús orðin hrörleg og þarfnast mikils viðhalds ef þau eru ekki hreinlega ónýtt.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1922-1951	Sigurður Sigurðsson Rósa Sigurðardóttir	Soffía (1921) Hallfríður Kristbjörg (1924) Aðalheiður (1925)
1951-1974	Kristján Loftur Jónsson Aðalheiður Sigurðardóttir	Sólveig Jóna (1951) Rósa Sigrún (1954) Guðrún (1957)
1974 og enn	Sigtryggur Elinór Jónsson Sólveig Jóna Kristjánsdóttir	Kristín Sigurhanna (1968) Aðalheiður (1969) Jóhanna Guðlaug (1970) Jón Anton (1973) Kristján Loftur (1982)

Syðra-Holt fjós 1948 (Fastanúmer: 215-6027 / Landnúmer: 151975).
Syðra-Holt hlaða 1948 (Fastanúmer: 215-6027 / Landnúmer: 151975).
Syðra-Holt haughús 1948 (Fastanúmer: 215-6027 / Landnúmer: 151975).

Stutt saga húss.

Í Syðra-Holti standa norðan við íbúðarhúsið fjós, hlaða og haughús sem byggð eru 1948. kúabúskap var hætti í Syðra-Holti upp úr síðustu aldamótun og hafa þessar byggingar verið nýttar í annað en þeim var upphaflega ætlað síðan þá. Nú síðustu ár hafa þau verið notuð í tengslum við hrossarakt sem nú er stunduð í Syðra-Holti. Núverandi eigendur Syðra-Holts eru Anton Páll Níelsson og Inga María S. Jónínudóttir.



Hrafnstaðakot

Íbúðarhús 1934
hlaða 1946

(Fastanúmer: 215-4532/ Landnúmer: 201067).
(Fastanúmer: 215-4530/ Landnúmer: 151360).

Fasteignarmat 1940

Eigendur og ábúendur eru Magnús Jónsson og Tómas Jónsson. Tún 5,5 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 178 hestburðir. Áhöfn 6 kýr, 75 kindur og 2 hross. Fólki og hestafla við heyskap er 3 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglingur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð, ris og kjallari, járnþak. Gólf og skilrúm steipt. Stærð: 9,6 x 8,0 x 5,7 m. Sambyggður skúr af bárujárni á timburgrind. Stærð: 5,1 x 2,6 x 2,4 m..



Virðingarbækur B.Í. 1932-1959 eigandi Magnús Jónsson.

Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og ris. Undir 4 x 3 m. hússins er steinsteyptur kjallari 1,9 m. hár. Hæðinni skipt í finn herbergi og tvöfalda forstofu, allt málað eða veggfóðrað. Rishæðin og innanpíluð. Stærð: 9,6 x 8,0 x 5,7 m. Við íbúðarhúsið er byggður skúr úr bárujárni á timburgrind með járnþaki. Stærð: 5,0 x 2,6 x 2,4 m.

(virðing í nóv. 1944 eigandi Magnús Jónsson).

Geymsluhús byggt á steinsteyptum grunni úr bárujárni á timburgrind. Framhlið úr timbri, ein hæð, port og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Steinsteypt gólf. Timbur loft í 3,8 m. Skipt með timburskilrúmi í 2 geymsluherbergi. Stærð: 6,4 x 3,8 x 4,0 m.



Stutt saga húss.

Jarðabókin frá 1912 nefnir eyðihjáleiguna Aragerði í Hrappsstaðatúni, en þar hafði verið búið á árunum 1672 – 95. Hrappsstaðakot er arftaki Aragerðis, en þó ekki byggt á sama stað. Í Hrappsstaðakoti var mjög stopul byggð á 18. öld enda varla hægt að tala um fasta ábúð þar fyrr en 1823 og hefur hún haldist síðan. Landssjóður átti jörðina, en Jón Jónsson keypti hana 1907. Hann flutti í Hrappsstaðakot 1888 ásamt konu sinni, Guðrúnu Margréti Guðmundsdóttur. Jón afsalaði sér jörðinni í hendur sona sinna Magnúsar og Tómasar 1926, en þau Guðrún áttu þar athvarf til æviloka. Þau dóu bæði 1935. Tómas var vélstjóri og vann á Dalvík en bjó í Hrappsstaðakoti til æviloka 1954. Magnús stóð fyrir búi í Hrappsstaðakoti ásamt konu sinni, Laufeyju Þorleifsdóttur, frá 1926 og átti alla jörðina frá 1950. Magnús hafði gott bú og gerði miklar umbætur á jarðeign sinni m.a. byggði hann þar upp öll hús, því þau hrundu til grunna í jarðskjálftanum vorið 1936. Íbúðarhúsið var í byggingu, þegar jarðskjálftinn kom og eyðilagðist það, sem komið var. Aftur var byggt íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og ris. Undir 4 x 3 m. hússins er steinsteyptur kjallari 1,9 m. hár. Hæðinni skipt í finn herbergi og tvöfalda forstofu, allt málað eða veggfóðrað. Rishæðin og innanpíluð. Við íbúðarhúsið var byggður skúr úr bárujárni á timburgrind með járnþaki. Magnús stóð fyrir búskap á jörðinni til 1967 en þá tók sonur hans, Baldvin, við en gömlu hjónin dvöldu áfram í Hrappsstaðakoti til æviloka. Baldvin rak ágætt bú og síðustu árin eingöngu fjárbú til æviloka. Hann féll frá



2000 og lauk þar með fastri ábúð í Hrappsstaðakoti en útihús og jörð er í eigu og nytjuð af eiganda Hrafnstaða. Eigandi íbúðarhússins er Jónína Magnúsdóttir á Akureyri, systir Baldvins.

Athugasemd um hús.

Íbúðarhúsinu hefur verið vel viðhaldið. Baldvin lét um 1990 einangra það að utan í timburgrind, setja vindpappa á grindina og klæða húsið með trapisu-stáli. Skúr sem er sambyggður húsinu og frá sama tíma, hefur verið breytt í bílskúr.

Athugasemd um umhverfi húss.

Skammt norðan við húsið stendur geymsluhús byggt 1944 á steinsteyptum grunni úr bárujárni á timburgrind. Framhlið úr timbri, ein hæð, port og ris með bárujárnsþaki á langböndum. Steinsteypt gólf. Timbur loft í 3,8 m. Skipt með timburskilrúmi í 2 geymsluherbergi. Þetta hús er óbreytt frá upphafi. Nokkru ofanvið húsið stendur hlöðubraggi (fastanúmer: 215-4530) sem reistur var 1946.



Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1888-1935	Jón Jónsson Guðrún Margrét Guðmundsdóttir	
1926-1954	Tómar Jónsson	
1926-1978	Magnús Jónsson Laufey Þorleifsdóttir	Baldvin (1928) Jónína Þorleif (1929) Guðmundur Tómas (1935)
1967-2000	Baldvin Magnússon	
2000 og enn	Jónína Þorleif Magnúsdóttir	

Hrafnstaðir íbúðarhús 1928
Hlaða (geymsla) 1931

(Fastanúmer: 215-4543 / Landnúmer: 200030).
(Fastanúmer: 215-4546 / Landnúmer: 200030).

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Páll Friðfinnsson. Tún 6,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 175 hestburðir. Áhöfn 7 kýr, 80 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 kvenmenn, 1 unglíngur og 2 hross. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús endurbætt 1934 úr steinsteypu á kjallara, ein hæð, port og ris. 3 kvistir, járnþak. Stærð: 9,3 x 7,8 x 7,5 m. Viðbyggður skúr steinsteypur með járnþaki. Stærð: 2,0 x 3,0 x 4,8 m.

Fjós fyrir 7 kýr járnþakur steinsteypu með járnþaki. Stærð 5,0 x 9,1 x 7,0 m.

Haughús 74 m³ úr steinsteypu með járnþaki og safnþró 25 m³ úr sama efni.

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing apríl 1934. eigandi Páll Friðfinnsson)

Íbúðarhús úr járnþakur steinsteypu, kjallari ein hæð, port og ris með þremur kvistum. Kjallara skipt með þrem steinskilrúmum í sjö herbergi og gang með uppgöngu á aðalhæð. Allt fullgert. Aðalhæð skipt með timburskilrúmum í fjögur herbergi og tvær forstofur, uppgangur úr annarri á lofthæð. Lofthæð skipt með timburskilrúmum í sex herbergi og gang. Báðar hæðir að fullu innanbyggðar, málaðar eða veggfóðraðar. Geymsla á hanabitalosti. Stærð: 9,3 x 7,8 x 8,6 m.

Við bakhlið hússins steinsteypur skúr með bárujárnþaki. Stærð: 3,0 x 2,0 x 4,8 m.

Fjós og hlaða sambyggð, áfast íbúðarhúsi úr járnþakur steinsteypu, fjósið með tvöföldum veggjum, en hlaðan með einföldum, altjárnþaki. Stærð fjóss: 5,0 x 9,1 x 4,0 m. Stærð hlöðu: 7,0 x 7,6 x 5,8 m.

Mykjuhús áfast fjósi og þvaggryfja hvortveggja byggt úr steinsteypu. Stærð: 6,5 x 6,1 x 2,5 m.

Stutt saga húss.

Nafn jarðarinnar er ýmist skrifað Hrappsstaðir eða Hrafnstaðir og skaf ekki fullyrt hvort upprunalegra er. Svarfdæla segir að Hrafn Karlsson hafi búið á Hrafnstöðum, en sagnfræðingar munu nú telja þá heimild einskis virði. Fyrsta samtímaheimild um jörðina er í máldaga frá 1480, sem getur þess að þar hafi verið bænhús. Jón biskup Arason eignaðist Hrafnstaði um 1537, en eftir aftöku þeirra Hólaféðga 1550 var jörðin konungs- og landssjóðsjörð þangað til Hallgrímur Sigurðsson keypti hana upp úr



aldamótunum 1900. Hann seldi hana Páli Friðfinnssyni 1925. Páll bjó ásamt konu sinni, Ráðhildi Ingvarsdóttur, góðu búi á Hrafnstöðum og bætti jörðina mikið að húsum og lét brjóta allmikið land til ræktunar. Hann byggði íbúðarhús 1928, úr járnþakur steinsteypu, kjallari ein hæð, port og ris með þremur kvistum. Kjallara skipt með þrem steinskilrúmum, aðalhæð skipt með timburskilrúmum, lofthæð skipt með timburskilrúmum. Geymsla á hanabitalosti. Við bakhlið hússins steinsteypur skúr með bárujárnþaki. Fjós og hlaða frá 1931 er áfast íbúðarhúsi, úr járnþakur steinsteypu, fjósið með tvöföldum veggjum, en hlaðan með einföldum, altjárnþaki. Mykjuhús áfast fjósi og þvaggryfja hvortveggja byggt úr steinsteypu. Páll brá búi og flutti til Dalvíkur eftir fráfall konu sinnar 1944. Anton Baldvinsson og kona hans Lilja Tryggvadóttir fluttu á Hrafnstaði 1944 og bjuggu þar til 1949, brugðu þá búi og fluttu til Dalvíkur. Jónmundur Zóphoníasson frá Hóli, keypti Hrafnstaði af Páli Friðfinnssyni 1946 og bjó þar ásamt konu sinni Stefaníu Jóhönnu Kristinsdóttur frá 1949. Jónmundur bjó góðu búi á Hrafnstöðum til 1980 en þá tók sonur hans, Zóphonías Ingi, við búi þar og eignaðist jörðina 1995. Zóphonías byggði sér nýtt íbúðarhús skammt fyrir utan og ofan gamla hússins. Jónmundur og Stefanía bjuggu áfram í gamla Hrafnstaðahúsinu til 2005 þegar Jónmundur dó þá eignaðist Stefanía húsið. Nú eru það börn þeirra sem eru skráð fyrir eigninni. Friðrika, dóttir Jónmundar og Stefaníu, hefur búið í gamla Hrafnstaðarhúsinu síðan 200?.

Athugasemd um hús.

Íbúðarhúsið skemmdist mikið í jarðskjálftanum 1934 og var þá steipt utan um það. Einhvertíma milli 1975 – 80 var settur lítill kvistur með skúrþaki, milli riskvistanna sem fyrir voru. Við það tækifæri voru gerðar lagfæringar á þaki og reykháfur var fjarlægður. Þá voru gerðar svalir á suðurstafninn út úr rishæðinni beint yfir útitröppum sem þar voru og lokað með plexíglari milli svala og útitrappa. Um svipað leiti var hlaða, sem stóð áföst milli húss og fjóss, fjarlægð.



Athugasemd um umhverfi húss.

Skammt norðan við íbúðarhúsið stendur gamla fjósið (fastanúmer: 215-4546), byggt 1931 úr járnþentri steinsteypu, með tvöföldum veggjum. Það er nýtt sem geymsla í dag.


Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1944	Páll Friðvin Friðfinnsson Ráðhildur Ingvarsdóttir	Kristín Guðrún (1922) Gunnar (1924)
1944-1949	Anton Baldvinsson Lilja Tryggvadóttir	Solveig (1936) Guðlaug Sigríður (1937) Guðrún Soffía (1942) Jóhann Friðrik (1946)
1946-2004	Jónmundur Zóphoníasson Stefanía Jóhanna Kristinsdóttir	Jón Viðar (1947) Hanna Lísbet (1948) Elínborg Kristín (1950) Zóphonías Ingi (1951) Súsanna Oddný 1952) Stefán Jóhann (1954) Friðrikka Þórunn (1955) Ingibjörg Birna (1956) Kristinn Randver (1958) Elva Björk (1959) Árdís Fjóra (1965)
1980 og enn	Zóphonías Ingi Jónmunksson	
200? Og enn	Friðrikka Þórunn Jónmundsdóttir Yrja Mai Hoang (dóttir Heiðísar)	Heiðís Þorsteinsdóttir (1977) Sædís Þ (1979) Hannes Bjarki Þ (1987) Sigríður Þ (1991)

Árgerði íbúðarhús 1947

(Fastanúmer: 215-5333 / Landnúmer: 151787).

Virðingarbækur B.Í. 1932-1959. (virðing í okt 1949. eigandi Daníel Á. Daníelsson).

Íbúðarhús byggt úr steinsteypu á steinsteypum grunni. 2 hæðir með flötu steinsteypu þaki. Neðri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 9 herbergi, forstofu og gang með uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 8 herbergi, forstofu og gang. Allir útveggir múrhúðaðir á kork. Gólf og loft og stigar neðri hæðar úr steinsteypu en loft efri hæðar úr timbri klætt striga. Stigar og gólf efri hæðar korklagt. Báðar hæðir að fullu frágengnar. Stærð: 13,0 x 12,0 x 6,0 m.



Stutt saga húss.

Árgerði var hjáleiga frá Böggvisstöðum og nefnd fyrst í Reikningum Möðruvallaklausturs 1447. Í Jarðabókinni frá 1712 er Árgerði talið byggt fyrir minni manna er þá lifðu. Árgerði varð bústaður héraðslæknis 1908 þegar Sigurjón Jónsson héraðslæknir Svarfdæla settist hér að og rak dálítinn búskap með læknisstörfunum. Þá var í Árgerði nýlegt timburhús sem stóð þar sem núverandi hús stendur. Hann fékk lausn frá embætti 1938 og flutti til Reykjavíkur.



Þegar settur var nýr héraðslæknir var læknisbústaðurinn fluttur til Dalvíkur. Þá kom í Árgerði Ingimar Aðalsveinn Óskarson, hinn kunní náttúrufræðingur, og kona hans Margrét Kristjana Steinsdóttir. Þau bjuggu þar til 1945, en höfðu lítið bú, enda búskapurinn hjáverk. Eftir að þau fluttu burt lagðist búskapur alveg af í Árgerði.

Daníel Ágústi Daníelssyni var veitt embætti héraðslæknis 1944 og flutti til Dalvíkur. Hann vildi endurreisa læknisbústað í Árgerði og keypti jörðina, lét rífa timburhúsið sem þar stóð og reisa í staðinn nýttiskulegt hús. Íbúðarhúsið var byggt 1947, í Funkisstíl, úr steinsteypu á steinsteypum grunni. 2 hæðir með flötu steinsteypu þaki. Neðri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 9 herbergi, forstofu og gang með uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt með steinsteypum skilrúmum í 8 herbergi, forstofu og gang. Allir útveggir múrhúðaðir á kork. Gólf og loft og stigar neðri hæðar úr steinsteypu en loft efri hæðar úr timbri klætt striga. Stigar og gólf efri hæðar korklagt. Húsið er með tveim rúnuðum hornum á efri hæð, tvennar svalir, aðrar eru bogadregnar og liggja meðfram öðru horninu, en hinar ferkantaðar á þaki gróðurskála.



Daníel hannaði húsið sjálfur og lét teikna eftir sínum hugmyndum. Þegar teikningar eru skoðaðar má sjá að húsið hefur ekki verið byggt nákvæmlega eftir þeim. Sagt er að sjómennskan hafi staðið Daníel nærri hjarta og til eru lýsingar eftir hann í ljóðum um siglingar og veðurfar til sjós.

Eldhúsið í Árgerði er hannað þannig að það minnir á brú í skipi með litlum gluggum, sem eru einkennandi fyrir minni báta, úr gluggunum er útsýni út á Eyjafjörðinn. Til hliðar er hringlaga gluggi, með póstum sem skipta glugganum í geira þannig að hann minnir á stýrishjól í skipi. Veggurinn þar sem þessir gluggar eru er bogadreginn sem ýtir enn frekar undir áhrifin.

Daníel hannaði húsið með það í huga að það gæti orðið heilsugæslu húsnæði og hægt að leggja sjúklinga inn. Til þess kom þó aldrei þar sem samgöngur allar við Akureyri bötnuðu svo hægt var að flytja sjúklinga á FSA. Læknastofa Daníels var á neðrihæðinni alla tíð á meðan hann var læknir í Dalvíkurbyggð.

Húsið er þriðji læknisbústaðurinn sem byggður hefur verið í Árgerði. Kona Daníels var Dýrleif Friðriksdóttir, ljósmóðir. Bæði tvö voru virtir og dáðir einstaklingar í Dalvíkurbyggð sem íbúar bera mikinn hlýhug til. Eftir að Dýrleif andaðist 1994 flutti Daníel til Reykjavíkur og andaðist þar 1995.

Ingveldur Bjarnadóttir og Þröstur Einarsson keyptu Árgerði af dánarbúi Dýrleifar og Daníels 1997. Þau hófu endurbætur á húsinu sem fólust aðallega í endurbótum innanhúss og smærri lagfæringum utan húss. Þau breyttu húsinu í gistihús samhliða íbúð sinni og ráku þar ferðaþjónustu meðan þau bjuggu þar. Þau seldu núverandi eigendur, Ari Baldursson og Kolbrún Reynisdóttir Árgerði 2003 og héldu þau áfram rekstri gistihúss í Árgerði fyrstu árin sem þau bjuggu hér. Nú hafa þau aðlagð húsið aftur sem íbúðarhús.

Athugasemd um hús.

Ingveldur og Þröstur hófu endurbætur á húsinu sem fólust aðallega í endurbótum innanhúss og smærri lagfæringum utan húss.

Í alrými og herbergjum á efrihæð, nema stofum og megin svefnherbergi, var rifinn reiðingur úr lofti, einangrað upp á nýtt og settar plötur í loftið. Litlu herbergi var breytt í baðherbergi með sturtu og baðherbergi var breytt í svefnherbergi.

Eldhúsi var breytt, þar var kalt búr rifið og eldhúsið innréttað upp á nýtt. Var sú breyting sennilega stærsta breytingin innanhúss.

Á neðri hæð var inngangi á vesturhlið hússins lokað. Múrað var uppí hurðargatið til hálfis og settur gluggi. Þessari forstofu sem var líka biðstofa á meðan Daníel var starfandi var þá breytt í baðherbergi. Læknastofan var og er nýtt sem dagstofa. Eina breytingin þar var uppsetning á eldhússkápum við einn vegginn og eldhúsvaskur í henni. Nýtingu á geymsluherbergi og kyndikompu var breytt í svefnherbergi. Stóru herbergi var skipt í tvö herbergi og lítinn gang. Handlaugar voru settar inn á öll herbergi á neðri hæð. Þær hafa nú verið fjarlægðar aftur nema í einu herbergjanna. Öll neðri hæðin nema vaskahús var teppalögð. Teppi hefur verið tekið af aftur á gólfi gróðurskála og einu svefnherbergjanna, þar var sett parket en gólfi í gróðurskála á eftir að finna viðeigandi frágang. Í Vaskahúsi var flísalagt gólfið. Þar hafa nú verið settir upp skápar. Forstofu gólf við bakinngang var lakkað.

Breytingar úti: Skipt var um gler í föstum gluggum en ekki tréverk. Opanleg fög eru enn með sömu glerjum og áður. Eins og áður sagði þá var múrað upp í inngang á vesturhlið hússins og þar settur gluggi. Skorsteinn var brotinn niður á þaki og þakið klætt dúk til að stoppa leka. Eru það einu breytingarnar á sjálfu húsinu utanverðu. Skorsteinninn inni í húsinu stendur enn og virkar eins og niðurfall fyrir þakið.

Núverandi ústand: Núverandi múrhúð er úr sér gengin og útveggir lekir. Norðurveggur hússins og suðvestur horn þess eru verst farin. Húsið er einnig illa einangrað sem þyrfti að laga. Gluggar og tréverk í gluggum er í misjöfnu ásigkomulagi og lekur einnig inn með gluggum þegar þannig viðrar.

Athugasemd um umhverfi húss.

Sunnan við íbúðarhúsið í Árgerði er grösugur og fallegur trjagarður með birki- reynitrjám og víðirunnum. Sunnan við húsið er steypur stallur „Sigríðar stallur“ sem Daníel og Dýrleif létu gera svo að fötluð kona sem var heimagangur hjá þeim, ætti auðveldara með að láta fara vel um sig á góðviðrisdögum sunnan undir vegg.



Í kringum 1998 var byggður 60 fm² sólpallur sunnan við húsið. Sigríðar-stallur var látinn halda sér og er sólpallurinn byggður í kringum hann. 2006 var öðrum palli bætt við lengra frá húsinu og tengipallur eða gangstígur á milli þeirra. Þessir pallar eru allri úr tré. Þar hefur einnig verið komið fyrir heitum potti.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1944-1994	Daníel Ágúst Daníelsson , héraðslæknir Dýrleif Friðriksdóttir, ljósmóðir	Guðný (1939) Friðrik (1947) Bjarni (1949)
1995-1997	Guðnú Daníelsdóttir Friðrik Daníelsson Bjarni Daníelsson	
1997-2003	Þróstur Einarsson Ingveldur Bjarnadóttir	
2003 og enn	Ari Baldursson Kolbrún Reynisdóttir	Sigrún Björg (1985) Bjarni (1987) Stefanía Avdersen (1995)
2010-201?	Bjarni Arason Karen Dögg Geirsdóttir	Rósa Lind (2010)

Ásgarður íbúðarhús 1936

(Fastanúmer: 215-5339/ Landnúmer: 151789).

Smábýli sem Guðmundur Jónsson og Sigurlaug Sigurðardóttir reistu 1930. Guðmundur lést árið 1932.

(Saga Dalvíkur III bindi, bl. 288. "Hús á Dalvík um 1936")

Íbúðarhús úr steinsteypu. Tvær hæðir og ris með kvisti. Borða- og pappapak. Neðri hæð skipt með steinskilrúmunum og þrjú herbergi, geymsluklefa og forstofu með uppgöngu á efri hæð. Efri hæð skipt í þrjú herbergi með timburskilrúmunum og gangi – Steinolía notuð til ljósa. Upphitað með kolum.

Stærð, 8,1 x 6,0 x 7,4 m.

Sambyggt fjós og fjárhús, áfast íbúðarhúsinu stærð, 7,0 x 2,5 x 2,0 m. Úr timbri, pappaklætt með torfi yfir.

(Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar)

Tvílyft steinhús, nýbyggt á grunni, gólf og þak úr tré. Þiljað að innan. Húsið eyðilagðist alveg og var rífið til grunna. Íbúar 3. húsráðendur 1) Sigurlaug Sigfúsdóttir ekkja og Fjóra Guðmundsdóttir – mæðgur. 2) Ingimar Óskarsson og Margrét Steinsdóttir.



Fasteignarmat 1940.

Eigendur og ábúendur er Fjóra Guðmundsdóttir. Tún 2,05 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 20 hestburðir. Húsakostur, íbúðarhús byggt 1935 af timbri á grunnur, ein hæð og ris, járnþak. Járnvarðir veggir. Fjögur herbergi og eldhús. Miðstöðvarhitun. Stærð: 11,0 x 7,3 x 3,2 m.

Önnur bæjarhús: Geymsla og gripahús, fjós og hlaða sambyggt. Steinsteypt, ein hæð og ris. Járnþak. (skemmt af jarðskjálfta). Stærð: 8,3 x 7,3 x 3,0 m.

Stutt saga húss.

Guðmundur Jónsson frá Hrappsstaðakoti byggði sér nýbýli á Árskógsströnd sem hann nefndi Ásgarð, flutti síðan austur á Langanes, en kom aftur á heimaslóðir 1929. Var fyrsta árið húsmáður í Árgerði en byggði síðan hús 1931 sunnan Dalvíkur sem hann nefndi líka Ásgarð. Þar bjó hann ásamt konu sinni, Sigurlaugu Sigfúsdóttur, til æviloka 1932. Sigurlaug bjó áfram í Ásgarði eftir lát manns síns. Þá bjuggu þar einnig hjónin Ingimar Aðalsveinn Óskarson, hinn kunnir náttúrufræðingur, og kona hans Margrét Kristjana Steinsdóttir. Nýja húsið í Ásgarði eyðilagðist alveg í jarðskjálftanum 1934, og var rífið til grunna. Þá var hafist handa við að byggja nýtt íbúðarhús úr timbri á grunnur, ein hæð og ris, járnþak. Járnvarðir veggir. Fjögur herbergi og eldhús.



Athugasemd um hús.

Athugasemd um umhverfi húss.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1932-1947	Sigurlaug Sigurðardóttir	Fjóla Guðmundsdóttir
1932-1938	Ingimar Aðalsveinn Óskarson Margrét Kristjana Steinsdóttir	
1938-	Fjóla Guðmundsdóttir	
1971-	Sveinbjörn Guðjónsson Guðrún Laufey Guðjónsdóttir	
?? og enn	Jósef Sigurður Jónsson Hólmfríður Margrét Sigurðardóttir	
2006?-	Janus Þór Valdimarsson	